allt
RÚNAR MATTHÍASSON
*Lamb, lamb og aftur lamb*
• matur • tilboð
Í MIÐJU BLAÐSINS



birta
DAVÍÐ SMÁRI
*Ástfanginn upp fyrir haus*
• grill • pistlar • stjörnuspá
FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT


24. júní 2005 - 168. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## FÖSTUDAGUR

### Segist skila afgangi

Þvert á það sem haldið hefur verið fram kveðst Guðni Ágústsson skila rekstrarafgangi á ráðuneyti sínu.



BAKSVIÐ 22

### Krefjandi púsluspil

Nýlega kom út önnur plata Kippa Kanínus, sem nefnist Happens Secretly. Fyrsta plata hans, Huggun, sem kom út á vegum Tilraunaeldhússins og Eddu fyrir þremur árum, fékk hvarvetna góðar viðtökur.



TÓNLIST 42

### Algjörlega óstöðvandi

Íslandsmeistarar FH unnu sinn sjöunda leik í röð í Landsbankadeildinni þegar Skagamenn komu í heimsókn í Hafnarfjörðinn. Tryggvi Guðmundsson skoraði sitt áttunda mark í deildinni í leiknum og það beint úr aukaspyrnu.



ÍÞRÓTTIR 32

## VEÐRIÐ Í DAG




**VESTLÆG ÁTT** nokkuð stíf sunnan- og vestanlands en heldur hægari annars. Nokkuð bjart austanlands en annars skýjað.

VEÐUR 4






# Vill frysta greiðslur til þeirra sem eyða umfram heimildir

**Ríkisendurskoðun vill harðari aðgerðir gegn stofnunum sem fara langt fram úr fjárheimildum. Fjármálaráðherra hefur efasemdir. Um 120 opinberar stofnanir fóru fram úr fjárheimildum á síðasta ári. Ríkisendurskoðun segir slíkt ástand hvergi tíðkast í þeim löndum sem Íslendingar vilji bera sig saman við.**

**FJÁRHEIMILDIR** Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi leggur til að greiðslur til ríkisstofnana sem fara verulega fram úr fjárheimildum verði frystar þar til gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana, svo sem niðurskurðar í rekstri eða viðbótarheimildar samþykktrar af Alþingi. Hann segir að hugsanlega þurfi að breyta ákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins svo frysta megi launagreiðslur.

Ögmundur Jónasson, formaður BSRB, hefur lýst því yfir að opinberir starfsmenn muni aldrei sætta sig við slíkar aðgerðir og fjármálaráðherra efast sömuleiðis um svo harðar aðgerðir.



GEIR H. HAARDE

„Þetta er ekki raunhæf aðgerð í því umhverfi sem við höfum vanist,“ segir Geir H. Haarde.

„Um þetta gilda ákveðnar reglur. Forstöðumönnunum ber að fara eftir þessum reglum en þær kveða á um hvernig ráðuneyti eigi að bregðast við til aðhalds. Það getur endað með áminningu eða frávikningu forstöðumanns ef sakir reynast miklar,“ segir fjármálaráherra.



SIGURÐUR ÞÓRÐARSON

Geir tekur ekki undir hugmyndir um að Alþingi eða fjárlaganefnd taki að sér aukið eftirlitshlutverk með framkvæmd fjárlaga. „Þarna þarf að hafa í heiðri skilin milli löggjafar- og framkvæmdavalds. Ef misfarið er með heimildir, misfarið með fjárveitingar, misfarið með fé almennings, á Ríkisendurskoðun að grípa í taumana. Og ef um er að ræða ólögmætt athæfi ber að taka á því,“ segir Geir.

Um 120 opinberar stofnanir fóru fram úr fjárheimildum í fyrra og telur Ríkisendurskoðun að stjórnvöld samþykki oft í verki að útgjöld stofnana séu aukin þegar niðurskurður gæti verið óþægilegur í pólítískum skilningi. Þannig sé stofnað til útgjalda en heimilda oft aflað mörgum árum síðar. „Þegar horft er í gegnum fingur við að fjárlögum sé ekki fylgt grefur það undan þeirri virðingu og þeim aga sem þarf að ríkja gagnvart Alþingi og fjárlögum sem það setur. Slíkt ástand tíðkast hvergi í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við,“ segir Ríkisendurskoðun. **- jh**

Sjá síðu 4 og 22



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐUR ÓSK HELGADÓTTIR

**EINMANA MÓTMÆLI** Enn hafa fáir látið sjá sig í alþjóðlegum tjaldbúðum sem til stendur að halda úti á virkjanasvæðinu við Kárahnjúka í sumar.

Mótmæli við Kárahnjúka:

## Sjö mættir á svæðið

**MÓTMÆLI** Fámennt var í mótmælabúðum við Kárahnjúka í gær en að sögn skipuleggjenda mun senn bætast í hópinn.

„Sjö manns hafa komið sér fyrir í tjöldum á virkjunarsvæðinu, nærri fallegum fossi í Sauðá sem fara mun undir vatn. Á næstu dögum mun mótmælendum fjölga. Fram eftir sumri munum við svo standa fyrir mörgum listrænum uppákomum á svæðinu,“ segir Birgitta Jónsdóttir, einn talsmanna mótmælenda.

Birgitta segir að ekki sé ætlunin að fremja lögbrot með því að flytja leyfisskyldan búnað á svæðið, eins og lögregla hefur haft grunsemdir um. **- kk**

Íslensk útgáfa af Live 8 í Reykjavík í næstu viku:

## Stuðmenn og Bubbi stíga á stokk

**ÞRÓUNARHJÁLP** Íslenskir góðgerðartónleikar verða haldnir næstkomandi fimmtudagskvöld í miðborg Reykjavíkur undir nafninu 8 Líf. Tilgangurinn er að vekja athygli á bágri stöðu þjóða þriðja heimsins.

Árni Snævarr, sem starfar nú hjá Sameinuðu þjóðunum í Brussel, hefur haft veg og vanda af skipulagningu tónleikanna og segir hann að grunnurinn sé tryggður með fjármögnun, nú þurfi bara að byggja ofan á hann.

Reykjavíkurborg hefur tekið vel í umleitanir um aðstöðu og fjárstyrki og nokkur helstu stórfyrirtæki landsins hafa einnig verið nefnd til sögunnar. Stuðmenn og Bubbi Morthens hafa nú þegar staðfest þátttöku sína í tónleikunum og segir Árni að margir eigi enn eftir að bætast við.

Tveimur dögum síðar verða síðan svonefndir Live 8 tónleikar haldnir í Hyde Park í Lundúnum og fjórum öðrum borgum til viðbótar.

Jakob Frímann Magnússon stuðmaður sagði það hafa verið sér bæði ljúft og skylt að verða við því að spila á tónleikunum enda málefnið verðugt. Hann segir það nauðsynlegt að knýja ríkisstjórnina til að leggja meira til þróunarmála.

„Ég er nú það gamall að ég man eftir Live Aid 1985 og þá leit heimurinn öðruvísi út, við vorum miklu þröngsýnni og höfðum miklu minna sjálfstraust. Núna höfum við sjálfstraust, það verður bara að gera eitthvað með það,“ bætir Árni Snævarr við að lokum. **- oá**






## SPURNING DAGSINS

*Jóhann, er þér illa við síma?*

„Nei, og ég vil ekki selja hann. En símastaurar eru úrelt fyrirbæri sem eiga ekkert erindi hér lengur.“

Jóhann Sveinbjörnsson er fallbyssumeistari á Seyðisfirði. 17. júní hæfði fallbyssuskot hans gamlan símastaur í bænum.

Fyrrverandi Klu Klux Klan-maður sýndi enga iðrun:

# Fær sextíu ára fangelsisdóm

**FÍLADELFÍA, AP** Edgar Ray Killen fékk í gær sextíu ára fangelsisdóm, tuttugu ár fyrir hvert mannsdrápanna þriggja sem hann var sakfelldur fyrir á þriðjudag. Killen var talinn hafa leitt hóp Klu Klux Klan-manna sem myrtu þrjá baráttumenn fyrir mannréttindum árið 1964.

Sjö af samverkamönnum Killen voru dæmdir fyrir morðin árið 1967, en enginn þeirra sat lengur inni en sex ár. Killen, sem var prestur, var ekki sakfelldur þá þar sem einn kviðdómendanna sagðist ekki geta sakfellt prest.

Killen sýndi engin svipbrigði þegar dómurinn var lesinn upp.

Karlmennirnir sem voru myrtir voru allir í kringum tvítugt. Tveir þeirra höfðu sérstaklega ferðast frá New York til Mississippi til að hjálpa blökkumönnum að skrá sig sem kjósendur.

Morðin á þremenningunum vöktu mikinn óhug í Bandaríkjunum og ýttu undir það að löggjöf sem staðfesti borgaraleg réttindi blökkumanna var samþykkt sama ár. Myndin „Missisippi Burning“ frá árinu 1988 var byggð á atburðunum.

- grs



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**Á LEIÐ Í RÉTTARSALINN** Killen er áttræður og ófær um að ganga.

Hlutafjárútboð Actavis:

## Mikil eftirspurn

**VIÐSKIPTI** Mikil eftirspurn var eftir bréfum sem í boði voru til kaups í forgangsréttarútboði Actavis Group sem lauk í gær.

Alls voru boðnir til sölu rúmlega 543 milljón hlutir á verðinu 38,50 kr. á hlut, eða að andvirði 20,9 milljarðar króna. Alls tóku þátt hluthafar sem eiga 96,1 prósent hlutafjár og óskuðu þeir alls eftir nær 795 milljónum hluta að andvirði 30,6 miljarðar króna. Það samsvarar 46,2 prósenta umframáskrift eftir þeim hlutum sem í boði voru eða 9,7 milljörðum meira en var til sölu.

- hh

# Hundruðum nema synjað um skólavist

**Fjórir framhaldsskólar hafa þegar lokið nýskráningum. Metaðsókn var að Verzlunarskóla Íslands og Kvennaskólinn þurfti að vísa frá yfir helmingi umsækjenda. Nýtt rafrænt skráningarkerfi virðist gefa góða raun.**

**FRAMHALDSSKÓLAR** Álíka margir nýir nemendur sækja um að komast í framhaldsskóla nú og á síðasta ári, en sá árgangur var mjög stór og erfitt var að finna öllum stað í kerfinu. Nokkrir skólar hafa nú þegar lokið öllum nýskráningum, en það eru þeir skólar sem mest ásókn var í og fylltust í fyrstu skráningalotu.

Óvenju mikil aðsókn var að Verzlunarskóla Íslands, en 560 sóttu um hann sem aðalskóla. Af þeim fengu hins vegar aðeins 340 skólavist og rúmlega hundrað fleiri nemendum var vísað frá en í fyrra. Aðrir fimmhundruð nemendur sem valið höfðu skólann til vara áttu því enga von um að komast að. Aðstoðarskólastjóri Verzlunarskólans taldi sennilegt að þetta væri mesta aðsókn í sögu skólans. Á síðasta ári var aðeins um hundrað vísað frá.



**VERZLUNARSKÓLI ÍSLANDS** Sennilega er þetta mesta aðsókn í sögu skólans.

Kvennaskólinn þurfti að vísa frá yfir helmingi umsækjenda. 256 sóttu um skólann sem fyrsta val en aðeins var tekið við 135 nýnemum.

Þegar tekið er tillit til varaumsókna sem skólanum bárust hefur alls 187 umsóknum verið hafnað. Óvenjumargir voru teknir í Kvennaskólann á síðasta ári og því komust færri að í ár.

Menntaskólinn í Reykjavík og Menntaskólinn við Hamrahlíð höfðu einnig lokið nýskráningum í gær.

Rafrænt innritunarkerfi fyrir þá sem voru að ljúka grunnskóla virðist almennt gefa góða raun. Fljótlegt er að senda umsóknir þeirra sem ekki komust inn í fyrsta valskóla yfir á næsta skóla og betri yfirsýn fæst yfir skráningarstöðuna í heild. Einn skólastjórnandi segist þó sakna þess að fá ekki meiri upplýsingar um nemendur, eins og til dæmis um skólasókn.

Aðrir skólar ljúka nýskráningum á næstunni. Þótt álíka margir sæki um skólavist og á síðasta ári er ástandið þó ekki jafn erfitt. Vonast er til að allir sem þess óska komist í framhaldsnám.

grs@frettabladid.is



**KVENNASKÓLINN** Tæplega helmingi þeirra sem sóttu um hann sem fyrsta skóla þurfti að vísa frá.



**MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI** Stjórnendur skólans hafa náð tökum á margra ára rekstrarvanda en skólinn hefur stækkað mjög ört.

Fjárhagsvandi MK:

## Hefur komist fyrir vandann

**SKÓLAMÁL** Menntaskólinn í Kópavogi hefur náð tökum á langvarandi rekstrarhalla sem rekja má allt aftur til ársins 1996 og hefur síðustu ár verið afgangur af rekstri skólans. Þetta kemur fram í greinargerð Ríkisendurskoðunar um fjárlög ársins 2004.

Menntaskólinn óx mun hraðar en gert var ráð fyrir í fjárlögum. Frá árinu 1998 hafa húsnæði og nemendafjöldi skólans rúmlega tvöfaldast.

Ríkisendurskoðun segir enn fremur nauðsynlegt að samkomulag náist milli skólans og menntamálaráðuneytisins um úrlausn á uppsöfnuðum halla sjóðsins gagnvart ríkissjóði frá fyrri árum.

- grs

## LÖGREGLA

**HANDTEKINN MEÐ KANNABISEFNI** Lögreglan í Borgarnesi handtók mann á þrítugsaldri eftir að lítið magn af kannabisefnum fannst í bíl hans í fyrrinótt. Hann var stöðvaður á þjóðveginum rétt fyrir utan bæinn við venjubundið eftirlit en þegar lögreglu grunaði hann um að vera undir áhrifum fíkniefna hóf hún leit í bílnum. Honum var sleppt að lokinni yfirheyrslu og málið telst upplýst.

**FRAMLENGT VARÐHALD** Gæsluvarðhald yfir bresku pari, sem talið er hafa stolist úr landi með Norrænu með tvo bílaleigubíla með sér auk meintra fjársvika hér, var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær framlengt til 30. júní. Í ljós hefur komið að vegabréf mannsins var falsað.

Sparisjóður Skagafjarðar:

## Deilurnar lagðar niður

**VIÐSKIPTI** „Við erum ágætlega sáttir við þessa niðurstöðu. Menn töluðu í þá átt að vinna saman og halda áfram á uppbyggingarbraut,“ segir Valgeir Bjarnason, en hann var í gær kosinn í stjórn Sparisjóðs Skagfirðinga á aðalfundi.

Deilur hafa verið í stjórn sparisjóðsins vegna sölu Kaupfélags Skagfirðinga á stofnfé til tengdra aðila og ákvörðunar um fjórföldun stofnfjár.

Vildu gömlu stofnfjáreigendurnir ógilda gjörninganna fyrir dómi, sem KS-menn féllust nýlega á.

Á aðalfundinum í gær var ákveðið að tvöfalda stofnféð og að fylkingarnar fengju hvor tvo menn í stjórn.

Gísli Kjartansson, í Sparisjóði Mýrarsýslu, er formaður stjórnarinnar og oddamaður.

– bg

33 ára maður:

## Situr inni í 18 mánuði

**DÓMSTÓLAR** Í dómi Héraðsdóms Reykjavíkur á þriðjudag var 33 ára gamall maður dæmdur í 18 mánaða fangelsi.

Enn fremur var áréttuð ævilöng ökuréttarsvipting yfir honum og einnig gert upptækt bitvopn og tæplega eitt og hálft gramm af amfetamíni sem á honum fannst.

Maðurinn reyndi í september í fyrra að ræna Pétursspöbb á Höfðabakka með táragasbrúsa. Auk þess ók hann bifreiðum án tilskilinna ökuréttinda og undir áhrifum amfetamíns og sljóvgandi lyfja við ýmis tækifæri. Þar við bætist að hann sveik út vörur hjá þremur fyrirækjum í borginni, einu þarf hann að greiða rúmlega 200.000 króna bætur.

-óká

ÓB Snorrabraut
– alltaf opið




– alltaf í leiðinni

Himinn og haf / SÍA – 9050471

Formaður Verslunarráðs Íslands:

# Ekki næg tengsl milli valds og ábyrgðar

**EFNAHAGSMÁL** Þór Sigfússon, framkvæmdastjóri Verslunarráðs Íslands, segir að niðurstaða Ríkisendurskoðunar um fjárlög 2004 veki upp spurningar um tengsl valds og ábyrgðar hjá forstöðumönnum ríkisstofnana.

„Það er búið að færa valdið meira og meira til yfirmanna og forstöðumanna en ábyrgðin hefur ekki flust með,“ segir Þór. Hann segir að þótt ný lög um opinbera starfsmenn eigi að gefa svigrúm til aukins aðhalds virðist sem það hafi ekki verið nýtt og forstöðumenn geti óáreittir farið fram úr fjárheimildum ár eftir ár. Þetta hefur að mati Þórs mjög slævandi áhrif á aðra forstöðumenn sem vilja kappkosta að halda sig innan heimilda.

„Það er efnahagsuppgangur hér heima en það getur ekki þýtt það að þjóðin hafi efni á því að þetta stærsta fyrirtæki landsins sé rekið þannig að það fari langt út fyrir áætlanir,“ segir Þór.

- þk



**GAGNRÝNIR HIÐ OPINBERA** Þór Sigfússon telur að tengslin milli valds og ábyrgðar séu ekki nægilega sterk í opinberum stofnunum.

ENNEMM / SÍA / NM16814



# ANDLIT NORÐURSINS Á AUSTURVELLI

Í dag, 24. júní, býður KB banki alla landsmenn velkomna á gæsilega sýningu á ljósmyndum Ragnars Axelssonar undir yfirskriftinni Andlit norðursins. Sýningin samanstendur af völdum myndum úr samnefndri bók sem kom út um síðustu jól hjá Eddu útgáfu. Sýningin er haldin á Austurvelli í Reykjavík og stendur til 1. september.

KB BANKI

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 23.06.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 65,80 | 66,12 |
| Sterlingspund | GBP | 119,79 | 120,37 |
| Evra | EUR | 79,49 | 79,93 |
| Dönsk króna | DKK | 10,67 | 10,73 |
| Norsk króna | NOK | 10,03 | 10,09 |
| Sænsk króna | SEK | 8,48 | 8,53 |
| Japanskt jen | JPY | 0,61 | 0,61 |
| SDR | XDR | 96,28 | 96,86 |

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tony Blair ávarpaði fulltrúa á Evrópuþinginu í gær:

# Evrópusambandið breytist eða deyi

**EVRÓPUSAMBANDIÐ** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, brýndi fyrir Evrópuþingmönnum í gær nauðsyn þess að Evrópusambandið tæki róttækum breytingum, ella myndi það líða undir lok.

Bretar taka við forsæti ráðherraráðs Evrópusambandsins um mánaðamótin en í gær kynnti Blair fulltrúum á Evrópuþinginu áherslur ríkisstjórnar sinnar í þessum efnum. Hann sagði að sambandið yrði að taka róttækum breytingum ef það ætti ekki að bregðast tilgangi sínum fullkomlega.

Blair sagði enn fremur að svo virtist sem aðildarríkin gerðu sér ekki fulla grein fyrir samkeppninni sem að þeim steðjaði frá ríkjum á borð við Kína og Indland, ESB gæti ekki barist gegn hnattvæðingunni heldur yrði það að taka þátt í henni af fullum krafti.

Jean-Claude Juncker, forsætisráðherra Lúxemborgar sem fer nú með forsæti ESB, hefur kennt Blair um að engin sátt hafi náðst um fjárlög sambandsins næstu árin. Blair vísaði hins vegar ásökununum á bug í gær og sagði að það væri einfaldlega of seint að bíða til ársins 2014 með að endurskoða landbúnaðarstefnu ESB. Í dag renna um 40 prósent útgjalda sambandsins í þann málaflokk. ■



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**ÁFORMIN ÚTLISTUÐ** Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, ávarpaði Evrópuþingmenn á fundi þeirra í Brussel í gær.

Huldufélagið í Icelandic:

## Skylt að gefa upplýsingar

**VIÐSKIPTI** Staðfest var með tilkynningu til Kauphallar Íslands í gær að Serafin Shipping eignaðist tæp sex prósent í Icelandic Group við sameiningu SH og Sjóvíkur. Eins og kom fram í Fréttablaðinu fékk Serafin hlutinn í skiptum fyrir hlut í Sjóvík.

Strax eftir sameininguna skipti Serafin hlutnum niður á tvö félög; Fordace Limited og Deeks Associates. Virðist það hafa verið gert til að þurfa ekki að gefa Kauphöll Íslands ákveðnar upplýsingar samkvæmt lögum. Flöggunarskylda myndast þegar félag eignast meira en fimm prósent í öðru félagi.

Samkvæmt upplýsingum frá Fjármálaeftirlitinu var forsvarsmönnum Serafin skylt að flagga í Kauphöllinni eftir sameininguna. Það var ekki gert. **– bg**

Óskemmtilegur afli:

## Tundurdufl kom í netið

**LANDHELGISGÆSLAN** Sprengjusérfræðingar Landhelgisgæslunnar fóru á björgunarbát út í Aðalbjörgu RE-5 út af Þorlákshöfn á miðvikudagsmorgun vegna torkennilegs hlutar sem kom í dragnót skipsins. Reyndist þetta vera sprengjuefnistunna úr tundurdufli frá síðari heimsstyrjöld.



**TUNDURDUFLIÐ** Sprengjan var brennd í sandgryfjum.

Sérfræðingarnir fjarlægðu sprengibúnaðinn úr tunnunni og fóru því næst með hann í land. Sprengiefninu var eytt í sandgryfjum milli Þorlákshafnar og Eyrarbakka. **- grs**

# Stjórnvöld sögð letja menn til sparnaðar

**Ríkisendurskoðun gefur í skyn að stjórnvöld sporni gegn sparnaðaraðgerðum sem reynst geti óþægilegar eða pólítískt erfitt að réttlæta. Vítavert ef sú er raunin, segir fjármálaráðherra.**

**FJÁRLÖG** Ríkisendurskoðun leggur til í nýrri skýrslu um framkvæmd fjárlaga að fjármálaráðuneytið stöðvi greiðslur til stofnana sem fari yfir fjögurra prósenta mörkin í fjárheimildum þar til gripið hafi verið til viðeigandi ráðstafana.

Geir Haarde fjármálaráðherra telur meinbugi á að frysta launagreiðslur enda þurfi að breyta ákvæðum í lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins til að það sé mögulegt. „Ég held að þetta sé ekki raunhæft í því umhverfi sem við búum við. Forstöðumönnunum ber að fara eftir reglugerðum og halda sig innan fjárheimilda. Geri þeir það ekki getur því lyktað með áminningu eða brottvikningu ef sakir eru miklar,“ segir Geir.

Ríkisendurskoðun gefur til kynna að forstöðumenn ríkisstofnana starfi oft í góðri trú. Stundum hafi þeir lagt til sparnaðaraðgerðir en ráðuneytin beðið þá að staldra við. „Þetta eigi sérstaklega við þegar um sé að ræða skerðingu á þjónustu sem geti verið pólítískt séð erfitt að réttlæta,“ eins og segir í skýrslunni. Rekstrarhalli stofnana hefur verið fjármagnaður úr ríkissjóði með greiðslu launa og annars kostnaðar án þess að nauðsynlegar heimildir til slíkra útgjalda væru til staðar. Orðrétt segir: „Forstöðumenn hafa ýmist verið lattir til þess að grípa til sparnaðarráðstafana, sérstaklega ef sýnt þykir að þeim fylgi óþægilegur samdráttur í starfsemi, eða þeir ekki verið



**GEIR HAARDE FJÁRMÁLARÁÐHERRA** Hann telur ekki raunhæft að frysta framlög til stofnana sem fara fram úr fjárheimildum líkt og Ríkisendurskoðun leggur til.

áminntir með þeim hætti sem lög og reglugerðir gera ráð fyrir hlíti þeir ekki fjárlögum“.

Geir Haarde fjármálaráðherra segist ekki taka undir að þetta sé raunin. „En ef svo er þá er það vítavert.“

Geir er ekki sannfærður um að auka eigi eftirlitshlutverk fjárlaganefndar, enda gegni Ríkisendurskoðun slíku hlutverki fyrir þingið. Fjármálaráðuneytið hafi auk þess yfirumsjón með framkvæmd fjárlaganna og hvert ráðuneyti fyrir sig. „Það er gott að allir leggi sig fram um að bæta ástandið. En ég hlýt að taka fram að ástandið hefur batnað mjög mikið á undanförnum árum. Færri stofnanir fara fram úr heimildum og upphæðirnar eru lægri en áður var. Það má hins vegar beita þeim úrræðum sem til eru og jafnvel fyrr en gert er,“ segir Geir Haarde.

johannh@frettabladid.is



**GRETTISGATA 54B** Húsið er líklega ónýtt en lögreglan segir að allt hafi brunnið sem brunnið gat.

Eldsvoði við Grettisgötu:

## Húsið er talið ónýtt

**BRUNI** Eldur kom upp í húsi við Grettisgötu 54b í fyrrinótt og var alelda þegar slökkviliðsmenn komu að því klukkan rúmlega eitt. Verið var að endurgera húsið og því bjó enginn í því, að sögn lögreglunnar í Reykjavík. Húsið er talið ónýtt.

Um er að ræða tvílyft 80 fermetra timburhús sem stendur örlítið frá öðrum húsum. Því var ekki talin hætta á að eldurinn breiddist út en vindátt var auk þess hagstæð.

Greiðlega gekk að slökkva eldinn en slökkvistarfi var lokið um klukkan fjögur.

Ekki er vitað hver tildrög brunans eru en málið er í rannsókn. **- jse**

## BANDARÍKIN

**BRÁÐINN FROSTPINNI** Tilraun til að gera stærsta frostpinna í heimi mistókst heldur hrapallega í miðborg New York í gær. Frostpinninn, sem var gerður úr sautján og hálfu tonni af kíví- og jarðarberjasafa, bráðnaði með þeim afleiðingum að rýma þurfti götur í nágrenninu á meðan slökkviliðsmenn hreinsuðu upp klístrið.




Hjól og línuskautar
- mikið úrval
25% afsláttur
af Vigor línuskautum
og Concept hjólum
12, 16, 20 og 24 tommu.
Hjól verð frá 5.990 kr.
Línuskautar verð frá 2.990 kr.
ÚTILÍF
SMÁRALIND SÍMI 545 1550 GLÆSIBÆ SÍMI 545 1500 KRINGLUNNI SÍMI 545 1580


## VEÐRIÐ Í DAG

**VESTANÁTT**
Hann er að snúa sér í vestanáttir og má reikna með nokkrum vindi í dag sunnan- og vestanlands, en annars heldur hægari. Það má reikna með bjartviðri norðan- og austanlands en annars verður skýjað. Hitinn er á bilinu 8-18 stig og þá hlýjast suðaustanlands. Um helgina má svo búast við nokkuð stífri suðvestanátt með rigningu sunnan- og vestanlands, en hægari vindi og bjartviðri fyrir austan. Hitinn er svipaður áfram. Góða helgi ;-)



Kveðja,
Guðríður Arnardóttir
náttúrufræðingur.

### Í dag




### Á morgun




Suðvestan strekkingur vestanlands en heldur hægari austanlands.

### Sunnudagur




Suðvestanátt. Strekkingur allra syðst en annars hægari.

### Veðrið úti í heimi í dag

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Kaupmannahöfn** | 22°C | heiðskírt | **Algarve** | 26°C | sk.m.köflum | **Róm** | 28°C | heiðskírt |
| **Osló** | 23°C | sk.m.köflum | **Mallorca** | 25°C | heiðskírt | **Alicante** | 31°C | heiðskírt |
| **London** | 28°C | þrumur | **Krít/Chania** | 27°C | heiðskírt | **Kýpur** | 29°C | heiðskírt |
| **París** | 32°C | heiðskírt | **Barcelona** | 28°C | heiðskírt | **Rimini** | 27°C | sk.m.köflum |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Grillaðu um helgina




TILBOÐ **399** kr/kg
Verð áður 538,-

## Grillsagaður lambaframpartur

**Frosinn, í sneiðum.**



landslið matreiðslumeistara

**Gunnar Karl Gíslason**
Aðstoðar yfirmatreiðslumaður á VOX
Meðlimur í landsliði matreiðslumeistara

### Grilltips !!!

**Sumarlegur marineringarlögur (fyrir uþb. 1 kg af kjöti)**

2,5 dl olífu olía
2 greinar rósmarin
4 vel kramdir hvítlauksgeirar
2 gróft saxaðir skarlottulaukar
Fínt rifinn börkur af 2 lime
Fínt rifinn börkur af 2 sítrónum
Mulinn pipar

Öllu er blandað vel saman og makað vel á kjötið. Best er ef kjötið nær að standa í leginum yfir nótt. Marineringuna má nota á hvaða tegund af kjöti sem er og er einkar sumarleg og létt.




**30%** afsláttur við kassa

## Mexíkólegnar
- grísahnakkasneiðar
- grísakótilettur
- lambakótilettur
- lambalærissneiðar




**Lambalæri**
TILBOÐ **1.038** kr/kg
Verð áður 1.298,-

**Lamba sirloin kryddl.**
TILBOÐ **999** kr/kg
Verð áður 1.279,-



**Nýtt** í Hagkaupum

Glæsilegt úrval af **STUBBS sósum**



**40%** afsláttur við kassa

**Holta** - læri í hvítlaukskryddi, læri og leggir í texaskryddi, vængir í mexíkókryddi.



TILBOÐ **299** kr/stk
Verð áður 539,-

**Fyrirtaks pizzur** - margarita, pepperoni, skinka og sveppir 400g. Hvítlauksbrauð 250g




TILBOÐ **299** kr/stk
Verð áður 499,-

**Amanda Smith** - ostakökur

Gildir til 26. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*



## KJÖRKASSINN

*Verður Alfreð Þorsteinsson góður forseti borgarstjórnar?*

**Niðurstöður gærdagsins á** visir.is

| | |
|---|---|
| Já | 44,64% |
| Nei | 55,36% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur ASÍ farið offari í máli pólsku verkamannanna sem vinna fyrir Geymi ehf.?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

vísir

Ræningjar eru aðsópsmiklir þessa dagana:

# Starfsfólki ógnað með steikarhnífi

**LÖGREGLUMÁL** Vopnað rán og tilraun til annars slíks voru gerð á höfuðborgarsvæðinu í fyrrakvöld.

Á ellefta tímanum í fyrrakvöld ógnaði ung kona afreiðslustúlku á veitingastaðnum American Style við Nýbýlaveg með steikarhnífi og krafðist peninga. Afgreiðslustúlkan forðaði sér inn í eldhús. Konan gerði þá sjálf tilraunir til að opna sjóðvélar staðarins en þær misheppnuðust með öllu.

Starfsmenn hringdu strax í lögreglu en konan var horfin þegar lögregla kom á vettvang. Lögreglan í Kópavogi telur líklegast að konan hafi fengið hnífinn á staðnum.

Um það bil hálftíma síðar var gerð sams konar tilraun í Lyfju við Lágmúla en þá var árásarkonan vopnuð sprautunál. Hún náði nokkru magni af lyfseðilskyldum lyfjum og var horfin þegar lögreglumenn komu að.

Lögreglan í Reykjavík handtók í gærdag konu um tvítugt sem grunuð er um ránið í Lyfju en ekki fæst gefið upp að svo stöddu hvort hún sé einnig grunuð um ránstilraunina á American Style.

Jafnframt handtók lögreglan í Reykjavík karlmann sem grunaður er um rán á rítalíni og öðrum lyfjum í Lyfju við Háaleitisbraut síðasta föstudag en hann var einnig vopnaður sprautunál.

-jse



**AMERICAN STYLE** Misheppnuð tilraun var gerð til að ræna staðinn í fyrrakvöld.

Stjórnsýslukvörtun:

# Vilja stöðva skólameistara

**MENNTAMÁL** Félag framhaldsskólakennara hefur lagt fram stjórnsýslukvörtun við menntamálaráðuneytið fyrir hönd Ingibjargar Ingadóttur, enskukennara við Menntaskólann á Ísafirði.

Aðalheiður Steingrímsdóttir, formaður félagsins, segir Ólínu Þorvarðardóttir, skólameistara MÍ, hafa farið gróflega út fyrir valdsvið sitt þegar hún ákvað á dögunum að óháður aðili ætti að endurfara yfir próf Ingibjargar án þess að kvörtun hefði borist. Hún vill að ráðuneytið stöðvi Ólínu í tilraunum sínum til að bola Ingibjörgu frá skólanum. ■

Geisladiskar heimsins:

# Þriðjungur ólöglegur

**MADRÍD, AP** Hópur tónlistarútgefenda hefur gefið út skýrslu þar sem því er haldið fram að einn af hverjum þremur tónlistargeisladiskum sem seldust í heiminum á síðasta ári hafi verið útgefinn í trássi við lög um höfundarrétt.

Í þessari sömu skýrslu kemur fram að tónlistariðnaðurinn hafi orðið af 4,6 milljörðum Bandaríkjadala á síðasta ári, um 300 milljörðum íslenskra króna, og í 31 landi sé markaður fyrir ólöglegar útgáfur stærri en markaðurinn fyrir þær löglegu.

Stærsti markaðurinn fyrir sjóræningjadiska er í Kína en þar er talið að um 85 prósent af seldum geisladiskum séu ólöglegir.

Lítið er um sölu sjóræningjadiska hérlendis og hefur Íslendingur verið hrósað fyrir vikið. ■

# Þrýst á um Vaðlaheiðargöng

**Ákveðið hefur verið að breyta undirbúningsfélagi vegna Vaðlaheiðarganga í framkvæmdafélag og stórauka hlutafé. Aðstandendur verkefnisins segja fjármálastofnanir áhugasamar um fjármögnun en eftir á að semja við samgönguyfirvöld.**

**JARÐGANGAGERÐ** Á aðalfundi Greiðrar leiðar á Akureyri síðastliðinn miðvikudag var samþykkt að breyta félaginu úr undirbúningsfélagi vegna Vaðlaheiðarganga við Eyjafjörð í framkvæmdafélag. Jafnframt var ákveðið að auka hlutafé félagsins úr 4,4 milljónum króna í allt að 100 milljónir króna. Pétur Þór Jónasson, stjórnarformaður Greiðrar leiðar, segir að framkvæmdin hafi verið kynnt fyrir samgönguyfirvöldum og í sumar muni félagið óska eftir formlegum viðræðum við Sturlu Böðvarsson samgönguráðherra um aðkomu ríkisins að verkefninu. „Stjórn félagsins hefur rætt við fjármálastofnanir um hugsanlega fjármögnun Vaðlaheiðarganga og lýstu þær allar yfir miklum áhuga á að koma að verkefninu,“ segir Pétur Þór.

Áætlanir Greiðrar leiðar gera ráð fyrir að heildarkostnaður við sjö kílómetra löng göng undir Vaðlaheiði verði rúmir fjórir milljarðar króna. Fram til þessa hafa undirbúningsrannsóknir verið kostaðar af Kaupfélagi Eyfirðinga en auk þess samþykkti stjórn KEA í fyrra að leggja Greiðri leið til allt að 100 milljónir króna eftir að félaginu hefði verið breytt í framkvæmdafélag, eins og nú er búið að gera.

Í rekstrarlíkani sem forsvarsmenn Greiðrar leiðar hafa unnið með vegna fjármögnunar og rekstrurs ganganna er gert ráð fyrir um 500 milljóna króna stofnframlagi frá ríkinu til gerðar Vaðlaheiðarganga, jafnframt því sem virðisaukaskattur verði felldur niður með sama hætti og gert var við gerð Hvalfjarðarganga.

Í næsta mánuði hefst undirbúningur rannsóknarborana sem varpa eiga ljósi á jarðlögin í heiðinni og gert er ráð fyrir að jarðfræðiskýrsla vegna útboðs verði tilbúin í febrúar á næsta ári. „Að fenginni þeirri skýrslu munum við taka upp viðræður við landeigendur á því svæði þar sem göngin verða byggð,“ segir Pétur Þór.

Samkvæmt nýjum tilgangi félagsins mun Greið leið standa fyrir kynningarstarfi, áætlanagerð, jarðfræðirannsóknum, umhverfismati og samningum við ríki og fjárfesta vegna Vaðlaheiðarganga. „Greið leið mun jafnframt fjármagna gerð ganganna og reka þau með innheimtu veggjalda en við reiknum með að veggjöldin verði helmingi lægri en þau sem nú eru innheimt af vegfarendum um Hvalfjarðargöng. Eftir að öll lán vegna framkvæmdanna verða greidd upp, og hlutafé hefur verið greitt til baka til eigenda með hæfilegri ávöxtun, mun Greið leið afhenda ríkissjóði göngin,“ segir Pétur Þór.

kk@frettabladid.is



**AKUREYRI SÉÐ ÚR VAÐLAHEIÐI** Gangamunninn að vestanverðu verður að líkindum nálægt þessum stað en áður en það verður ákveðið endanlega þarf að gera rannsóknarboranir sem ásamt annarri gagnavinnslu kostar allt að 60 milljónir króna.



**AÐALFUNDARFULLTRÚAR** Þrjátíu hluthafar eiga hlut í Greiðri leið. Stærstu hluthafar eru Akureyrarbær, 35,91 prósent, KEA, 22,67 prósent, og Þingeyjarsveit, 11,33 prósent. Aðrir hluthafar eiga allir innan við 10 prósenta hlut hver.






Pólverjar sem komu til landsins fyrir tilstuðlan Geymis ehf.:

# Komnir með öll tilskilin leyfi

**ATVINNUMÁL** „Ég er kominn með alla pappíra og leyfi og þessir menn eru nú starfandi fyrir mig á löglegan hátt,“ segir Sverrir Pétur Pétursson, málarameistari og eigandi SPP Málunar ehf.

Fjórir af þeim Pólverjum sem hingað komu fyrir tilstuðlan Geymis og störfuðu án heimilda og á lágum launum voru á mála hjá SPP Málun. Sverrir fullyrðir að hann hafi á engan hátt komið að launasamningum eða kjaraviðræðum við mennina fjóra. „Það fór alfarið í gegnum Geymi og ég forvitnaðist ítrekað um hvort ekki hefði verið gengið frá öllum leyfum og launum og mér var aftur og aftur tjáð að svo væri.“

Hann segist hins vegar hafa komist að því að skömmum tíma liðnum að ekki væri allt með felldu. Þá varð gerð gangskör að því að bæta úr því sem þurfti og fékk fyrirtækið aðstoð til þess arna. „Þessir menn eru aftur komnir til starfa hjá mér og ég hef fengið fyrir þá tilskilin leyfi og málinu því vonandi lokið hvað þá snertir.“

-aöe

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**KOMNIR AFTUR TIL VINNU** Hluti þeirra Pólverja sem hingað komu gegnum Geymi ehf. hefur fengið atvinnuleyfi og munu starfa hér áfram. Myndin tengist fréttinni ekki.

www.toyota.is

# Það verður á laugardaginn



ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN/SIA.IS TOY 28720 06/2005

TODAY TOMORROW TOYOTA

Toyota, Nýbýlavegi 4-8, sími 570 5070

Canon MV800
- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 20x optískur og 400x stafrænn
- High Resolution 16:9 mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- 2.4" skjár
- DV út
- Verð: 34.900 kr




Canon



Canon MV850i
- 1/6" 800k pixel CCD og DiGiC DV
- 22x optískur og 440x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Sjálfvirkur Easy Mode
- Super Night Mode
- 2.4" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge
- Verð: 49.900 kr

NÝTT

Canon MVX25i
- 1/3.4" 2.2 Megapixel CCD og DIGIC DV
- 14x optískur og 280x stafrænn
- High Resolution 16:9 Mode (Widescreen)
- Hristivörn (Image Stabilizer)
- Super Night Mode
- Manual Focus Ring
- 2,5" skjár
- DV inn/út
- Analogue inn
- PictBridge
- Verð: 94.490 kr




www.hanspetersen.is

Hans Petersen

Kodak Express

* Verð miðast við léttgreiðslur Visa eða Euro til fimm mánaða

Leiðari sænska Aftonbladet:

# Skammar norræna ráðherra

**STJÓRNMÁL** Utanríkisráðherrar Norðurlandanna hittust í Brussel á þriðjudag vegna ráðstefnu Evrópusambandsins um ástandið í Írak. Í kjölfar fundarins skrifuðu utanríkisráðherrarnir grein í Svenska Dagbladet þar sem þeir lýstu sameiginlegri skoðun sinnu um að standa skuli myndugleg að uppbyggingu lýðræðis í Írak. Í greininni stendur að enginn hafi efni á því að uppbygging í Írak mistakist.

Í gær birtist svo leiðari í sænska blaðinu Aftonbladet þar sem þessi grein utanríkisráðherranna er gagnrýnd harðlega. Í leiðaranum segir að þótt utanríkisráðherrarnir impri mikið á öryggisvandanum sem nú er í Írak og tali fullum hálsi um harðæri í landinu í meira en tuttugu ár sé ekki minnst einu orði á ólöglegt stríð Bandaríkjamanna í Írak. Í leiðaranum segir að utanríkisráðherrarnir taki upp málstað Bandaríkjastjórnar án nokkurrar gagnrýni, kokgleypi áróður Bushstjórnarinnar og hundsi aðrar upplýsingar.

-oá



**DAVÍÐ ODDSSON** Utanríkisráðherrar Norðurlandanna skrifuðu sameiginlega grein í Svenska Dagbladet þar sem þeir lýstu yfir samstöðu um uppbyggingu í Írak.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**STÖÐUG SORG** Ættingjar Jassim al-Issawi, lagaprófessorsins sem myrtur var fyrir að vilja taka þátt í samningu stjórnarskrár Íraks, voru að vonum miður sín út af morðinu. Þúsundir íraskra fjölskyldna hafa misst ástvini sína undanfarnar vikur.

# Ófriðarbálið í Írak virðist óslökkvandi

**Ekkert lát er á vargöldinni í Írak en síðastliðinn hálfan annan sólarhring hafa tæplega fjörutíu manns beðið þar bana. Setið er um líf þeirra súnnía sem vilja taka þátt í stjórnmálauppbyggingu landsins.**

**ÍRAK** Tæplega fjörutíu manns fórust í hryðjuverkaárásum víðs vegar í Írak síðastliðinn sólarhring, þar á meðal virtur lagaprófessor úr röðum súnnía sem hafði lýst áhuga á að taka þátt í samningu stjórnarskrár landsins. Ekkert lát er því á ofbeldisverkum í landinu.

Seint í fyrrakvöld sprungu fjórar bílsprengjur í Shula-hverfinu í Bagdad með þeim afleiðingum að 23 týndu lífi. Í gærmorgun voru svo tvær bílsprengjuárásir gerðar fyrir utan jafn margar moskur í Karradah-hverfinu í höfuðborginni. Sprengjurnar sprungu nánast samtímis og biðu fimmtán manns bana af þeirra völdum en 28 særðust.

Árásirnar eiga það sammerkt að vera allar gerðar í hverfum sem einkum eru byggð sjíum og framdar um það leyti sem flest fólk er á götunum. Tilræðin í Shula voru gerð rétt áður en útgöngubannið tók gildi og því voru margir á leið heim úr verslunum og af veitingingahúsum. Karradah-sprengjurnar sprungu hins vegar snemma morguns þegar margt fólk kaupir inn áður en kæfandi hitinn færist yfir borgina.

Samtökin Ansar al-Sunnah, sem í eru súnníarabar og Kúrdar, kváðust í yfirlýsingu á netinu hafa staðið á bak við tilræðin í fyrrakvöld.

Á miðvikudagskvöldið var svo Jassim al-Issawi, lagaprófessor úr hópi súnnía, skotinn til bana, en hann hafði sóst eftir því að fá að taka þátt í að semja stjórnarskrá landsins. Morðið var augljóslega framið til að fæla súnnía frá því að taka þátt í stjórnmálauppbyggingu landsins. Ekki er vitað hverjir bera ábyrgð á morðinu en al-Kaída í Írak hefur hótað þeim súnníum dauða sem starfa með ríkisstjórninni eða hernámsliðinu.

1.240 Írakar hafa nú fallið í átökum og tilræðum síðan ríkisstjórn Ibrahim al-Jaafari tók við völdum. Rósturnar í landinu hafa þannig aukist þvert á það sem búist var við.

Samtök á borð við al-Kaída eru vissulega ábyrg fyrir mörgum dauðsfallanna en jafnframt vegur þungt að óánægja súnnía með hlut sinn í stjórn landsins hefur vaxið stöðugt. Þeir höfðu töglin og hagldirnar í stjórn landsins þar til Saddam Hussein var steypt af stóli en síðan hefur hallað undan fæti. Atvinnuleysi í landinu er ennþá mikið og uppbyggingin hefur gengið hægar fyrir sig en reiknað er með – ekki síst vegna ótrausts öryggisástands. Ástandið leiðir aftur á móti til þess að æsingamenn finna frjóan jarðveg í röðum þeirra sem óánægðastir eru með sinn hag. Þar með hefur myndast vítahringur sem erfitt er fyrir landsmenn að losna út úr.

sveinng@frettabladid.is

# Verðin lækka og lækka

## við gerum enn betur




900 kr. lækkun á kg.

lambakjöt með bláberjum

999 kr.kg.

Gourmet bláberja lambasteik
áður 1.899 kr.kg.




algjör-bomba!

2 fyrir 1

Goða vínarpylsur




1143gr.

199 kr.kg.

Hunt´s tómatsósa 1143gr.



ung nautakjöt

299 kr.pk.

Hamborgarar með brauði 4 stk.




632 kr. lækkun á kg.

947 kr.kg.

Rauðvínslegin helgarsteik frá SS
áður 1.899 kr.kg.




899 kr.kg.

Þurrkryddaðar lambasirloin




895 kr.kg.

Úrbeinaður grísahnakki í indverskri mareneringu
verð áður 1.399 kr.kg.




þú sparar 1990kr.

bókin sem þú þarft að lesa

1.990 kr.stk.

Munkurinn sem seldi sportbílinn sinn

Auglýsingastofa Víkurfrétta • www.vf.is

## allt í matinn á einum stað

netto

www.netto.is • Verð birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda 24 . -26. júní (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast
Akranes • Akureyri • Grindavík • Mjódd Reykjavík • Salahverfi Kópavogi



**VERUM VINIR** Þótt mannfólkið umgangist hvert annað á stundum af fjandskap láta dýrin það ekki stöðva sig í vináttu sinni. Tíkin Sadie og hesturinn Paige eru til dæmis perluvinir en þau búa á bóndabæ í Kanada.

SÞ gagnrýna Bandaríkjastjórn:

# Segjast vita af pyntingum

**GENF, AP** Sérfræðingar í mannréttindamálum á vegum Sameinuðu þjóðanna gagnrýna Bandaríkjastjórn harðlega fyrir að hleypa þeim ekki inn í fangelsið í Guantanamo-flóa á Kúbu. Sérfræðingarnir segjast nær fullvissir um að þar séu fangar pyntaðir. Þetta kom fram á fundi sem mannréttindastofnun SÞ hélt í Genf í gær.

Sameinuðu þjóðirnar hafa nú reynt síðan snemma árs 2002 án árangurs að fá leyfi Bandaríkjastjórnar til að senda mannréttindafulltrúa að rannsaka fangelsið. Þeir hafa margsinnis ítrekað þá beiðni sína og segjast hafa heyrt frá áreiðanlegum heimildarmönnum að í fangelsinu séu stundaðar pyntingar, illgjörn meðferð á föngum og mannréttindi séu ítrekað þverbrotin. Einnig segjast þeir hafa heyrt af svipuðum mannréttindabrotum í bandarískum fangelsum í Írak og Afganistan.

Austurríkismaðurinn Manfred Nowak sem er sérfræðingur um pyntingar segir þó að ekki sé hægt að dæma um sekt Bandaríkjastjórnar í málinu nema mannréttindafulltrúar fái sjálfir að skoða aðstæður en tekur einnig fram að honum þyki líta út fyrir að verið sé að reyna að fela eitthvað misjafnt. ■



**MANFRED NOWAK** Sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna um pyntingar segir að það líti út eins og Bandaríkjastjórn reyni að fela eitthvað misjafnt um meðferð fanga í fangelsinu í Guantanamo-flóa.

Misnotaði debetkort:

# Kæra dróst um tvö ár

**DÓMSTÓLAR** 27 ára gömul kona var í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær dæmd til tveggja mánaða fangelsisvistar fyrir að misnota debetreikning sumarið 2002 þannig að innistæðulaus skuldfærsla nam rúmri hálfri milljón.

Dómurinn er skilorðsbundinn í tvö ár, meðal annars vegna dráttar sem varð á útgáfu ákæru, en hún var ekki gefin út fyrr en 12. apríl sl.

Konan, sem var 25 ára þegar brotin voru framin, notaði kortið 178 sinnum án inneignar á tímabilinu frá 24. júní til 10. ágúst 2002. -óká

Danska ríkisútvarpið:

# Hlutleysið rannsakað

**DANMÖRK** Danska ríkisstjórnin ætlar að verja rúmum fimmtíu milljónum íslenskra króna í að rannsaka hvort fréttastofur danska ríkisútvarpsins rísi undir ábyrgð sinni að flytja „fjölbreyttar, hlutlausar og óháðar fréttir“.

Brian Mikkelsen menntamálaráðherra sagði í samtali við Jyllandsposten að þar sem ríkisútvarpið fengi yfir 30 milljarða íslenskra króna á ári væri nauðsynlegt að fréttaflutningur þess væri hafinn yfir allan vafa.

Hann vísaði því hins vegar algjörlega á bug ásökunum stjórnarandstæðinga um að rannsóknin væri átylla til að reka fréttamenn sem hefðu aðrar stjórnmálaskoðanir en ríkisstjórnin. Einungis væri verið að styrkja stöðu stofnunarinnar. -shg

Viðhorfskönnun Gallups:

# Seltirningar ánægðir

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Seltirningar eru mjög ánægðir með þá þjónustu sem bærinn veitir, samkvæmt nýrri viðhorfskönnunn Gallups.

Í könnuninni kemur fram að 85 prósent aðspurðra telja þjónustu bæjarins í heild vera góða og níu af hverjum tíu eru ánægðir með viðmót og framkomu bæjarstarfsmanna. Leikskólar bæjarins fá góða umsögn bæjarbúa en 95 prósent aðspurðra segja þá veita góða þjónustu.

Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri er afar ánægður með niðurstöðurnar og segir þær viðurkenningu á því að bærinn vinni vel en einnig séu þær hvatning til að gera enn betur í framtíðinni. -jse

# Sektir gætu farið yfir 200 milljónir

**Vanskil virðisaukaskatts og opinberra gjalda átta fyrirtækja sem tíu einstaklingar eru ákærðir fyrir nema yfir 104 milljónum króna. Að auki eru tveir úr hópnum ákærðir fyrir heimildarlausan yfirdrátt upp á tæpar 24 milljónir króna.**

**DÓMSMÁL** Tíu sæta ákærum í málum vegna fyrirtækja sem eru í eigu feðganna Sveins R. Eyjólfssonar og Eyjólfs Sveinssonar, eða þeim tengd. Kærurnar varða vanskil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum, en að auki eru Eyjólfur og Svavar Ásbjörnsson, fyrrum fjármálastjóri Fréttablaðsins ehf. og Vísis.is ehf. sakaðir um umboðssvik. Þeir eru sagðir hafa millifært á tímabilinu 29. apríl til 27. maí 2002 tæpar 25 milljónir af reikningi Vísis.is yfir á reikning Fréttablaðsins ehf. þannig að heimildarlaus yfirdráttur nam tæpum 24 milljónum króna.

Alls nema vanskil á virðisaukaskatti og opinberum gjöldum rúmum 104 milljónum króna, en þau eru tengd rekstri fyrirtækjanna Fréttablaðsins ehf., Vísis.is ehf., Dagsprents hf., Markhúsins-markaðsstofu ehf., Nota Bene hf., Info skiltagerðar ehf., Póstflutninga ehf. og ÍP-prentþjónustunnar ehf. Ákæru sæta framkvæmdastjórar og stjórnarmenn sem komu að rekstri fyrirtækjanna, en málið höfðar fyrir hönd Ríkislögreglustjóra Jón H. Snorrason saksóknari, yfirmaður efnahagsbrotadeildar.

Í yfirlýsingu sem lögmenn Sveins R. Eyjólfssonar og Eyjólfs Sveinssonar sendu út í gær segir að mikilvægt sé að mál sem tengist þeim feðgum „og hafi í 3 ár verið til umfjöllunar hjá opinberum aðilum, með tilheyrandi fjölmiðlaathygli, séu nú loksins komin til meðferðar“. Þar segir að refsiábyrgð vegna vörsluskatta sé að mörgu leyti gölluð og ekki rökrétt að sama refsiábyrgð fylgi því að greiða slíka skatta einum eða nokkrum dögum eftir gjalddaga og að greiða þá alls ekki. Lög kveða á um að sekt skuli nema að minnsta kosti tvöföldum vanskilum. „Þannig stendur á, og það mun koma fram við rekstur þessa dómsmáls, að langstærstur hluti þeirra fjárhæða sem tilgreindar eru í ákæruskjali og tengjast fyrirtækjum skjólstæðinga okkar hefur þegar verið greiddur,“ segir í yfirlýsingunni. Þá kemur fram að Sveinn og Eyjólfur telji að í ljós muni koma að í greiðsluerfiðleikum fyrirtækja þeirra hafi verið fullur vilji til að fara að lögum. Áréttað er að þeir feðgar tengist ekki eignaböndum þremur fyrirtækjanna sem nefnd eru í ákæru Ríkislögreglustjóra. -óká

**MEINT VANSKIL Á VIRÐISAUKASKATTI OG OPINBERUM GJÖLDUM ÁRIN 2000 TIL 2003**

| Fyrirtæki | Upphæð |
|---|---|
| Nota Bene hf. | 32.794.994 |
| Markhúsið-markaðsstofa ehf. | 23.859.984 |
| Info skiltagerð ehf. | 14.648.517 |
| Fréttablaðið ehf. | 12.852.397 |
| ÍP-prentþjónusta ehf. | 6.864.519 |
| Vísir.is ehf. | 5.709.837 |
| Póstflutningar ehf. | 5.398.195 |
| Dagsprent hf. | 2.021.617 |
| **Alls:** | **104.150.060** |




**SVEINN R. EYJÓLFSSON** Lögmenn Sveins R. Eyjólfssonar, sem hér að ofan mætir í Héraðsdóm Reykjavíkur í gær, og Eyjólfs Sveinssonar sendu í gær frá sér yfirlýsingu um að þeir feðgarnir myndu ekki tjá sig um mál á hendur þeim meðan það væri fyrir dómi.

Geymir og ASÍ:

# Fundað um ágreiningsmál

**KJARABARÁTTA** Forsvarsmenn Geymis ehf. og ASÍ funduðu í gær vegna máls pólska verkafólksins sem dvalið hefur hér á landi við störf að undanförnu og telur sig hlunnfarið. Halldór Grönvöld, aðstoðarframkvæmdastjóri ASÍ, segir að fundurinn hafi verið gagnlegur og nú sé unnið úr þeim gögnum sem lögð voru fram á fundinum.

„Þeir lögðu fram gögn þar sem fram kom að þeir höfðu greitt vörsluskatta auk þess sem þeir lögðu fram ýmislegt varðandi þá afstöðu sem þeir hafa til þeirra launa sem fólkið á rétt á að fá. Við óskuðum eftir að gert yrði upp við fólkið á grundvelli okkar útreikninga en við ætlum að kynna okkur þeirra gögn,“ sagði Halldór.

Eiríkur Elís Þorláksson, lögmaður Geymis, sagði að hann hefði komið gögnum frá umbjóðanda sínum á framfæri, þar á meðal forsendum fyrir launaútreikningum. „Okkar hugur stendur til að leysa þetta mál á sem bestan hátt fyrir alla aðila,“ sagði Eiríkur. -hb




**Í SETUSTOFUNNI** Pólsku verkamennirnir á heimili sínu á Höfða.




# Viðurkenndir bókarar

- Réttindanám fyrir bókara

Símennt Háskólans í Reykjavík býður einnar annar nám fyrir bókara. Um er að ræða réttindanám samkvæmt reglugerð nr. 473/2001 um námskeið og próf fyrir viðurkennda bókara sem skiptist í þrjá hluta:

- **Upplýsingamiðlun og upplýsingakerfi** (24 klst.)
- **Skattskil** (40 klst.)
- **Reikningshald** (40 klst.)

Verð kr. 239.000. Prófttökugjöld innifalin.

**Námið er einkum ætlað:**
Starfsfólki bókhaldsstofa, fjármála- og hagdeilda fyrirtækja.

Námið er fagnám og er mjög umfangsmikið. Ágæt reynsla og þekking á bókhaldi, reikningshaldi og skattalegum atriðum er nauðsynleg. Að loknu námi hljóta útskrifaðir þátttakendur titilinn „Viðurkenndir bókarar“, sbr. 43. grein laga nr. 145/1994 um bókhald.

Námið hefst 2. september n.k. og lýkur í desember. Próf verða haldin eftir hvern hluta. **Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2005.** Fjöldi þátttakenda er takmarkaður.

Undirbúningsnámskeið í bókhaldi og Excel hefst 15. ágúst. Verð 15.000 kr. - Tímalengd 16 klst.

**Frekari upplýsingar veitir:**
Þór Clausen
Beinn sími: 599 6288
Skiptiborð: 599 6200
thorc@ru.is
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVIK UNIVERSITY

Skoðið úrval námskeiða fyrir haustið 2005 á www.ru.is/simennt

fremstir fyrir bragðið

# Geri aðrir betur!

SS grillkjötið er nú komið í nýjar og þægilegri umbúðir.



Gjörið svo vel!







FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**SÝNDI RÍKISSTJÓRN ÍRAKS STUÐNING** Um hundrað brottfluttir Írakar, allir sjíar, komu saman fyrir utan höfuðstöðvar Evrópusambandsins í Brussel til að sýna ríkisstjórn landsins stuðning og samhug. Hér sést einn þeirra halda á íraska fánanum. Ráðstefna um uppbyggingu Íraks stendur nú yfir í höfuðstöðvunum.

Talsvert eftir af lambakjöti í landinu:

# Ástæðulaust að óttast skort

**LANDBÚNAÐUR** Lambakjötsbirgðir í landinu eru nægar til að anna eftirspurn þangað til ferskt kjöt kemur aftur á markaðinn í september, að mati sérfræðinga hjá Bændasamtökunum, og engin ástæða til að óttast skort í sumar.

Vel yfir tvö þúsund tonn af lambakjöti eru enn til í landinu og þar sem nokkrir bændur eru þegar farnir að huga að sumarslátrun á það magn að duga út júlímánuð, þangað til nýslátrað fæst aftur í verslunum í byrjun ágúst.

Guðrún Sigurjónsdóttir hjá Landssambandi sláturleyfishafa segir að á sama tíma í fyrra hafi birgðastaða lambakjöts verið um þrjú þúsund tonn og talsvert hafi verið eftir af því þegar nýslátrað kom á markað. Þrátt fyrir að magnið sé minna nú telur hún ekki líkur á að skortur geri vart við sig, heldur eigi allir að eiga nóg kjöt á grillið fram á haust. Verð mun þó að líkindum hækka þegar nýslátrað kemur á markaðinn aftur, enda eftirspurn ávallt mikil eftir nýjum og ferskum afurðum. -aöe



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SUMARSLÁTRUN AÐ HEFJAST** Nokkrir bændur freista þess að slátra fé strax í júlí til að slá á spurn eftir nýju lambakjöti. Bændur fá hærra verð fyrir það en ef þeir slátra í september eins og venja er.

Starfsmenn fagna:

## Þúsund slysalausir dagar

**GRUNDARTANGI** Starfsmenn Íslenska járnblendifélagsins á Grundartanga fögnuðu þeim áfanga í gær að þúsund dagar höfðu liðið án alvarlegra vinnuslysa sem leiddu til fjarveru starfsmanns úr vinnu. Markvisst hefur verið unnið að auknu starfsöryggi síðustu ár, til dæmis með góðum merkingum, bættri umgengni, notkun öryggisbúnaðar, stöðluðum vinnubrögðum og skráningum á óhöppum, en minni háttar óhöppum hefur jafnframt fækkað töluvert á vinnustaðnum síðustu árin. - grs

Ökumaður í Vopnafirði:

## Drap kind og faldi

**LÖGREGLUMÁL** Ökumaður ók yfir kind skammt frá bænum Eyvindarstöðum við Hellisheiði eystri um klukkan tíu í fyrradagsmorgun. Í stað þess að borga sektina sem þessu fylgir fór hann með kindina fjögurra kílómetra leið og faldi hana þar um tuttugu metra frá veginum. Það voru hins vegar glöggir vegavinnumenn sem komu auga á kindina en þeir voru að störfum þar skammt frá.



Ekki er vitað hver var að verki en lögreglan á Vopnafirði segir málið í rannsókn. -jse

### RÚSSLAND

**FANGAR SLEPPA** Fjórir fangar sluppu úr fangelsi í austurhluta Rússlands í fyrradag. Um tvö þúsund lögregluþjónar leita þeirra, en þrír fanganna eru dæmdir morðingjar og einn eiturlyfjasali. Þetta er annar fangaflóttinn í Rússlandi í mánuðium en þrír fangar sluppu 6. júní úr öðru fangelsi en náðust aftur.

# Bandaríkjastjórn óvinsælli en Kínastjórn

**Eftir tveggja ára stríð í Írak hefur almenningur minna álit á stjórninni í Washington en kommúnistastjórninni í Kína. Þetta er niðurstaða alþjóðlegrar skoðanakönnunar sem AP-fréttastofan gerði á dögunum.**

**WASHINGTON, AP** Ríkisstjórn Bandaríkjanna hefur beðið hnekki undanfarin ár, sérstaklega í augum Mið-Austurlandabúa. Stríðsreksturinn í Írak er ástæða þessarar andúðar.

Ímynd Bandaríkjastjórnar virðist svo sködduð eftir tveggja ára stríð í Írak að kommúnistastjórnin í Kína nýtur meiri hylli á meðal margra þjóða. Í þeim hópi eru gamlir bandamenn Bandaríkjanna, svo sem Bretar og Frakkar. Ímyndin virðist ekki hafa batnað þótt ríkisstjórn George W. Bush hafi reynt að leggja áherslu á frelsi og lýðræði í umræðum um Mið-Austurlönd og tekið sig verulega á í alþjóðlegri þróunarhjálp, til dæmis með háum framlögum til hjálparstarfs á flóðasvæðum í Suðaustur-Asíu.

Í Bretlandi, þar sem stjórnvöld leggja mikið upp úr góðum samskiptum við Bandaríkjastjórn, segjast 65 prósent vera jákvæð í garð Kínastjórnar en 55 prósent í garð Bandaríkjastjórnar. Svipaða sögu er að segja af Frökkum, þar sem 58 prósent hugsa vel til Kína en ekki nema 43 bera hlýjan hug til Bandaríkjanna. Niðurstöður á Spáni og í Hollandi eru nær samhljóða þeim í Frakklandi.

Verstu útreiðina fékk Bandaríkjastjórn í múslimaríkjum á borð við Tyrkland, Pakistan og Jórdaníu. Í þessum löndum sér einungis um fimmtungur íbúa Bandaríkjastjórn í jákvæðu ljósi á meðan meira en helmingur aðspurðra í þessum löndum hugsar hlýlega til stjórnvalda í Kína. Einungis Indverjar og Pólverjar eru jákvæðari í garð Bandaríkjanna en Kína og næstu nágrannar Bandaríkjanna í Kanada bera svipaðan hug til beggja stjórna.

Viðhorf til Bandaríkjastjórnar versnaði snarlega eftir innrásina í Írak vorið 2003 og hefur ekki batnað að neinu ráði síðan, nema í Indónesíu þar sem Bandaríkjamenn lögðu talsvert fé í aðstoð við fórnarlömb flóðbylgjunnar í desember. Meirihluti aðspurðra í flestum löndum sagði í könnuninni að þeim þætti Bandaríkjastjórn ekki líta til hagsmuna annarra landa við ákvarðanatöku í utanríkismálum. Flestir þeir sem lýstu neikvæðu viðhorfi í garð Bandaríkjastjórnar sögðu að líklega væri George W. Bush Bandaríkjaforseti helsta ástæðan fyrir óvinsældunum. ■



MYND/AP

**GEORGE W. BUSH** Samkvæmt niðurstöðum skoðanakönnunar AP-fréttastofunnar telja flestir Bush Bandaríkjaforseta helstu ástæðuna fyrir óvinsældum Bandaríkjanna.






Mikil aðsókn í heilsugæslustöðvarnar í Reykjavík:

## Skjólstæðingum sagt að fara annað

**HEILBRIGÐISMÁL** Það ætti enginn að þurfa að vera án heimilislæknis og heilsugæslustöðvar, að mati Guðmundar Einarssonar, forstjóra Heilsugæslunnar í Reykjavík. Hann segir að reiknað sé með að allir fái þjónustu í sínu hverfi þótt ekki sé hægt að standa við það alls staðar.

Einhverjir hafa kvartað yfir því að vera sagt upp af hverfisheilsugæslustöð við flutning í önnur hverfi og þeir standi þá uppi án heimilislæknis. „Fólk þarf að skrá sig á nýja heilsugæslustöð þegar það flytur milli hverfa og yfirleitt er fólki ekki sagt upp nema það sé búið að fá pláss á nýjum stað,“ segir Guðmundur. „Komi það hins vegar fyrir á fólk að tala við gömlu stöðina sína og fá frest þar til sú nýja getur tekið við þeim.“

Heilsugæslustöðvarnar eru með skipulagða móttöku fyrir skyndtilfelli en Guðmundur vill einnig benda fólki á Upplýsingamiðstöð Heilsugæslunnar í símanúmerinu 1700. Þar eru tveir hjúkrunarfræðingar á vakt frá 8 til 17 og er ekkert aukagjald tekið fyrir símtöl umfram venjulegt gjald. - sk



**GUÐMUNDUR EINARSSON** Þeir sem ekki hafa tök á að komast að í heilsugæslu síns hverfis geta skráð sig hjá Heilsugæslunni í Salahverfi í Kópavogi en hún tekur við skráningum fólks úr öðrum hverfum höfuðborgarsvæðisins.





Margaríta 499

# Trjáplöntu markaður

allt að **60%** afsláttur



## Trjáplöntur, allt að 100 sm

Birki, **499** verð áður 865
Reyniviður, **999** verð áður 1470
Grákvistur, **999** verð áður 1999
Gullregn, **999** verð áður 1999

## ...allt að 80 sm

Gráölur, **699** verð áður 1490

## ...allt að 60 sm

Grákvistur, **599** verð áður 1299
Stafafura, **699** verð áður 1440
Fjallaþinur, **699** verð áður 1390

## ...allt að 50 sm

Blágreni, **599** verð áður 899
Sitkagreni, **599** verð áður 899
Sýrena, **499** verð áður 999

Loðvíðir, **299** verð áður 499
Skriðmispill, **799** verð áður 1699
Hansarós, **399** verð áður 975
Fjallarós, **599** verð áður 1190
Dornrós, **599** verð áður 1290

Petúníur
3 stk.
**599**

blómaval
*heillandi heimur*

Reykjavík - Keflavík - Selfoss - Akureyri
Kringlan - Smáralind

# Tilboð vikunnar

## 21" sjónvarp



21" PANVIEW SJÓNVARP

15900 KR.

450 stykki!

## Fjallahjól 24" og 26"



Ótrúlegt verð

SERVÖRU VERSLANIR

EKKERT BRUÐL

Álstell, diskabremsur að framan og aftan, dempari í gaffli og stelli, Shimano gírar.

24" FJALLAHJÓL 11900 KR.

26" FJALLAHJÓL 13900 KR.

21 gír

## Fjölkerfa DVD spilari



1000 stykki!

*Dolby digital AC3
*Digital Theatre Sound (DTS)
*NTSC afspilun yfir í Pal
*Scart með RGB, RCA og Component (Y, Pb, Pr) tengi
*Coaxial tengi *Fjarstýring
*Barnalæsing

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI 5999 KR.

FJÖLKERFA JDV DivX DVD SPILARI
SPILAR: DivX3.11 or above, DivX4.X, DivX5, DivX Pro, Xvid files up to 10M bit-rate.
COMPATIBLE WITH DVD/DVCD/SVCD/VCD/CD/MP3/CD-R/CD-RW/DVD+RW/JPEG/Kodak picture CD
Digital Direct Progessive Scan

DivX

## DVD D-421 spilarinn



JDV D-421 DVD SPILARI 3999 KR.

EKKERT BRUÐL

Kominn aftur! 1200 stykki!

LESIÐ TEXTANN GERIÐ SAMANBURÐ!

## JAM BUSTER

RAFMAGNSHLAUPAHJÓL

SERVÖRU VERSLANIR

Model: SR-102
Óbotið: 980mm x 130mm x 720mm
Brotið: 270mm x 130mm x 790mm
Hámarkshraði: 12 km/klst.
Ending hleðslu: Allt að 60 mín.
Burðarþol: 70 kg
Mótor: 24V 100Watt DC
Dekkjastærð: 14 sm
Rafgeymir: 12V 4,5AH x 2 stk.
Hleðslutími: 4-6 klst.
Bremsur: Fótaafturbremsur
Drifbúnaður: Beltadrifið
Akstursvegalengd: 12-14 km
Standari fylgir.
Hleðslutæki fylgir.
Verkfæri fylgja.
Leiðbeiningar á íslensku.
Full þjónusta fyrir hendi.

RAFMAGNSHLAUPAHJÓL 4999 KR.

EKKERT BRUÐL



## Rafmagnshjól

## Regnslá



REGNSLÁ 99 KR.

132 x 203 SM

## Regnhlíf



REGNHLÍF 299 KR.

EKKERT BRUÐL

2 TEGUNDIR

## Veiðistangir

FYRIR BARNIÐ

VEIÐISTÖNG 999 KR.



## 17 HLUTA TÍTAN golfsett



SERVÖRU VERSLANIR

Dunlop

17 hluta títan golfsett

15900 KR.

Dunlop

LOCO JUNIOR

Alvöru golfsett fyrir barnið
Tvær stærðir, eitt verð
5 - 8 ára og 9 - 12 ára

LOCO JUNIOR BARNAGOLFSETT 8900 KR.

17 HLUTA TÍTAN GOLFSETT 15900 KR.



100 TÉ 399 KR.

## TRAMBÓLÍN 3.6 metra



14900 KR.

ÖRYGGISNET fyrir trambólín 10900 KR.

SÖLUSTAÐIR:
Holtagarðar
Smáratorg

Gleði í garðinn - gleði í bústaðinn!



og allt í gangi!
10 drykkir í kassa
259 KR.
FROSINN TÚNFISKUR
199 250g KR.
Túnfiskur
250g
FROSINN TÚNFISKUR 2 x 125g
EKKERT BRUDL
Bónus býður betur!
PARTÝSKINKA SOÐIN OG KLÁR Í FERÐALAGIÐ
30% afsláttur við kassann
SOÐIN ALI PARTÝSKINKA
1189 KÍLÓVERÐ KR.
30% afsláttur við kassann
Merkt verð 1698kr.
EKKERT BRUDL
Bónus pylsur
479 kg KR.
99 450g KR.
REMÚLAÐI
99 400g KR.
907 grömm
129 KR.
PESTO SNEIÐAR
699 kg KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.
VILLI GRILLSNEIÐAR KF
699 KÍLÓVERÐ KR.
40% afsláttur við kassann
Merkt verð 1169kr.
6 Thule 6x 33 sl
KIPPUTILBOÐ Í BÓNUS
THULE 6x 33 sl
399 KR.
FROSNIR OG FÍNIR Í FERÐALAGIÐ
10 stykki 80g ungnautahamborgarar
799 KR.
10 stykki 115g ungnautahamborgarar
1099 KR.
40% afsláttur við kassann
KF FRAMPARTSSNEIÐAR
Pesto rosso
LAMBASNEIÐAR
Villibráðarkrydd
4 tröllabrauð
129 KR.
EKKERT BRUDL
4 trölla
HAMBORGARABRAUÐ
33cl Coca Cola
49 33cl KR.
Einnota mataráhöld
99 25 stykki KR.
VELJIÐ SJÁLF!
25 bollar, 25 diskar,
25 hnífar, 25 teskeiðar,
25 skeiðar eða 25 gafflar
Sveitabjúgu
KOFAREYKT FRÁ KJARNAFÆÐI
SVEITABJÚGU
299 kg KR.
Birgjum okkur upp í Bónus!
Tilboðin gilda til 26. júní eða á meðan birgðir endast
ERAN/Landlist







RJF-hópurinn til Texas:

# Sárnar að fá ekki viðbrögð

**RÉTTINDABARÁTTA** Stuðningsmenn Arons Pálma Ágústssonar, hinn svokallaði RJF-hópur, ætlar að halda út til Bandaríkjanna um miðjan júlí ef engin viðbrögð hafa þá borist frá Náðunar- og reynslulausnanefnd Texas-ríkis vegna erinda hópsins. Að sögn Einars S. Einarssonar, talsmanns hópsins, er tilgangurinn með ferðinni að reyna að fá Aron Pálma fluttan heim til Íslands.

„Okkur hefur sárnað að fá engin viðbrögð við erindum okkar og finnst snautlegt að hundsa menn með þessum hætti. Okkur er því ekki annað fært en að knýja þarna dyra. Við höfum reynt að hafa samband út en enginn virðist vita neitt um erindi okkar,“ segir Einar. Hann segir að fyrst verði haldið til Washington þar sem gögn málsins liggi fyrir hjá íslenska sendiráðinu og í framhaldinu verði haldið til Houston til þess að reyna að banka upp á hjá ríkisstjóra.

„Þetta virðist vera okkar eina leið til að nálgast málið og þá förum við hana,“ segir hann. **-hb**



**EINAR S. EINARSSON** Heldur til Texas til að reyna að fá Aron Pálma heim.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**ÞUNGAFLUTNINGAR Á ÞJÓÐVEGI** Vegagerðin gengur út frá því að meðalöxulþungi þungra bíla sé 10 tonn og meðalöxulþungi fólksbíla sé eitt tonn og því slíti einn þungur bíll vegum landsins á við 10.000 fólksbíla.

# Trukkur slítur vegum á við tíu þúsund fólksbíla

**Umferð um þjóðvegi landsins hefur stóraukist síðustu ár. Því mælist lítil aukning í þungaumferð sem hlutfalli af almennri umferð, þrátt fyrir að hún hafi margfaldast eftir því sem sjóflutningar hafa lagst af.**

**SAMGÖNGUR** Samhliða því að flutningar á sjó hafa aflagst smám saman undanfarin ár hafa þungaflutningar um þjóðvegi landsins margfaldast. Viðmiðunartölur gera ráð fyrir því að vegslit af völdum þungs bíls á borð við vöruflutningabíl sé um það bil 10 þúsund sinnum meira en af völdum fólksbíls.



**JÓN RÖGNVALDSSON**

Friðleifur Ingi Brynjarsson, verkefnastjóri í umferðardeild Vegagerðarinnar, segir umferð um þjóðvegi landsins hafa stóraukist síðustu ár og það kunni að fela þá aukningu sem orðið hefur í þungaflutningum.

**AUKNING MEÐALUMFERÐAR Á FIMM ÁRA TÍMABILI:**
**Hringvegurinn - Borgarfjarðarbraut**

| Ár | Fjöldi bíla á dag |
|---|---|
| 2000 | 2.723 |
| 2001 | 3.040 |
| 2002 | 3.156 |
| 2003 | 3.317 |
| 2004 | 3.566 |

**Umferðaraukning milli 2000 og 2004 er 30,95 prósent.**

Hann segir mælingar sem gerðar voru í Hvalfirði árin 1990 og 2002 til dæmis einungis sýna hlutfallsaukningu þungaumferðar upp á eitt prósentustig, úr um sjö í átta prósent af almennri umferð. Á fimmtán ára tímabili, frá 1989 til 2004 segir hann hins vegar umferð þungra bíla á hringveginum við gatnamót Akranesvegar hafa þrefaldast, farið úr um 95 í um 290 þunga bíla á sólarhring. „Þó svo að þungaumferð hafi stóraukist, þá drukknar sú aukning í fólksbílaaukningunni,“ segir hann.

Jón Rögnvaldsson vegamálastjóri segir vegakemmdir af völdum þungaflutninga hafa verið skoðaðar en fátt sé nýtt í þeim efnum. „Flutningar hafa verið að færast af sjó upp á þjóðvegakerfið síðustu fimmtán ár. Um síðustu áramót gerðist ekki annað en síðasta skipið hætti.“

Vegsig segir Jón hins vegar ekki skrifast á þungaflutinga, heldur skipti þar undirlag meira máli. Vegsig og mishæðóttir vegir séu því eilífðarvandamál að fást við. „Hitt er svo annað mál að þungir bílar brjóta vegakerfið heilmikið niður og við því verðum við bara að bregðast.“

**olikr@frettabladid.is**

Öldrun þjóða í Evrópu og Bandaríkjunum:

# Getur haft alvarleg áhrif á efnahagslíf

**RÁÐSTEFNA** Öldrun þjóða í Evrópu og Bandaríkjunum getur komið af stað alvarlegum þrengingum í efnahagskerfinu ef ekki veður gripið til viðeigandi aðgerða. Þetta segir Gylfi Magnússon, forseti viðskipta- og hagfræðideildar HÍ, en deildin stóð nýverið fyrir ráðstefnu um þessi mál í samstarfi við Columbia-háskóla. Ástæður þessa eru að ef hlutfall ellilífeyrisþega miðað við fólk á vinnumarkaði er of hátt stendur þjóðarbúskapurinn varla undir því að greiða öllum lífeyri.

„Við Íslendingar stöndum nokkuð vel í alþjóðlegum samanburði,“ segir Gylfi, en þrátt fyrir það kemur vandinn við Íslendinga. Um er að ræða eins konar innfluttann vanda því það hefur sannarlega áhrif hér á landi ef helstu viðskiptalönd okkar lenda í vandræðum.

„Við Íslendingar höfum miðlað talsverðu til umheimsins með þeim ráðstöfunum sem við höfum gripið til, sérstaklega í lífeyrismálum og með þeim sveigjanleika sem við höfum hvað varðar þátttöku á vinnumarkaði.“

**- AT**



**GYLFI MAGNÚSSON** Deildarforseti viðskipta- og hagfræðideildar HÍ.

# Lokað
# í Borgartúni
# vegna flutninga

Við erum að flytja verslun okkar í nýtt húsnæði
og þurfum því að loka í Borgartúni
í nokkra daga.

Við bendum viðskiptavinum okkar á útibú Bílanausts:



Bíldshöfða 12



Kópavogi



Hafnarfirði

# Opnum

## eftir nokkra daga glæsilega verslun
## að Bíldshöfða 9

nánar auglýst síðar



## „ORÐRÉTT“

*„Í hugum margra gamalla Álftnesinga var þó friðurinn fyrst úti, þegar nýbúar eins og Sveinbjörn héldu innreið sína á svæðið.“*

ELSA S. EYÞÓRSDÓTTIR Í MORGUNBLAÐINU.

*„Ég hef ekki spilað körfubolta í 25 ár.“*

KÁRI STEFÁNSSON Í DV.

*nær og fjær*

# tilveran

**HALTUR LEIÐIR BLINDAN:** PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

## *Stóra táin á vinstri fæti Bjarka kæld*



Við vöknuðum klukkan sjö í Brautarholti í gærmorgun og sunnlenska sumarið tók vel á móti okkur. Við sváfum vel eins og venjulega og draumfarir voru góðar. Eftir staðgóðan morgunverð gengum við af stað, enda ekki til setunnar boðið. Árni Þorgilsson, æskulýðs- og menningarfulltrúi, og Eymundur Gunnarsson, atvinnu- og ferðamálafulltrúi í Rangárþingi eystra, komu til móts við okkur og gengu með okkur.
Í hádeginu komum við að Laugalandi en þar eru starfræktar sumarbúðir fyrir þroskaheft börn. Þar var gaman og gott að koma og þáðum við þar hádegismat. Sunnlendingar eru svo sannarlega höfðingjar heim að sækja, því höfum við svo sannarlega fengið að kynnast. Í sjoppunni við Vegamót var okkur boðið upp á ís og lögreglan færði okkur að gjöf endurskinsvesti frá Rauða krossinum.
Heilsan er almennt góð, nema hvað Bjarka hrjáir slæmska í stóru tánni á vinstri fæti og hana þarf að kæla við og við. Kappinn lætur það vitaskuld ekki á sig fá og herðir bara gönguna ef eitthvað er.
Áningastaðurinn að þessu sinni er hið rómaða Hótel Rangá sem stendur við bakka árinnar fögru.
Við stefnum að því að vera í Vík í Mýrdal á sunnudagskvöldið og höfum við þá lagt 180 kílómetra að baki. Þá eru bara um eitt þúsund kílómetrar eftir.

**Kveðja, Bjarki og Guðbrandur.**

## SJÓNARHÓLL

**HÁIR RÍKISSTYRKIR TIL BÆNDA**



**SIGRÍÐUR KLINGENBERG**
SPÁMIÐILL

### *Þarf að stokka kerfið upp*

Íslenskir bændur fá hlutfallslega hæstu ríkisstyrki allra þjóða innan OECD-stofnunarinnar og fá 69 prósent tekna sinna í formi styrkja. „Ég er ekki hlynnt styrkjum til landbúnaðar,“ segir Sigríður Klingenberg spámiðill. Sjálf hefur hún búið í sveit og veit af eigin reynslu hvernig það er að hafa lítið á milli handanna. „Landbúnaðarkerfið er fyrst og fremst illa rekið og það þarf að stokka það rækilega upp. Það á bara ekki eftir að gerast ef ríkið er áfram að vasast í þessu; fólk hangir áfram í vonlausri stöðu af því að ríkið borgar því styrki.“
Sigríður telur mikla möguleika fólgna í íslenskri náttúru og segir bara þurfa dálítið hugvit til að koma þeim í framkvæmd. „Íslendingar eru greint fólk og um leið og það er búið að skera niður styrkina er kominn hvati til að nýta landið á nýstárlegri og skynsamlegri hátt.“

Tölvuvæddir bændur:

## Bestu bændavefirnir valdir

Vefsetur bæjanna Haukagils í Vatnsdal, haukagil.is og Neðri-Háls í Kjós, biobu.is, báru sigur úr býtum í samkeppni um besta bændavefinn sem Bændasamtökin efndu til á dögunum. Alls bárust 22 vefsíður í keppnina og stóðu tvær þeirra uppi sem sigurvegarar; önnur fyrir bestu framsetninguna, en hin fyrir besta innihald.
Um vefsíðu Haukagils í Vatnsdal sagði dómnefnd að hún væri skemmtileg, lifandi, auðveld yfirferðar og léttleikandi. Síðunni væri vel haldið við, sem hvetti fólk til að koma aftur og aftur. Í tilviki vefsíðu Neðri-Háls í Kjós var litið til tæknilegra þátta, efnistaka, faglegra vinnubragða og málfars. Á síðunni er fjallað um lífræna framleiðslu í víðu samhengi, áhrif hennar á umhverfi, velferð dýra og heilsu fólks.
Sigurvegararnir unnu gistingu fyrir tvo í tvær nætur á Radisson SAS.

-bs



**TORFHÚS VIÐ LITLA-BAKKA.** Vera má að bóndinn hér á bæ sé inni að blogga.



**FRÁ MENNINGARNÓTT Í FYRRA** Talið er að allt að því sjö þúsund tonn af fólki hafi safnast saman á hafnarbakkanum í Reykjavík.

# Vegum 20 þúsund tonn

**Samanlögð þyngd íslensku þjóðarinnar hefur verið reiknuð út í fyrsta sinn. Meðalþyngd Íslendingsins er 68 kíló.**

Þyngdir þjóða eru alla jafna ekki reiknaðar út enda niðurstaðan varla mælikvarði á eitt eða neitt. Það verður þó að teljast til tíðinda að eftir því sem næst verður komist er samanlögð þyngd íslensku þjóðarinnar nú komin yfir 20 þúsund tonn.
Íslendingar voru 293 þúsund um síðustu áramót og þar sem ógjörningur er að stefna þjóðinni allri á vogina til að komast að hávísindalegri niðurstöðu þurfti að beita öðrum aðferðum í leit að sannleikanum.
Á Lýðheilsustöð hafa verið gerðar ýmsar rannsóknir og gagnlegum upplýsingum verið safnað saman. Stefán Hrafn Jónsson, verkefnisstjóri rannsókna- og þróunarsviðs Lýðheilsustöðvar, taldi það ögrandi verkefni að komast að því hve þung þjóðin væri og lagðist því í útreikninga. „Þessi tala verður ekki áætluð mjög nákvæmt í fljótu bragði,“ segir Stefán, „en samkvæmt tölum um hæð og þyngd ýmissa aldurshópa fyrri ára, varlega áætlaðri þyngdaraukningu síðustu ár og fjölda Íslendinga eftir kyni og aldri má áætla gróflega hver samanlögð þyngd Íslendinga sé.“ Stefán þurfti því að líta í mörg horn í leit að svarinu, leggja saman, deila og margfalda. „Við vegum um það bil 20 þúsund tonn,“ segir hann að athugunum sínum loknum en leggur um leið ríka áherslu á að aðferðir sínar hafi ekki vísindalegt gildi.
Þegar tonnunum 20 þúsund er svo deilt niður á hvern landsmann kemur í ljós að meðalþyngd Íslendingsins er 68 kíló. Hafa ber í huga að í þessum útreikningum eru landsmenn allir, fislétt ungbörn og þéttholda fullorðnir.
Til samanburðar má svo nefna að árleg kjötframleiðsla íslenskra bænda nemur rétt rúmum 20 þúsund tonnum.

**bergsteinn@frettabladid.is**


# Nýtt símanúmer

## hjá dreifingu:




# 550 5600

FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT


Grunnskólanemar í starfsnámi hjá Landhelgisgæslunni:

# Gæslumenn framtíðarinnar

Heppnir og áhugasamir tíundubekkingar um land allt eru nú sem fyrr varðskipsnemar hjá Landhelgisgæslunni. Á dögunum kom varðskipið Týr í höfn í Reykjavík með sex krakka sem dvalið höfðu um borð í fimmtán daga. Kynntust þeir daglegum verkum Gæslunnar til sjós og gengu í flest störf í vélarrúmi, eldhúsi, á þilfari og stjórnpalli.
„Það eru sérstakir og skemmtilegir túrar þegar krakkarnir koma um borð og afskaplega ánægjulegt að hafa þá með,“ segir Thorben Lund, yfirstýrimaður á Tý. „Vanalega fá þeir smá fiðring í magann þegar lagt er af stað, vita auðvitað ekki hvað bíður, en koma svo skælbrosandi í land og vilja helst fara annan túr,“ bætir hann við.
Tilgangurinn er ekki aðeins að skemmta krökkunum og stytta þeim stundir í sumarleyfinu heldur býr annað og meira að baki. „Ein hugsunin er að kynna þessi störf fyrir ungviðinu svo við fáum endurnýjun í stofninn,“ segir Thorben. Það er sum sé verið að ala upp framtíðarstarfsmenn Landhelgisgæslunnar.
Sjálfur hóf Thorben störf í Gæslunni sextán ára og hefur nú unnið þar í 21 ár.
Undir lok síðasta túrs Týs kom sonur Thorbens, Bergþór, um borð og undi sér vel. „Hann er tíu ára og upprennandi Landhelgisgæslumaður. Hann fann ekki fyrir sjóveiki þó ekki væri gott í sjóinn. Sjálfur var ég hins vegar sjóveikur þegar ég fór mína fyrstu túra,“ segir Thorben yfirstýrimaður.

- bþs



**Á DEKKINU Á TÝ** Thorben Lund yfirstýrimaður, Stígur Berg Sophusson, Bergþór Lund sonur Thorbens, Arnar Friðrik Albertsson, Ingvar Leví Gunnarsson, Símon Bergur Sigurgeirsson og Sigurður Steinar Ketilsson skipherra.



**KÚRSINN TEKINN** Pálmi Jónsson, 2. stýrimaður á Óðni, kennir þeim Rakel S. Jónasdóttur og Kristjáni K. Kristjánssyni undirstöðuatriði siglingafræðinnar.

# Við óskum Sparisjóði Mýrasýslu til hamingju með nýjar höfuðstöðvar og Eignarhaldsfélaginu Fasteign með nýja eign

EFF FASTEIGN HF

SPM



**Hönnuðir:**

TS Teiknistofa Ingimundar Sveinssonar

VST Verkfræðistofa Sigurðar Thoroddsen hf.

**Aðalverktaki:**

Sólfell ehf

| | | |
|---|---|---|
| VÍK BLIKKSMIÐJA | *Guðmundur Eiríksson* *byggingatæknifræðingur* | BORGARVERK |
| Trésmiðjan STÍGANDI hf. | *Þakpappalagnir JK ehf.* | SPRINKLER PÍPULAGNIR |
| *Jón Þórðarson, múrarameistari* | TSO Tækniþjónusta ehf. | HÍBÝLAMÁLUN GARÐARS JÓNSSONAR ehf. |
| Penninn | Nortek | BLIKKSMIÐJA GUÐMUNDAR |
| EXTON | MERKISMENN 544 2030 | *SHG pípulagnir* |

KONE · VSI · ÖRYGGISMIÐSTÖÐ ÍSLANDS · Límtré Vírnet · RÝMI · epal

flotlagnir gólfmeistarar · DÚLA gólflagnir · BYKO · HÚSASMIÐJAN · HARÐVIÐARVAL · Vogue

SKESSUHORN ehf./©2005

## SVONA ERUM VIÐ




Heimild: Hagstofan

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

FBL GREINING: ÍBÚAÞRÓUN Á SELTJARNARNESI

# *Enginn misst jafn mikið land*

Á morgun verður kosið um skipulagsmál á Seltjarnarnesi þar sem í boði eru tvær skipulagstillögur. Önnur þeirra er kölluð H-tillagan og gerir hún ráð fyrir fleiri íbúum en hin sem kölluð er S-tillagan. Fylgismenn H-tillögurnar hafa lagt áherslu á það að íbúum fjölgi á Seltjarnarnesi en þar fækkaði íbúum á síðasta ári enda er landsvæði af skornum skammti.

**Hvernig hefur íbúaþróunin verið á Seltjarnarnesi?**
Á fjórða áratug síðustu aldar hófst þéttbýlismyndun við Lambastaðahverfi á Seltjarnarnesi en það er svæðið fyrir neðan Nesveg þar sem keyrt er inn í bæinn frá Reykjavík.
Á sjötta áratugnum fór íbúunum að fjölga verulega og náði þessi þróun hámarki árið 2000. Eftir það fór að að gæta stöðnunar vegna skorts á byggingarsvæðum. Árið 2004 voru íbúarnir 4.547 og hafði fækkað lítillega frá árinu áður.



**Hver er saga Seltjarnarnessbæjar?**
Sú var tíðin að umdæmi Seltjarnarness náði yfir Reykjavík og Kópavog og alla leið að Bláfjöllum. Reykjavík fékk kaupstaðarréttindi árið 1786 og skar sig þá frá og Kópavogur sömuleiðis árið 1948. Árið 1974 fékk Seltjarnarnes kaupstaðarréttindi en þá voru íbúarnir 2.500 talsins. Það má því segja að ekkert sveitarfélag hafi misst jafn stórt og mikilvægt landsvæði og Seltjarnarnes.

**Hverjir ráða á Seltjarnarnesi?**
Sigurgeir Sigurðsson sjálfstæðismaður var ráðinn sveitarstjóri árið 1965 og kosinn til embættisins ári síðar. Allar götur síðan hefur Sjálfstæðisflokkurinn farið með stjórnartaumana. Sigurgeir varð fyrsti bæjarstjórinn árið 1974 og hafði gegnt slíku starfi lengst allra Íslendinga þegar hann ákvað að bjóða sig ekki fram í síðustu sveitarstjórnarkosningum árið 2002.

## SPURT & SVARAÐ
ÍBÚALÝÐRÆÐI Á SELTJARNARNESI



MAGNÚS ERLENDSSON
FYRRVERANDI FORSETI BÆJARSTJÓRNAR SELTJARNARNESS

### *Lexía fyrir stóra bróður*

Í lok síðasta mánaðar ákvað bæjarstjórn Seltjarnarness að láta niðurstöðu kosninganna sem fram fara á morgun um skipulagsmál bæjarins vera bindandi. Þessu hefur almennt verið fagnað þar í bæ, ekki síst af Magnúsi Erlendssyni, sem var forseti bæjarstjórnar Seltjarnarness í áratug.

**Af hverju eru þessar kosningar svo mikið gleðiefni?**
„Af því að þetta er íbúalýðræði í sinni skýrustu mynd og aldrei áður hefur neitt stjórnvald beitt þessu áður líkt og við gerum. Þetta er því lexía fyrir stóra bróður okkar hér í grendinni um það hvernig skipulagsmál og íbúalýðræði eiga að virka. Í raun vonum við að öll bæjarfélög læri af þessu.“

**En verður sátt um niðurstöðuna þó hún sé ákveðin af íbúum?**
„Áratuga reynsla mín af Seltirningum er sú að þeir séu svo þroskaðir og lýðræðislega sinnaðir að þeir sætti sig við þá niðurstöðu sem úr kosningunum kemur.“

# Seltirningar deila um skipulag

**Styr stendur um tvær tillögur sem uppi eru um hvað skuli gera við svæðið á Seltjarnarnesi þar sem Ísbjörninn var áður. Íbúar kjósa um tillögurnar á morgun og bæjarstjórnin er bundin af niðurstöðunni.**



FRÉTTASKÝRING
SKIPULAGSMÁL

JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON
BLAÐAMAÐUR

Seltirningum gefst á morgun kostur á að kjósa á milli tveggja skipulagstillagna, H- og S-tillögu, um Hrólfsskálamel og Suðurströnd.

Munurinn á tillögunum felst aðallega í því að svokölluð H-tillaga gerir ráð fyrir því að knattspyrnuvöllurinn við Suðurströnd verði færður að Hrólfsskálamel, þar sem Ísbjörninn stóð þar til hann var rifinn í fyrra. Þannig verði hægt að koma fyrir íbúðarbyggð bæði að Hrólfsskálamel og við Suðurbraut og byggja 130 nýjar íbúðir. S-tillagan gerir ráð fyrir að hafa völlinn á sama stað og að 90 nýjar íbúðir verði byggðar.

Halldór Árnason, sem starfaði með rýnihópnum sem lagði tillögurnar fram, segir það mikilvægt fyrir Seltirninga að nýta landrými sitt vel til íbúðarbyggðar svo íbúum bæjarins fækki ekki frekar. Því styðji hann H-tillöguna. Hann segist gruna að andstaðan við þá tillögu komi helst frá einbýlishúsaeigendum í nágrenni malarvallarins sem af einhverjum ástæðum óttist að fá fjölbýlishús í grennd við sig.

Hann bendir á að tillaga um að færa knattspyrnuvöllinn yfir að Hrólfsskála hafi komið fram á íbúaþingi fyrir þremur árum og síðan verið samþykkt af skipulagsnefnd, æskulýðs- og íþróttaráði og svo bæjarstjórn. Hann skilji því ekki andstöðuna við þessa tillögu nú. Þá muni gervigrasvöllur við Hrólfsskálamel einnig nýtast skólabörnum í Mýrarhúsaskóla.

Þór Whitehead, sagnfræðingur og íbúi á Seltjarnarnesi, er Halldóri ósammála um ágæti H-tillögunnar. Hann telur að skólakrakkar vilji heldur hafa stórt graslendi við skólann sinn en gervigrasvöll til að leika sér á í frímínútum. Þór telur að samkvæmt H-tillögunni verði aðkoman að miðbænum afar ljót þar sem gert sé ráð fyrir að sex 20 metra háir flóðljósaturnar og 26 metra langur veggur blasi þar við. „Þá verður varla nokkurri verslun komið fyrir í nýja hverfinu ef völlurinn verður á Hrólfsskálamel. Hvað á þá að gera ef Eiðistorgið rýmir ekki þær verslanir sem þarf í framtíðinni?“ spyr hann. Þór telur að ef fótboltavöllurinn fari á Hrólfsskálamel verði svo þrengt að honum að uppbygging við hann verði nær ómöguleg. Því verði örugglega farið að huga að því að færa hann þegar þurfi að endurnýja gervigrasið, sem endist í um tíu ár.

Þór telur því skynsamlegri framtíðaráform að hafa völlinn við Suðurströnd þar sem er nóg pláss og kappleikir angra ekki aldraða og aðra sem munu búa að Hrólfsskálamel. Hann segist enn fremur ekki sjá af hverju gervigrasvöllurinn verði að vera nálægt búningsaðstöðu. „Ég sé ekki að íþróttafólkinu sem mun nota þennan völl verði skotaskuld úr því að skokka nokkra tugi metra til að komast á völlinn.“ Einnig telur hann að ef menn vilji hafa búningsklefana nær vellinum sé hægt að koma þeim fyrir norðanmegin á húsinu við hlið vallarins við Suðurströnd.

Halldór svarar því aftur á móti til að ekki sé þörf á plássfrekri uppbyggingu við gervigrasvöllinn og að allir forráðamenn Gróttu séu hlynntir því að hafa völlinn á Hrólfsskálamel. Því þyki honum einkennilegt að aðrir sem þekki síður til reyni að hafa vit fyrir þeim um íþróttauppbyggingu félagsins.



**HRÓLFSSKÁLAMELUR VIÐ SUÐURSTRÖND** Framtíð þessa svæðis hefur skipt Seltirningum í tvær fylkingar.

**H-tillaga**
**Gervigrasvöllur við Hrólfsskálamel**
-gerir ráð fyrir fleiri íbúum
-samnýting íþróttavallar og leiksvæðis skólabarna
-samnýting íþróttavallar og íþróttahúss

**S-tillaga**
**Gervigrasvöllur við Suðurströnd**
-gerir aðkomuna að miðbænum mun fallegri þar sem gert er ráð fyrir háum veggjum og flóðljósum nálægt miðbænum í H-tillögu
-eyðileggur minna af útivistarsvæðum
-mun meiri möguleikar á frekari uppbyggingu við nýja gervigrasvöllinn
-minnkar umferð við skólasvæði



**H-TILLAGA** Gerir ráð fyrir að gervigrasvöllur komi á Hrólfsskálamel og íbúðarbyggð þar sem malarvöllurinn er neðan við Valhúsaskóla. Samkvæmt henni verða byggðar 130 nýjar íbúðir sem hýsa myndu um það bil 350 íbúa.






Íbúalýðræði í fyrsta sinn:

## Tímamótakosningar

**SVEITARSTJÓRNARMÁL** Niðurstöður kosninganna á Seltjarnarnesi sem fara fram á morgun um skipulagsmál við Suðurströnd og Hrólfsskálamel eru bindandi fyrir bæjarstjórnina. Jónmundur Guðmarsson bæjarstjóri segir þetta vera tímamót hér á landi þar sem ekki hafi þekkst að stjórnvöld hafi gengið svo langt að leggja skýra valkosti í hendur bæjarbúa og bjóða þeim að taka bindandi ákvörðun um niðurstöðu máls. Hins vegar hafi stjórnvöld staðið fyrir skoðanakönnunum og kosningum með flóknum reglum þar sem stjórnmálamenn telji sig svo óbundna af niðurstöðunni.

Bæjarstjórinn segir því að íbúarnir stigi skref samráðs og lýðræðis á morgun sem hingað til hafi ekki verið stigið til fulls.



**S-TILLAGA** Gerir ráð fyrir að gervigrasvöllur komi þar sem malarvöllurinn er nú við Suðurströnd og einungis verði íbúðarbyggð á Hrólfsskálamel. Samkvæmt henni verða byggðar 90 nýjar íbúðir sem hýsa myndu um það bil 240 íbúa.


Handklæða
markaður
Við bjóðum upp á vönduð handklæði
á verði sem þú finnur ekki annars staðar...
Þvottapoki
29 kr
Þvottastykki
89 kr
Handklæði
50 x 100
399 kr
Handklæði
70 x 140
699 kr
Þvottapoki
29 kr
Gildir á meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

## SVONA ERUM VIÐ

**ALIFUGLAKJÖTFRAMLEIÐSLA Á ÍSLANDI**

**1990: 1.519 TONN**
**1995: 1.952 TONN**
**2003: 5.706 TONN**

Heimild: Bændasamtök Íslands

# baksvið

*fréttir og fróðleikur*

**FBL GREINING:** RÍKISENDURSKOÐUN

## *Fjárreiður ríkisins grandskoðaðar*

Ríkisendurskoðun hefur verið í fréttum að undanförnu, fyrst vegna rannsóknar á hæfi Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra við sölu ríkisbankanna og aftur fyrir umfjöllun sína um útgjöld ríkisstofnana. Hlutverk Ríkisendurskoðunar er hins vegar býsna fjölbreytt.

### Ábyrgðin gagnvart Alþingi

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun starfar stofnunin á vegum Alþingis og ber ábyrgð gagnvart því. Forstöðumaður stofnunarinnar, ríkisendurskoðandi, er skipaður af forsætisnefnd Alþingis til sex ára í senn og skal engum vera háður í störfum sínum. Hann ræður sjálfur starfsfólk til stofnunarinnar og getur ýmist að eigin frumkvæði eða samkvæmt óskum þingmanna krafist skoðunar á einstökum málum sem falla undir starfsemi Ríkisendurskoðunnar.

### Endurskoða reikninga ríkisfyrirtækja

Ríkisendurskoðun er falið að endurskoða ríkisreikning og reikninga allra þeirra stofnana, sjóða og annarra þar sem kostnaður er greiddur af ríkissjóði. Einnig skal stofnunin endurskoða reikninga þeirra stofnanna sem reknar eru á ábyrgð ríkissjóðs. Við endurskoðun skal Ríkisendurskoðun kanna hvort reikningar séu í samræmi við heimildir í fjárlögum og fjáraukalögum.



**SIGURÐUR ÞÓRÐARSON**
**RÍKISENDURSKOÐANDI**

### Grípa ekki til aðgerða

Samkvæmt reglugerð um framkvæmd fjárlaga skal meta hvort grípa eigi til sérstakra aðgerða ef rekstrarkostnaður ríkisstofnana fer meira en fjögur prósent fram yfir fjárlög og fjáraukalög. Í nýútkominni skýrslu Ríkisendurskoðunar er bent á að á síðasta ári fóru um 120 af nærri 520 ríkisstofnunum yfir þetta fjögurra prósenta mark. Þegar slík staða kemur upp getur Ríkisendurskoðun ekki gripið til annarra aðgerða en að benda ríkisstjórn á misbrestina.

## SPURT & SVARAÐ

**ERLENT VERKAFÓLK OG KJARASAMNINGAR**



**ÞÓRUNN SVEINBJÖRNSDÓTTIR**
Fyrsti varaformaður Eflingar-stéttarfélags.

## *Þýða kjarasamninga*

Málefni erlends verkafólks hefur mjög verið til umræðu að undanförnu, þar sem stéttarfélög telja að margir vinnuveitendur greiði þeim laun sem eru undir þeim lágmarkskjörum sem það á rétt á að fá. Þórunn Sveinbjörnsdóttir, hjá Eflingu-stéttarfélagi, segir algengt að erlent verkafólk þekki ekki réttindi sín.

**Er algengara að brotið sé á erlendu verkafólki en íslensku?**

„Það er svona ívið meira um það myndi ég telja. Þannig er að þetta fólk hefur yfirleitt ekki mjög góða íslenskukunnáttu og þar liggur vandinn. Við höfum heldur ekki kjarasamninga nema á íslensku þannig þetta getur verið mjög erfitt fyrir fólkið. Við höfum núna sóst eftir því til félagsmálaráðuneytisins að þýða kjarasamninga yfir á erlend tungumál og bíðum eftir svari.“

**Hvað breytist með því að þýða kjarasamninga?**

„Það er auðvitað ekki nauðsynlegt að þýða kjarasamningana alveg. Það þarf að þýða að minnsta kosti hluta þeirra svo þeir sem hér starfa geti fengið upplýsingar um réttindi sín og skyldur samkvæmt samningunum. Upplýsingaflæðið til fólksins er takmarkað og þess vegna þarf að koma skilaboðunum einhvern veginn til þess.“

**Hvaða tungumál þarf að þýða á?**

„Það er auðvitað fyrst og fremst enska en svo er orðið nauðsynlegt að þýða yfir á pólsku finnst mér því mikið af pólsku fólki er komið hingað til lands.“

ÞÚ HEYRIR ÞAÐ STRAX
Talstöðin færir þér fréttir oftar á sólarhring en nokkur önnur íslensk útvarpsstöð.
!
Talstöðin
FM 90,9



**GUÐNI ÁGÚSTSSON LANDBÚNAÐARRÁÐHERRA** „Að öllu samanlögðu hefur landbúnaðarráðuneytið skilað nokkrum afgangi en ekki þriggja milljarða króna halla í minni tíð.“

# Segir ráðuneytið ekki hafa farið fram úr fjárheimildum

**Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra vísar á bug fréttum um að ráðuneyti sitt hafi farið milljarða fram úr fjárheimildum. Þvert á móti hafi það skilað meira en 300 milljóna króna afgangi í sinni tíð að teknu tillliti til fjáraukalaga og sértekna.**

Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra mótmælir harðlega framsetningu Fréttablaðsins síðastliðinn þriðjudag þar sem sagði í fyrirsögn að ráðuneyti hans hefði farið alls um þrjá milljarða króna fram úr fjárlögum árin 1999 til 2003.



**FRÉTTASKÝRING**
FJÁRLÖG

**JÓHANN HAUKSSON**
BLAÐAMAÐUR

„Blaðið birti fréttina án þess að styðjast við upplýsingar um fjáraukalög. Þar fór verr því fréttin er röng, ekki byggð á réttum forsendum,“ segir Guðni. Hann segir að sönn mynd af fjárheimildum og útgjöldum fáist með því að taka ekki aðeins tillit til heimilda í fjárlögum heldur einnig fjáraukalaga sem og annarra tekna. „Á þessum fimm árum námu viðbótarheimildir í fjáraukalögum um 1,6 milljörðum króna og breytingar á tekjum merktar landbúnaði urðu einnig meiri eða sem nemur 1,6 milljörðum króna. Þannig verður ljóst að á árunum frá 1999 til ársloka 2004 var ráðuneyti mitt meira en 300 milljónum króna innan heimilda,“ segir Guðni.

Í nýrri skýrslu Ríkisendurskoðunar er meðal annars fjallað um framkvæmd fjárlaga hjá landbúnaðarráðuneytinu. Uppsafnaður halli embættis yfirdýralæknis er þar talinn vera um 80 milljónir króna auk 90 milljóna króna vegna gjaldþrota sláturhúsa. Landbúnaðarháskólinn á Hvanneyri hefur farið alls um 144 milljónir króna fram úr heimildum á þremur árum og Háskólinn á Hólum í Hjaltadal hefur á þremur árum farið alls um 110 milljónir króna fram úr heimildum. Ríkisendurskoðun segir um embætti yfirdýralæknis að óviðunandi sé að ekki skuli gripið til aðgerða gegn hallarekstrinum miklu fyrr af hálfu forstöðumanns og ráðuneytis. Í svipaðan streng er tekið varðandi rekstrarvanda Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri og talið óviðunandi að skólinn sé rekinn með halla á þessu ári. „Ljóst er að rekstrarumfang var langt út fyrir fjárheimildir árið 2004. Yfir 50 milljóna króna halli myndaðist vegna fjósbyggingar. Það er ekki hægt í fljótu bragði að sjá að Landbúnaðarháskóli Íslands hafi nægjanlega traustan fjárhagsgrundvöll miðað við núverandi stöðu,“ segir í skýrslunni.

Ríkisendurskoðun telur jafnframt að forstöðumaður og ráðuneyti hafi brugðist allt of seint við rekstrarvanda Háskólans á Hólum. Lagt er til að rekstrinum verði breytt nú þegar til samræmis við fjárheimildir og mælst er til þess að ráðuneytið taki af skarið í þeim málum sem lögð hafi verið fyrir það. Ríkisendurskoðun telur að skoða þurfi hvort raunhæft sé að reka fleiri en einn landbúnaðarháskóla og vísar til þess að kostnaður í skólunum á Hvanneyri og Hólum sé tveimur til þremur milljónum króna meiri á hvern nemanda en í öðrum háskólum. Í skýrslunni er talið verulega ámælisvert að stjórnendur stofni nýja deild við skólann án þess að fullnægjandi heimildir liggi fyrir.

Guðni Ágústsson segir að skólarnir hafi verið sókndjarfir á síðustu árum. „Miklar væntingar eru bundnar Landbúnaðarháskóla Íslands og Hólaskóla, nemendum fjölgar og mörg ný tækifæri blasa við í landbúnaði. Ég lít ávallt á það sem verkefni mitt að stofnanir innan landbúnaðarráðuneytisins séu reknar innan fjárheimilda en einnig að þær fái það sem þær þurfa til þess að sinna verkefnum sínum,“ segir Guðni Ágústsson. ■

### FJÁRHEIMILDIR OG GJÖLD LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTISINS Í FIMM ÁR

ALLAR FJÁRHÆÐIR Í MILLJÓNUM KRÓNA

| Ár | fjárlög | fjárlög, fjáraukalög | gjöld | mismunur | frávik |
|---|---|---|---|---|---|
| 1999 | 8.530 | 9.121 | 9.346 | -225 | -2,5 % |
| 2000 | 8.971 | 9.471 | 9.520 | -31 | -0,3 % |
| 2001 | 10.526 | 11.424 | 11.039 | 385 | 3,4% |
| 2002 | 10.821 | 11.514 | 11.610 | -96 | -0,8% |
| 2003 | 11.465 | 12.389 | 12.096 | 293 | 2,4% |
| **samtals** | **50.313** | **53.920** | **53.594** | **326** | **0,6%** |

Að viðbættum fjáraukalögum og öðrum tekjuliðum skilar landbúnaðarráðuneytið liðlega 300 milljóna króna afgangi í tíð Guðna Ágústssonar landbúnaðarráðherra.



Mercedes-Benz

# Nýr & breyttur Mercedes M - Class 2006

Eigum fyrirliggjandi nýja Mercedes Benz ML 350, ML 500, ML 500 AMG & ML 500 Premium model 2006 til afhendingar strax í dag

Komdu í reynsluakstur
Upplifðu nýjan & breyttan M - Class frá Mercedes Benz

Sýning um helgina - opið laugardag & sunnudag 11 - 16

MASTER

Master ehf, Glæsibæ, Álfheimum 74, 104 Reykjavík, sími 540 2200
www.masterbill.is

Þjónustuaðili Mercedes Benz á Íslandi frá upphafi er
RÆSIR HF

# skoðun

SJÓNARMIÐ
KÁRI JÓNASSON

Athyglisverðar tilraunir með breytingar á samfélaginu í Hrísey.

## Sjálfbær perla í Eyjafirði

Umhverfisvakningin sem átt hefur sér stað víða um lönd tekur á sig margs konar myndir. Það er ekki bara að fólk sé að mótmæla stórframkvæmdum víða, heldur hefur orðið mikil vakning varðandi verðmætamat, mengun og betri nýtingu náttúruauðlinda. Nú er farið að nýta margs konar úrgang og sorp til ýmissa hluta, starfsmenn Sorpu á höfuðborgarsvæðinu eru iðnir við að venja fólk á að flokka margs konar úrgang sem til fellur í daglegu lífi og að blanda ekki saman ólíkum efnum í sorpgámana. Allt er þetta af hinu góða og augu margra opnast fyrir því að nýta hlutina á annan hátt en áður, og vinna verðmæti úr því sem til fellur. Það tekur töluverðan tíma að kenna fólki og opna augu þess fyrir ýmsu varðandi sorphirðu og förgun ýmiss konar úrgangs, en svo virðist sem töluvert hafi áunnist í þeim efnum.

Nýjustu hugmyndirnar á þessum vettvangi varða sjálfbær samfélög svokölluð. Þá er átt við það að nýta orkulindir og annað á staðnum og hafa sem minnst aðflutt. Það verður þó aldrei hægt að hafa fullkomið sjálfbært samfélag, því nútímamaðurinn vill að sjálfsögðu njóta nútímatækni og þæginda, og getur vart verið án ýmissa hluta sem tilheyra nútímasamfélagi. Það er hins vegar hægt að nýta sér þessa hluti á ýmsan hátt og fara vel með.

Sú hugmynd hefur verið reifuð að í Hrísey á Eyjafirði verði rekið sjálfbært samfélag. Hrísey er nefnd perla Eyjafjarðar og þar hafa menn um langan aldur hugað að umhverfi sínu. Norðurhluti eyjarinnar hefur um langan aldur verið alfriðaður og þar hafa verið miklar rjúpnalendur, enda er það ekki óalgeng sjón að sjá rjúpur á gangstígum og við hús í Hrísey.

Ein meginforsendan fyrir sjálfbæru samfélagi í Hrisey er jarðhitinn sem er þar í iðrum jarðar og er nú þegar notaður við húshitun. Það er margt fleira sem mælir með því að gerð verði tilraun með sjálfbært samfélag í Hrísey, en efst á blaði er kannski að hér er um að ræða eyju sem er laus við meindýr ýmiss konar, og að hér er um nokkuð sérstakt samfélag að ræða.

Nú þegar er allur lífrænn úrgangur endurunninn í Hrísey og gerð úr honum næringarrík mold.

Fyrir nokkrum árum bárust sífelldar vandræðafréttir úr Hrísey varðandi atvinnumál, en það er eins og menn þar hafi farið að hugsa á allt öðrum nótum eftir að ekki var lengur hægt að treysta á kaupfélagsveldið í eynni. Nú eru gerðar þar athyglisverðar tilraunir með kræklingarækt. Nefndar hafa verið háar tölur í þeim efnum, en þótt aðeins hluti af því yrði að veruleika er ljóst að um mjög áhugvert mál er að ræða. Það virðist ljóst að aðstæður til slikrar starfsemi eru hagstæðar við Hrísey, en svo er eftir að selja afurðirnar og koma þeim á markað.

Stjórnvöld þurfa að veita þessari tilraun til sjálfbærs samfélags í Hrísey athygli og veita henni nauðsynlegan stuðning. Þessi tilraun gæti orðið fyrirmynd að öðrum sjálfbærum samfélögum og betri nýtingu á ýmsum verðmætum í samfélaginu. ■

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Borgarstjóri á Akureyri



Sjálfstæðismenn í Reykjavík ætla að velja frambjóðendur sína fyrir borgarstjórnarkosningar í prófkjöri í haust. Misjafnar skoðanir eru á því hvort leiðtogaefnin, sem nefnd hafa verið í opinberri umræðu, séu svo sterk að þau geti fellt meirihluta Reykjavíkurlistans. Meðal hugmynda sem munu hafa komið fram er að Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, komi reykvískum sjálfstæðismönnum til bjargar og gefi kost á sér til forystu fyrir flokkinn í prófkjörinu í haust.

### Stjórnarráðskosningar í Reykjavík

Átökin um skiptingu flokkanna á R-listanum halda áfram. Samfylkingin hefur gefið sterklega í skyn að hún treysti sér vel til að fara fram á eigin forsendum og hefur lagt til að haldið verði prófkjör nánast án trygginga fyrir hina flokkana. Nokkuð óvænt en frekar viðbúin skilaboð munu nú hafa borist langt að ofan til félaganna í Reykjavík um nauðsyn þess að Samfylkingin tjasli saman R-listanum. Framtíð flokksins í Reykjavík sé lítil sem engin ef litið er til tækifæranna að hirða stjórnarráðið eftir næstu alþingiskosningar.

### Þingsæti í Hafnarfirði



Nú er orðið ljóst að Guðmundur Árni Stefánsson heldur brott til Svíþjóðar. Félagar í samfylkingarbænum Hafnarfirði munu vera farnir að huga að arftaka hans á Alþingi. Þeir sem helst eru nefndir þar eru Lúðvík Geirsson bæjarstjóri og Gunnar Svavarsson, forseti borgarstjórnar. Gunnar mun ekki hafa í hyggju að taka þátt í prófkjöri fyrir næstu bæjarstjórnarkosningar heldur láta Lúðvík eftir bæinn og sigla sjálfur inn í alþingiskosningar, enda ábyrgð Lúðvíks mikil að skilja bæinn ekki eftir í reiðileysi.

**hjalmar@frettabladid.is**

## Hver var rændur?

„Hver var rændur?" spurði ég sjálfan mig þegar ég las DV í gær. Þar var haft eftir Guðmundi Árna Stefánssyni, fyrrverandi bæjarstjóra í Hafnarfirði, þingmanni Samfylkingarinnar og tilvonandi sendiherra, að tilraunir einhverra manna til að ná yfirráðum yfir Sparisjóði Hafnarfjarðar væru „ekki minna en rán um hábjartan dag".

Voru það hluthafar sparisjóðsins, sem kallast stofnfjáreigendur, sem voru rændir? Nei, samkvæmt fréttinni voru þeim boðnir tugir milljóna króna fyrir stofnbréf sín sem þeir fengu eftir að hafa lagt um tvö hundruð þúsund krónur í rekstur sparisjóðsins. Ágætis hagnaður ef rétt reynist og alls ekkert rán.

Var það kannski starfsfólk sparisjóðsins sem var rænt? Varla. Ekki var hlutur þeirra tekinn ófrjálsri hendi ef einhver var. Þeir voru því ekki rændir frekar en starfsfólk Eimskips þegar Avion Group keypti það fyrirtæki af Burðarási á dögunum.

Nú, en hvað með íbúa Hafnarfjarðar? Voru þeir rændir ? Ekki fær það staðist þegar betur er að gáð. Sparisjóður Hafnarfjarðar er ekki í eigu bæjarbúa og varla er hægt að stela frá þeim einhverju sem ekki er í þeirra eigu. Einstaklingar eignast ekkert sjálfkrafa í fyrirtækjum sem þeir eiga í viðskiptum við.

En hvað með Guðmund Árna sjálfan eða Lúðvík Geirsson, bæjarstjóra, sem lýstu áhyggjum sínum yfir þessu meinta tilboði til stofnfjáreigenda? Enn og aftur er svarið nei. Þeir verða ekki fátækari gangi þetta eftir. Enginn ofangreindra aðila verður í raun fátækari nái einhverjir aðrir yfirráðum í Sparisjóði Hafnarfjarðar en eru þar fyrir.

Málið er nefnilega sáraeinfalt. Þegar menn eiga frjáls viðskipti tapar enginn. Í þessu tilviki er verið að tala um stofnfé í sparisjóði. Ljóst er að þótt einn selji sitt stofnfé fyrir uppsett verð tapar enginn annar. Ekki frekar en fólk fólk tapar þegar það kaupir sér pylsu og kók – þótt þau viðskipti séu augljóslega smærri í sniðum.

ÍDAG
SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR



BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

*Væri ekki nær fyrir Guðmund Árna og Lúðvík Geirsson að fagna því að einhverjir skuli hafa áhuga á að ná yfirráðum í Sparisjóði Hafnarfjarðar – hverjir svo sem þeir eru? Skiptir einhverju máli hver á sparisjóðina? Ef hinir sömu kysu að breyta sparisjóðnum í hlutafélag yrði til gríðarstór sjóður, Hafnarfjarðarsjóðurinn, sem gæti úthlutað háum fjárhæðum til verkefna í heimabyggð...*

Lúðvík Geirsson segist ekki sjá hvernig hægt sé að fara með Sparisjóð Hafnarfjarðar eins og hverja aðra söluvöru á markaði. Af hverju ekki? Hvaða önnur lögmál gilda um sparisjóði en önnur fyrirtæki? Sparisjóðurinn er ekki stjórnsýslustofnun. Þetta er fjármálafyrirtæki á markaði sem þarf að keppa um viðskiptavini og selja þeim eftirsóknarverða þjónustu.

Þegar þessum sjónarmiðum er haldið fram setja menn upp hatt lýðskrumarans og ítreka það sem kallað er samfélagsleg ábyrgð sparisjóðanna. Þeir séu „eign allra bæjarbúa".

Í því sambandi er rétt að minna hina sömu á að þeir komu í veg fyrir að Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis væri breytt í hlutafélag. Um leið komu þeir í veg fyrir að stofnaður yrði sex milljarða króna sjóður sem átti að úthluta peningum árlega í menningu og listir, íþróttir, forvarnir og önnur „samfélagsleg verkefni" á sínu starfssvæði. Það var ekki um neinar smáupphæðir að ræða. Talað var um að sjóðurinn hefði getað úthlutað um 300 milljónum króna árlega til þessara verkefna. Hefðu stjórnendur sparisjóðsins ekki sýnt mikla „samfélagslega ábyrgð" með því?

Rekstrarform sparisjóðanna er úrelt. Þeir sem vilja ekki horfast í augu við það vinna sparisjóðunum í landinu meira ógagn en gagn. Ég get tekið undir með þeim sem segja að sparisjóðirnir séu mikilvægir í flóru fjármálafyrirtækja á landinu. En samkeppnin á milli fjármálafyrirtækja er hörð. Sífellt verður þjónustan betri og fjölbreyttari, eins og ný íbúðalán er dæmi um, og erfiðara fyrir sparisjóðina að keppa við sambærileg fyrirtæki. Hagræðing innan sparisjóðakerfisins er torsótt, möguleikar til vaxtar takmarkaðir og sameining virðist vera þyrnir í augum margra. Af þessu hafa eftirlitsstofnanir áhyggjur.

Væri ekki nær fyrir Guðmund Árna og Lúðvík Geirsson að fagna því að einhverjir skuli hafa áhuga á að ná yfirráðum í Sparisjóði Hafnarfjarðar – hverjir svo sem þeir eru? Skiptir einhverju máli hver á sparisjóðina? Ef hinir sömu kysu að breyta sparisjóðnum í hlutafélag yrði til gríðarstór sjóður, Hafnarfjarðarsjóðurinn, sem gæti úthlutað háum fjárhæðum til verkefna í heimabyggð sem stjórnendur hans teldu mikilvæg?

Eftir að hafa íhugað þetta er bara eitt svar rökrétt: „Það var enginn rændur, Guðmundur Árni". ■









FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRAR: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Ernir Rúnarsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Tilboð 2 fyrir 1
## af öllum PROSTYLE hjólum
## – aðeins greitt fyrir dýrara hjólið




**Hagkaup með á nótunum**

Samkvæmt íslenskum lögum (reglugerð nr. 635-1999) þurfa íslenskar leiðbeiningar að fylgja öllum hjálmum til einkanota frá framleiðanda. Þetta er gert til að tryggja örugga notkun þeirra. Bell hjólahjálmarnir eru með íslenskum leiðbeiningum frá framleiðanda og allar reglugerðir og staðla í lagi.

UMFERÐAR RÁÐ
á þínum vegum!




**Regnjakki**, bleikur, blár, st. 80-130, **2.499kr**

**Regnbuxur m/smekk og án** bleikar, bláar, st. 80-130, 100-130 **1.999kr**

**Stígvél í bakpoka**, bleik, blá, st. 22-35, **2.999kr**

**Stígvél í bakpoka**, bleik, blá, st. 22-35, **2.999kr**

### 12"hjól 3-5 ára

**Champion** — **10.999kr**

**Fjöldi gíra:** 1
**Bremsur:** Fótbremsa að aftan (120SP-L) og handbremsa að framan (1000S)



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

### 20"hjól 7-9 ára

**Princess** — **14.999kr**

**Fjöldi gíra:** 6
**Tegund gíra:** Shimano
**Bremsur:** Trektro handbremsa að framan og aftan



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

### 20"hjól 7-9 ára

**Mud Racer** — **14.999kr**

**Fjöldi gíra:** 12
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Trektro handbremsa að framan og aftan



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

### 24"hjól 9-12 ára

**Offroad** — **19.999kr**

**Fjöldi gíra:** 18
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

### 24"hjól 9-12 ára

**Pallas** — **19.999kr**

**Fjöldi gíra:** 18
**Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

### 26"hjól fyrir herra

**Puma** — **24.999kr**

**Fjöldi gíra:** 18 **Tegund gíra:** Shimano Grip shift
**Bremsur:** Alloy Silver handbremsa að framan og aftan



2 fyrir 1 Þú greiðir fyrir dýrara hjólið.

Gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255






# Breytt staða Framsóknar

UMRÆÐAN
STAÐA FRAMSÓKNARFLOKKSINS



BERGÞÓR SKÚLASON
TÖLVUNARFRÆÐINGUR

*Þrátt fyrir að flokkurinn hafi unnið markvisst undanfarin tíu ár að endurskipulagningu samfélagsins, með það að markmiði að auka hagsæld og velferð, hefur hann á sér ímynd afturhalds og sérhagsmunapots.*

Sigur Ingibjargar í formannskjöri Samfylkingarinnar í síðasta mánuði var óumdeildur og henni til sóma. Kjör hennar er sannfærandi endurkoma í stjórnmálin eftir tveggja ára hvíld og hér með er hún orðin óskoraður leiðtogi Samfylkingarinnar og má reikna með að hún beiti sér í samræmi við það. Össur skilaði til hennar flokki sem ekki er mikið annað en sundurleit hjörð. Í formannstíð sinni náði hann að sameina flesta af vinstri vængnum undir merkjum fylkingarinnar en náði aldrei að búa til úr þessu gengi samhentan flokk. Málefnavinna þeirra á þingi hefur fram að þessu hvorki verið fugl né fiskur, hvert upphlaupið eftir annað til að elta athygli fjölmiðla í von um að ná inn í fréttatíma eða spjallþætti.

Mann vanan trésmíðavinnu vantar til starfa við húsaviðgerðir. Uppl. í s. 616 1569.

Starfsfólk óskast í kvöld, nætur og helgarræstingar. Upplýsingar í síma. 892 8454 eða bontaekni@simnet.is

**Símsmiður/Rafvirkji**
Óska eftir að ráð símsmið eða rafvirkja til starfa sem fyrst. Uppl. í s. 663 9100.

**Steinsteypusögun!**
Góður starfsmaður óskast í steinsteypusögun og kjarnaborun. Gott kaup fyrir góðan aðila. Uppl. í síma 893 3236.

Óskum eftir að ráða trésmiði, mikil vinna framundan. Uppl. í s. 860 0860.

Byggingaverkamenn. Óskum eftir að ráða vana verkamenn, mikil vinna. S. 860 0860.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

TANTRA
EROTÍSK VERSLUN
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VHS, DVD, OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA
OPIÐ MÁN - FÖS 12:00 - 20:00
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00
KOMIÐ Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11
EÐA SKOÐIÐ HEIMASÍÐU OKKAR
WWW.TANTRA.IS
SÍMI 588 6969.

Ekkja um sextugt óskar eftir traustum vini með marvísleg áhugamál. Upplýsingar sendist merkt "dýravinur"

## Félagsmenn Rafiðnaðarsambands Íslands

Munið árlega fjölskylduhátíð 24. - 26. júní að Skógarnesi við Apavatn.

**Félag íslenskra símamanna**

## FASTEIGNIR

**STÓRGLÆSILEGT NÝTT HJÓLHÝSI**
**HOBBY EXCELSIOR 560-Ufe**



Þetta glæsilega hjólhýs er til sölu. Ónotað árgerð 2005 108L Ískápur 220V-12V -Gas, WC með sturtu, gasofn, halogenlýsing, 50 lítra vatnstankur, leður hringsófi, 2 topplúgur, myrkratjöld og flugnanet fyrir öllum gluggum, mottur yfir parketi, tvískipt hurð, útiljós, coaxial kapall ídregin fyrir sjónvarp inni og útitopp grind og stigi ofl. ofl.

**Verð kr. 2.350.000**
Upplýsingar í síma 899-3090

## ATVINNA



# Framtíðarstarf og sumarafleysingar

**AÐFÖNG óska eftir starfsmönnum í lagerstörf.**

Um er að ræða framtíðarstörf og einnig í sumarafleysingar.Við bjóðum upp á góða tekjumöguleika, góða vinnuaðstöðu og mötuneyti er á staðnum. Leitað er að kraftmiklum og áreiðanlegum einstaklingum sem eru eldri en 18 ára og vilja framtíðarstarf hjá traustu og framsæknu fyrirtæki.

Umsóknareyðublöð má fá í móttöku Aðfanga að Skútuvogi 7, 104 Reykjavík einnig er hægt að sækja um á www.adfong.is Upplýsingar gefur Ríkarð í síma 693-5602.

AÐFÖNG

# Grunnskóli Borgarfjarðarsveitar

**auglýsir eftir kennurum:**

**Sérkennara í Kleppjárnsreykjaskóla,**
en þar eru um 105 nemendur í 1. – 10. bekk.

**Umsjónarkennara í Andakílsskóla,**
Þar sem eru um 30 nemendur í 1. – 5. bekk

Nokkuð er um samkennslu, einstaklingsmiðað nám og þátttöku í þróunarverkefnum s.s. útikennslu, Lesið í skóginn – með skólum, Grænfánann o.fl.

**Nánari upplýsingar veitir**
**Guðlaugur Óskarsson skólastjóri**
í síma 4351171, 8615971 og 4351170

# SAMLESNAR AUGLÝSINGAR

90,9 · 98,9 Bylgjan · FRÉTTABLAÐIÐ · Létt 96,7 · vísir

Dráttarbeisli
**Víkurvagnar**

Hrein hamingja,
**Weber.**

Kúplingar í bíla
**Fálkinn**

Loftræstiviftur – borðviftur
**Fálkinn**

Kerrur.
**Víkurvagnar**

Slökkvitæki, slökkvitækjaþjónusta.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Hágæða 3,6 metra trampolin
með 40% afslætti aðeins þessa helgi.
Frí heimsending á höfuðborgarsvæðinu.
**Dótabúðin Kringlunni og Dótabúðin Smáralind.**

Hemlahlutir í bíla
**Fálkinn**

Hleðslurafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Alltaf Traffic,
**Traffic Keflavík.**

**framkollunarthjonustan.is**

Borgarsport Hyrnutorgi.
Frábært úrval af nýjum vörum,
sjón er sögu ríkari.
**Borgarsport Borgarnesi.**

Takk fyrir.
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Tjaldsvæði og gisting.
Gesthús, Selfossi.
**Upplýsingar í síma 4823585 og gesthus.is**

Erum með frábært úrval af nýjum og notuðum bílum, sjón er sögu ríkari.
**Bílasala Vesturlands, Borgarnesi.**

Velkomin að Reykhólum.
**Jónsbúð Reykhólum.**

Slökkvitæki, Reykskynjarar, Eldvarnateppi.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg**

Yfir 1200 vörutegundir á útsölu.
**IKEA**

Erum í hjarta bæjarins.
**Nýja bakaríið, Keflavík.**

Hamborgaratilboð.
**Vitaborgarinn Ármúla, Vitabar.**

Weber,
**ekki bara grill.**

Rafhlöður.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Rýmum fyrir nýjum vörum.
**IKEA**

Íslensk paprika, safarík og brakandi fersk.
**Íslenskt grænmeti.**

Glæsileg opnunarhátíð Kirkjudaga
kl. 20 í kvöld í Hallgrímskirkju.
**kirkjan.is**

Eigum lausa tjaldvagna.
**Tjaldvagnaleigan Stykkishólmi.**

Bráðvantar dönsku lesbókina Stikker, þú færð 680 krónur fyrir þína.
**Griffill -alltaf ódýrari.**

Nýja platan með Ragga Bjarna
**er komin í verslanir Skífunnar.**

Glóðarsteiktur hamborgari
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Þráðlaus innbrota og viðvörunarkerfi, gott verð.
**Eldvarnamiðstöðin, Sundaborg.**

Útsalan er hafin.
**IKEA**

Ferskt og gott alla daga vikunnar.
**Nýja bakaríið, Keflavík.**

Hleðslutæki.
**Rafhlöðubúðin Rafborg.**

Verum bjartsýn
**Hamborgarabúlla_Tómasar.**

Brúðubíllinn á Humarhátíð
**Hornafirði.**

Framlengingarspeglar
**Víkurvagnar**

Kirkjudagar á Skólavörðuholti hefjast í dag- ókeypis- allir velkomnir.
**kirkjan.is**

Íslensk paprika, hollt ljúfmeti í salatið,
á brauðið og með öllum mat.
**Íslenskt grænmeti.**

Leitum að 18-40 ára karlmönnum
til að leika í kvikmynd Clint Eastwood síðsumars.
**Upplýsingar hjá Eskimo, Hverfisgötu 103. 533-4646**

**Eitt símtal - meiri útbreiðsla - lægra verð**

Hringu í síma 550 5000 og fáðu auglýsinguna þína lesna samdægurs á Bylgjunni, Létt og Talstöðinni og birta í smáauglýsingum í Fréttablaðinu og á vísir.is
Mun fleiri en áður lesa og heyra auglýsinguna þína á einfaldan og ódýran hátt.



## SJÓNARHORN



Þetta stokkandarpar við Reykjavíkurtjörn tekur fyrirsætuhlutverk sitt alvarlega og brosir til beggja átta eins og vera ber. Mynd: Teitur.

RUGL VERÐ

# ÚTSALA

EKKI MISSA AF ÞESSARI

| | |
|---|---|
| STRIGASKÓR | 990 |
| STUTTERMA-BOLIR | 500 |
| TOPPAR | 500 |
| SANDALAR | 500 |
| GALLABUXUR | 1.990 |
| HETTUPEYSUR | 1.990 |
| SOKKABUXUR | 390 |
| DRAGTIR | 5.990 |
| SKYRTUR | 990 |
| BINDI | 990 |

50-80% afsláttur

og nú 50% auka-afsláttur

DIESEL
LEVI'S
SAINT TROPEZ
VAGABOND
PONY
KOOKAI
MISS SIXTY
LAURA AIME
SKECHERS
GAS
FIRETRAP
LACOSTE
BLEND
ADIDAS
G-SUS
PUMA
4-YOU
CONVERSE
MAO




GALLABUXUR
SKÓR
STÍGVÉL
TÖSKUR
BOLIR
PEYSUR
KJÓLAR
TOPPAR
PILS
SKYRTUR
JAKKAR
JAKKAFÖT
STAKAR BUXUR
HLÝRABOLIR
SOKKABUXUR
ÚLPUR
FLÍSPEYSUR

galleri sautjan - smash - retro - gs skór - sautján jeans - deres - focus - eva - centrum - kultur - companys

merki fyrir minna

s. 533 1710
www.ntc.is

OUTLET 10
FAXAFENI 10

opið
virka daga 11-18
laugardaga 11-16

# Sigríður og ráðherrarnir

UMRÆÐAN
BORGARALEG ÓHLÝÐNI



ALBERT JENSEN
TRÉSMIÐUR

Góð vinkona, sem lætur ekki hugsa fyrir sig, sagði frá því sem fyrir augu bar í ferð að Gullfossi. Þar á meðal var bronsstytta af konunni sem bjargaði fossinum frá eyðileggingu virkjunarsinna. Henni sem hét að varpa sér í fossinn ef ekki yrði hætt við að virkja þetta mesta djásn íslenskra fossa. Sigríður í Brattholti var tilbúin að fórna lífi sínu til að vekja þjóðina af sinnuleysisdvalanum og sjá alvöru málsins. Hún vildi fórna lífi sínu, dýrmætustu eign sinni, fyrir land sitt og þjóð. Virkjunarsinnar létu sér fátt um finnast, svo líklega hefði hún látið verða af því, en athyglin sem viðbrögð hennar vöktu, urðu fyrirhyggjuleysinu ofviða. Sigríður bjargaði Gullfossi, en þegar kom að ómetanlegu víðerni norðan Vatnajökuls, vantaði þá málsvara. Það varði stutt því þegar fólk áttaði sig á hve aðförin að landinu var skelfileg, og án nokkurar fyrirhyggju, varð hugarfarsbreyting. Meirihluti þjóðarinnar varð andsnúin skemmdarverkunum á Kárahnjúkasvæðinu og stóriðjuframkvæmdunum við Reyðarfjörð.

Á sama tíma og hugsandi ráðamenn annarra þjóða hafa áttað sig á mikilvægi heilnæms og óspillts umhverfis, hamast þeir íslensku á náttúru landsins sem mest þeir mega. Þeim er ekkert heilagt í þessum efnum og eru því landi og þjóð stórhættulegir í bókstaflegri merkingu. Þeir leggja fagurt landslag í auðn, menga jörðina, sjóinn, vötnin, árnar og himingeiminn. Umhugsunarverð er veruleikafirring valdamestu ráðherra okkar, þegar nýjustu rannsóknir sérfræðinga benda til ísaldar eftir 200 ár, vegna eyðingar ósonlagsins. En eyðing þess hefur áhrif á Golfstrauminn. Nokkur árangur hefur náðst með mótmælum prýðis fólks, sem lagt hefur mikið á sig í kostnaði og fyrirhöfn. Ráðstefnu innlendra og útlendra óvina náttúrulegs umhverfis, samtökum mengunarsinna, var mótmælt á klaufalegan en fórnfúsan hátt í síðustu viku. Ég hefði kosið að sjá hreint íslenskt vatn í flöskunum, því þarna var ágætt tilefni til þess að ausa menn vatni. Þvo af þeim óhreina hugunarháttinn með hreinni náttúruauðlind. Manneskjurnar þrjár, voru til í að fórna sjálfum sér fyrir málstaðinn, en skyrslettuaðferðin og sambærilegur kjánaskapur er gengin sér til húðar. En hugurinn á bak við er góður, hann þakka ég og virði tilganginn.

Það er ekki öllum gefið að færa fórnir sem sæmd er að og verður að leita til hinna almennu borgara að finna slíka. Þegar hins vegar er horft til fórna valdamestu ráðherranna þarf að staldra við. Segja má að stórmannlegt sé að færa svo mannskemmandi fórnir, að trúverðugleiki geranda glatist. En stórmennskan er lævi blandin, þegar fórnin er á kostnað annarra. Þegar allri þjóðinni og komandi kynslóðum blæðir fyrir. Hluti þjóðarinnar er að vísu neyddur til daglegra fórna, vegna undir liggjandi siðleysis og býr því við þungbært misrétti. Stefnu stjórnvalda er áfátt í mörgu, en í umhverfismálum er hún snarvitlaus og ógnvekjandi. ■

## AF NETINU

### Gúlag okkar tíma?

Þessar mannlegu tilfinningar viðbjóðs og andúðar hljóta að segja sína sögu um siðferðilegt gildi þessarar athafnar að drepa dýr. Ég hef meira að segja pælt í hvort kynslóðir framtíðarinnar eigi eftir að líta á sláturhús okkar tíma með svipuðum augum og við lítum á útrýmingarbúðir nasista. Ja, kannski ekki alveg svo sterkt en eitthvað í áttina þó.

**Magnús Davíð Norðdahl – djoflaeyjan.is**

### Lifi almenningssamgöngur

Á Íslandi ríkir sérkennilegur afturhalds- og neikvæðnisandi gagnvart almenningssamgöngum þar sem þeim er jafnan fundið allt til foráttu, stjórnmálamenn, fjölmiðlar og kveinhornin sameinast um að tína til öll rökin gegn þeim: veðurfar, fjarlægðir, kostnað og ímyndað þjóðareðli. En hér á ferðinni samsvarandi rökstuðningur og hjá gamalmenni sem bara ætlar ekki að fá sér tölvu: Fólk er fast í eigin íhaldssemi og rökin eru gervirök.

**Ármann Jakobsson – murinn.is**

### Engar undanþágur

Sé það réttlætanlegt að taka fé með valdi af skattgreiðendum og deila því út til einhverra, þá er eðlilegt að það séu lýðræðislega kjörnir valdhafar, eða þá einhverjir sem lögum samkvæmt starfa í þeirra umboði, sem taka slíka ákvörðun. Það vald á ekki að færa til fyrirtækja eða einstaklinga úti í bæ, þó þau greiði háa skatta. Sá sem fær skattaafslátt vegna framlaga sinna til einhvers málefnis – með öðrum orðum: Þarf að greiða lægra framlag til ríkisins vegna framlags sem hann ákvað að greiða einhverjum öðrum – hefur þar með einfaldlega fengið úthlutunarvald yfir skattfé.

**andriki.is**

### Varla normalt

Undirrituð er þó heppin að eiga sér ferðafélaga í strætisvagninum, sem kemur einnig úr Kragakjördæmi. Telst þ.a.l. snarklikkaður, enda hefur hann gert sér ferð með strætisvagni úr Setbergshverfi Hafnarfjarðar niður í Háskóla Íslands á skóladegi hverjum sl. 3 ár. Þetta telst varla normalt.

**Dagbjört Hákonardóttir – politik.is**

### Frjálsleg athöfn

Í fyrradag var okkur boðið í brúðkaup hjá fólki sem við kynntumst hérna, stórri fjölskyldu frá Aþenu. Munkurinn áðurnefndur framkvæmdi vígsluna við annan mann í pínulítilli kirkju frá sextándu öld hér uppi í fjallinu. Athöfnin var furðu frjálsleg, gestirnir fóru í sígarettupásur fyrir utan kirkjuna, það var veitt raki, menn hlógu þegar klerkurinn mismælti sig.

**Egill Helgason – visir.is**

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.087* **+0,37%**

**Fjöldi viðskipta:** 230
**Velta:** 1.581 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Og fjarskipti** | 3,83% | **Össur** | -1,22% |
| **Landsbankinn** | 1,81% | **Jarðboranir** | -0,95% |
| **Marel** | 1,40% | **Flaga** | -0,75% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,30 -0,25% ... Atorka 5,90 – ... Bakkavör 38,60 +0,52% ... Burðarás 15,00 +0,67% ... FL Group 15,50 – ... Flaga 3,95 -0,75% ... Íslandsbanki 13,30 +0,38% ... KB banki 526,00 +0,19% ... Kögun 59,60 -0,67% ... Landsbankinn 16,90 +1,81% ... Marel 58,10 +1,40% ... Og fjarskipti 4,07 +3,83% ... Samherji 12,10 – ... Straumur 12,15 – ... Össur 81,00 -1,22%

*Tölur frá 15.40 í gær. Nýjustu tölur á Vísi.

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn...*



### Sláttuvélin og stofnfjárbréfin

Þeir sem eiga stofnfé í Sparisjóði Hafnarfjarðar gætu leyst út 40-50 milljónir króna ef sjóðurinn verður yfirtekinn. Umræðan í Hafnarfirði er orðin eldfim vegna þessa máls, enda er sparisjóðurinn einn af hornsteinum byggðarlagsins. Hins vegar finnst mörgum sérkennilegt að stofnfjárbréf, sem lengi þóttu verðlaus pappír, séu nú orðin tugmilljóna virði. Sagan segir nefnilega að þegar dánarbúunum hafi verið skipt í Firðinum þá hafi stofnfjárbréfin yfirleitt verið það síðasta sem ættingjarnir slógust um. Frekar völdu menn garðsláttuvélina en verðlaus stofnfjárbréf. Í Hafnarfirði hafa margir áhyggjur af því að verði af yfirtöku geti hún tvístrað heilu fjölskyldunum.

### Fleiri sjóðir til sölu?

Það eru ekki bara stofnfjáreigendur í Sparisjóði Hafnarfjarðar sem gætu leyst út mikinn skyndigróða. Í Sparisjóði Mýrasýslu, einum stærsta sparisjóði landsins, eru aðeins tveir stofnfjáreigendur: Sveitarfélögin Borgarbyggð og Hvítársíðuhreppur. Borgarbyggð á 97 prósent stofnfjár sem er aðeins 3,8 milljónir króna. Ef sveitarfélögin hefðu áhuga að selja bréfin, sem ætla má að sé harla ólíklegur leikur, þá gætu þessar 3,8 milljónir orðið að einum og hálfum milljarði, sem er um það bil eigið fé sparisjóðsins. Sveitarfélögin væru ekki lengi að finna kaupanda fyrir þetta verð. Gengið í þeim viðskiptum yrði því um 370. Sparisjóður Mýrasýslu hefur sjálfur verið í miklum stofnfjárkaupum en hann keypti allt stofnfé í Sparisjóði Ólafsfjarðar á dögunum.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

**FL Group** tilkynnti í gær að farþegafjöldi hjá Flugfélagi Íslands hefði verið 3,2 prósentum meiri á fyrstu fimm mánuðum ársins en á sama tíma í fyrra.

Hjá **Icelandair** varð fjölgunin hins vegar miklu meiri eða 16,1 prósent. Sætanýting hjá félaginu var 80 prósent.

Fram kom í **Morgunkorni Íslandsbanka** í gær að lán bankanna til heimilanna næmu nú 410 milljörðum króna og hefðu tvöfaldast frá í fyrra. Mestu munar um innkomu bankanna á íbúðalánamarkað.

Hlutabréfavísitalan **Nikkei** í Tókýó hækkaði um 0,26 prósent í gær og stendur í 11.577 stigum.



**FYRIRTÆKI HAFA SÓTT 125 MILLJARÐA Á ÁRINU** Edda Rós Karlsdóttir, forstöðumaður greiningardeildar Landsbankans.

# Hægir á hækkunum hlutabréfaverðs

**Kauptækifæri skapast ef hlutabréfaverð lækkar um 10 til 20 prósent.**

Hægt getur á verðþróun hlutabréfa að mati Landsbankans en ekki eru miklar líkur á verðlækkun. Nokkrar ástæður sem helst styðja þetta mat eru að mikið fé hefur verið sótt á markaðinn, líklega fer að draga úr peningamagni í umferð og lífeyrissjóðir minnka líklega við sig hlutabréf á næstu misserum.

Í Sérriti greiningardeildar Landsbankans um innlendan hlutabréfamarkað kemur fram að ef til lækkunar kæmi, til að mynda um 10 til 20 prósent, myndu skapast kauptækifæri á markaðinum og því líklegt að slíkt verðþróun snúist fljótt við. Verðbóla hafi þó ekki myndast sem kalli á umtalsverða verðleiðréttingu.

Á árinu hafa fyrirtæki á markaði verið dugleg við að sækja sér pening og samtals hafa þau náð í 125 milljarða króna í útboðum. Frekari hlutafjárútboð eru framundan og á Landsbankinn von á að um 130 milljarðar verði sóttir með hlutafjárútboðum á árinu. Líklega hægir það á verðhækkun hlutabréfa.

Úrvalsvísitalan hefur hækkað um 21 prósent frá áramótum en verðmat Landsbankans á stærstu hlutafélögunum í Kauphöllinni gefur tilefni til að ætla að ávöxtun bréfanna verði tæp sjö prósent á næstu 12 mánuðum. Sú 16 prósenta hækkun sem hafi verið frá þeim tímapunkti eigi því stoðir í auknu virði félaganna.

Miklir peningar hafa verið í umferð sem hafa leitt til hækkunar á hlutabréfaverði. Aðgerðir Seðlabankans gætu leitt til minni kaupþrýstings og jafnvel lækkunar á hlutabréfaverði þó ekki fyrr en á næsta ári að mati Landsbankans. **-dh**




# Tekist á um valdastofnun í Hafnarfirði

**Sparisjóður Hafnarfjarðar hefur um langt skeið verið ein helsta valdastofnun bæjarfélagsins. Hann er metinn á um tvo milljarða króna en talið er að hlutur hvers stofnfjáreiganda geti numið 45 milljónum króna.**



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

**SPARISJÓÐUR HAFNARFJARÐAR** Stofnféð er metið á yfir tvo milljarða samkvæmt þeim tölum sem hafa heyrst. Bættur rekstur gæti aukið virði sjóðsins til muna.

Eftir nokkru er að slægjast í Sparisjóði Hafnarfjarðar (SPH), sem átök hafa verið um að undanförnu. Stofnféð er metið á 2,1 milljarð króna samkvæmt þeim tölum sem nefndar hafa verið vegna hugsanlegrar yfirtöku.

Eigið fé sjóðsins var í árslok 3,1 milljarður króna. Fjárfestar eru því tilbúnir að meta virði stofnfjár sem 70 prósent af eigin fé. Samkvæmt þessu er gengi á stofnfjárbréfum í sparisjóðnum um 135, sem þýðir að hver stofnfjáreigandi fengi í sinn hlut um 45 milljónir króna.

Sparisjóður Hafnarfjarðar, sem var stofnaður árið 1902, hefur gríðarlega sterka stöðu í sínu byggðarlagi og hefur verið lykillinn að völdum innan bæjarfélagsins. Meðal stofnfjáreigenda eru stjórnmálamenn og forystumenn í hafnfirsku athafnalífi. Lengi vel einokaði hann bankastarfsemi á starfssvæðinu. Starfsmenn sparisjóðsins eru um 120 og eru rekin fjögur útibú á vegum hans, þar af eitt í Garðabæ.

Sparisjóðurinn hefur í gegnum tíðina ávallt skilað hagnaði og verið í fararbroddi innan sparisjóðafjölskyldunnar. En þrátt fyrir mikinn fjárhagslegan styrk hefur sparisjóðurinn átt undir högg að sækja á undanförnum árum og arðsemi eigin fjár verið langtum minni en í tilfellum SPRON, Sparisjóðs vélstjóra (SPV), Sparisjóðsins í Keflavík (SPKef) og Sparisjóðs Mýrasýslu (SPM). Á síðasta ári skilaði sjóðurinn 320 milljóna króna hagnaði en gengishagnaður af sölu verðbréfa var einn og sér 615 milljónir króna.

Þótt sparisjóðurinn hafi ekki átt við rekstrarvanda að stríða hefur hann tapað miklum fjármunum vegna útlánatapa. Hann hefur afskrifað 1,3 milljarða króna á síðustu fjórum rekstrarárum og lagt inn tæpa tvo milljarða á sama tímabili til að mæta frekari töpum. Á þessum árum tapaði sjóðurinn miklum fjármunum vegna útlána sem veitt voru í góðærinu í kringum aldamótin.

Ljóst er að með betri afkomu sjóðsins eykst verðmæti hans til muna.

**eggert@frettabladid.is**

**YFIRLIT YFIR FIMM STÆRSTU SPARISJÓÐINA Í LOK ÁRS 2004**

| | Hagnaður * | Eignir ** | Eigið fé ** |
|---|---|---|---|
| SPRON | 1.465 | 68,7 | 5,9 |
| SPH | 319 | 38,6 | 3,1 |
| SPV | 683 | 29,7 | 5,0 |
| SPKEF | 409 | 26,3 | 2,7 |
| SPM | 192 | 15,9 | 1,4 |
| **Alls** | **3.068** | **179,2** | **18,1** |

* Í MILLJÓNUM KRÓNA
* Í MILLJÖRÐUM KRÓNA

# Bláa lónið kaupir Hreyfingu

**Ætla að veita greiðan aðgang að orkulindum beggja fyrirtækja.**

Bláa lónið hf. hefur fest kaup á Hreyfingu – heilsurækt og verður velta sameinaðs félags á annan milljarð króna. Ágústa Johnson segir fyrirtækin sameinast um að veita viðskiptavinum sínum greiðan aðgang að orkulindum beggja fyrirtækjanna auk þess að bjóða upp á spennandi nýjungar í náinni framtíð. 150 manns starfa hjá sameinuðu fyrirtæki.

Ágústa Johnson mun áfram gegna starfi framkvæmdastjóra Hreyfingar en hún hefur verið framkvæmdastjóri allt frá stofnun fyrirtækisins árið 1998. Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, verður stjórnarformaður Hreyfingar. **-dh**




**VELTA SAMEINAÐS FÉLAGS ER Á ANNAN MILLJARÐ** Grímur Sæmundsen, framkvæmdastjóri Bláa lónsins, og Ágústa Johnson, framkvæmdastjóri Hreyfingar.

# Dýrara að fljúga

**Flugfélög hækka fargjöld sín í kjölfar verðhækkana á olíu. Olíuverð hefur lækkað lítillega eftir snarpar hækkanir að undanförnu.**

Flugfélög hafa undanfarið keppst við að hækka fargjöld í kjölfar veðhækkana á olíu. Bandaríska flugfélagið United Airlines var síðast í röðinni og hækkaði fargjöld um þrjú prósent: ,,Við vonum að viðskiptavinir okkar skilji þessa ákvörðun. Við eigum einskis annars úrkosti í kjölfar hækkana á olíuverði“, sagði John Tague, talsmaður United.

Sérfræðingar eru þó á því að þessar hækkanir séu aðeins tímabundnar: ,,Verð mun lækka aftur þegar háannatíminn hefst. Það kemur fleira til en hækkanir á olíu. Mörg flugfélög hafa átt í rekstrarerfiðleikum,“ sagði Terry Egger, varaforseti Hagsmunasamtaka flugfarþega í Bandaríkjunum.

Af olíumarkaðnum bárust annars þær fréttir að verð sé aftur komið niður fyrir 59 dali á olíufat, eftir að Bandaríkjastjórn sendi frá sér tilkynningu um að ekki væri hætta á olíuskorti í landinu í bráð.

-jsk



**FER VEL UM HANN** Það fer vonandi vel um þennan farþega því flugfélög víða um heim hafa undanfarið keppst við að hækka fargjöld eftir hækkanir á olíuverði.

# Farþegum fjölgar hjá Icelandair

**Flutningar hjá Icelandair Cargo dragast saman.**

Farþegum í millilandaflugi Icelandair fjölgaði um 16 prósent í maí í samanburði við maí á síðasta ári. Framboð félagsins jókst um 11 prósent og salan um tæp 20 prósent þannig að sætanýting varð 80 prósent í mánuðinum, sex prósentustigum hærri en í maí í fyrra.

Á fyrstu fimm mánuðum ársins hefur farþegum Icelandair fjölgað um 11,5 prósent milli ára.

Farþegum í innanlandsflugi Flugfélags Íslands fjölgaði um 3 prósent í samanburði við maí á síðasta ári.

Flutningar hjá Icelandair Cargo voru sjö prósent minni í maí í ár en í fyrra.

-dh



**FARÞEGUM FLUGFÉLAGS ÍSLANDS FJÖLGAÐI Í MAÍ** 29 þúsund farþegar flugu með Flugfélaginu í maí.

# OgVodafone hækkar

Verðmæti OgVodafone er 18,7 milljarðar króna samkvæmt nýju verðmati greiningardeildar KB banka, sem gefið var út í gær. Miðað við forsendur bankans ætti gengi hlutabréfa í OgVodafone að vera 4,3, sem er 9,7 prósentustigum hærra en lokagengið í fyrradag. Hækkuðu bréf í félaginu í Kauphöll Íslands í gær um 3,8 prósent og var lokagengið 4,07.

KB banki segir að miklar breytingar hafi orðið á rekstri Og-Vodafone með kaupum á félögum, sem nú séu rekin undir nafni 365 prent- og ljósvakamiðla og gefur meðal annars út Fréttablaðið. Gerir bankinn ráð fyrir að framlegð muni verða góð næsta ár en lækki eitthvað árin 2007 og 2008.

– bg

# Vill eignast Pan Fish

Norski olíu- og skipakóngurinn John Fredriksen fer mikinn á norska hlutbréfamarkaðnum. Félag í eigu hans lagði í vikunni fram yfirtökutilboð í hlutabréf í laxeldisfélaginu Pan Fish. Félagið, Greenwich Holding, eignaðist 48 prósenta hlut í fiskeldisfyrirtækinu snemma í júní. Við það myndaðist yfirtökuskylda og býðst félagið til þess að kaupa aðra eigendur út á genginu 1,35 norskar krónur á hlut sem er það verð sem Fredriksen greiddi fyrir sinn hlut. Síðasta viðskiptagengi í Pan Fish var 1,95 sem bendir sterklega til þess að fjárfestar búist við mun betra tilboði frá öðrum fjárfestum. Olíukóngurinn þarf að punga út sautján milljörðum fyrir bréfin.



**JOHN FREDRIKSEN**

Gangi yfirtakan eftir hefur Fredriksen fjárfest fyrir rúma 30 milljarða á fáeinum dögum. Hann fór nefnilega í þrettán milljarða yfirtöku á olíufyrirtækinu Odfell Invest á mánudaginn.

- eþa

# Kaupþing á pöbbarölti

Bresk blöð greindu frá því í gær að fasteignaauðkýfingurinn Róbert Tchenguiz væri að kaupa kráarkeðjuna SFI. Techenguiz á fyrir kráarkeðju sem á og rekur fjölda pöbba í London. Með kaupum yrðu krár í eigu Tchenguiz hátt í fjögur hundruð talsins.

KB banki fjármagnaði fyrri kaup Tchenguiz á breskum krám og má telja nær öruggt að bankinn sé einnig með í ráðum við kaupin á SFI. Róbert hefur ásamt bróður sínum auðgast á fasteignaviðskiptum í London og eiga þeir bræður í samstarfi við Baug um kaup á Somerfield. KB banki kom því samstarfi á þegar í stefndi að tveir góðir viðskiptavinir bankans yrðu keppinautar í baráttunni um Somerfield.

- hh

Tryggðu þakinu betri endingu

**Þakmálning sem þolir**
íslenskt veðurálag




**Akrýl - ÞOL**
- létt í notkun.
- mjög gott veðrunarþol
- fyrir bárujárn, ýmsar gerðir af klæðningum og aðra málmfleti utanhúss.




**ÞOL**
- létt í notkun og myndar sterka lakkfilmu.
- mikið veðrunarþol.
- fyrir bárujárnsþök og aðra málmfleti utanhúss




Nýtt útlitakort á næsta sölustað






Áratugarannsóknir á þakjárni og áhrifaþáttum yfirborðsmeðhöndlunar og strangar prófanir með hliðsjón af séríslenskum aðstæðum og álagsþáttum hafa verið grundvöllur að vöruþróun og gefið þakmálningu frá okkur sérstöðu á íslenskum markaði.

**Útsölustaðir Málningar:** Byko Kópavogi • Byko Hringbraut • Litaver Grensásvegi • Byko Hafnarfirði • Málningarbúðin Akranesi Byko Akranesi • Axel Þórarinsson, málarameistari, Borgarnesi • Verslunin Hamrar, Grundarfirði • Litabúðin Ólafsvík Núpur byggingavöruverslun Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson, málarameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki Byko Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • Byko Reyðarfirði • Verslunin Vík, Neskaupstað • Byko Selfossi Miðstöðin Vestmannaeyjum • Byko Keflavík • Rúnar Sig. Sigurjónsson, málarameistari, Grindavík

málning
- það segir sig sjálft -

**PÉTUR H. BLÖNDAL (1944-)**
fæddist þennan dag.



*„Óskir manna vaxa yfirleitt hraðar en tekjurnar.“*

*- Pétur H. Blöndal er þingmaður Sjálfstæðisflokksins og hefur setið á Alþingi í tíu ár.*

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

# Sally Ride kemur til jarðar

Þennan dag árið 1983 sneri Sally Ride aftur til jarðar með geimskutlunni Challenger eftir sex daga geimflug. Sally var fyrsta bandaríska konan til að fara út í geim en sú þriðja í heiminum.

Hin 32 ára Ride var fyrrverandi tennismeistari. Hún ákvað að gerast geimfari árið 1977 eftir að hún sá auglýsingu frá NASA í skólablaði en hún stundaði þá háskólanám í ensku og eðlisfræði.

Hún var ein af yfir þúsund konum og sjö þúsund körlum sem sóttu um 35 pláss í þjálfunarprógrammi árið 1978. Þar kynntist hún manni sínum sem einnig var geimfari.

Sem flugverkfræðingur var það meginhlutverk Sallyar að fylgjast með stjórntækjum og ganga úr skugga um að allt gengi vel við flugtak og lendingu.

Tveimur árum síðar skullu hörmungar yfir þegar Challenger geimskip sprakk í loft upp. Allir um borð létust og þar á meðal Christa McAuliffe sem átti að verða fyrsti kennarinn til að komast út í geim.

Sally Ride er eina manneskjan sem vann bæði að rannsókn Challenger- og Columbia-slysanna.

Sally var geimfari til ársins 1987 þegar hún sagði upp störfum hjá NASA og tók til við kennslu í Stanford háskóla. Síðar varð hún prófessor og forstjóri geimvísindastofnunar Kaliforníu.



**24. JÚNÍ 1983**

## MERKISATBURÐIR

**1000** Kristnitakan. Kristin trú er lögtekin á Alþingi á Þingvöllum við Öxará.

**1865** Keisaraskurði er beitt í fyrsta sinn hér á landi. Barnið lifði en móðirin dó.

**1875** Fyrsta ferðin yfir Vatnajökul er farin af enskum vísindamanni og fjórum Íslendingum.

**1901** Picasso heldur sína fyrstu stóru sýningu í París.

**1934** Gunnar Thoroddsen er kosinn á þing, 23 ára.

**1968** Ráðherrafundur Atlantshafsbandalagsins er haldinn á Íslandi í fyrsta sinn.

**1988** Vatnsrennibrautin er tekin í notkun í Laugardalslaug.

## JARÐARFARIR

11.00 **Aldís G. Einarsdóttir**, Dalalandi 11, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

11.00 **Þröstur Valdimarsson**, Keilufelli 33, Reykjavík, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

13.00 **Guðrún J. Möller**, Dalbraut 14, Reykjavík, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju.

13.00 **Einar Vigfús Jónsson**, Köldukinn 20, Hafnarfirði, verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju.

14.00 **Friðmundur Leonard Herman** verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

14.00 **Helgi Geirmundsson**, Miðtúni 21, Ísafirði, verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju.

15.00 **Friðrik Fáfnir Eiríksson**, frá Hesti, Ársölum 5, Kópavogi, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

15.00 **Óli Þór Ingvarsson** rafvirkjameistari, Álftamýri 40, verður jarðsunginn frá Fríkirkjunni.

15.00 **Þórður Annas Jónsson**, frá Gestsstöðum, áður til heimilis í Markholti 7, Mosfellsbæ, verður jarðsunginn frá Lágafellskirkju.






## ANDLÁT

**Knútur Kristján Gunnarsson** húsgagnabólstrari lést á sjúkrahúsinu í Lundi, Svíþjóð, föstudaginn 17. júní.

**Fanney Halldórsdóttir** frá Sviðningi, Skagabyggð, andaðist þriðjudaginn 21. júní á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.

**Víkingur Þór Björnsson** fyrrverandi eldvarnareftirlitsmaður, Munkaþverárstræti 2, Akureyri, lést á heimili sínu þriðjudaginn 21. júní.



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Fanney Halldórsdóttir**

frá Sviðningi, Skagabyggð,

andaðist þriðjudaginn 21. júní á Heilbrigðisstofnuninni Blönduósi.
Útförin auglýst síðar.

**Börn, tengdabörn og barnabörn**



†

*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Ólína Jörundsdóttir**

Eikjuvogi 17, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum Fossvogi mánudaginn 20. júní verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 28. júní kl. 15.

**Svavar Kristjónsson**
**Guðný Svavarsdóttir** **Sveinn Óttar Gunnarsson**
**Jörundur Svavarsson** **Sif Matthíasdóttir**
**Erla Kristín Svavarsdóttir** **Smári Ragnarsson**
**Lilja Steinunn Svavarsdóttir** **Bjarni Jónsson**
**Auður Ólína Svavarsdóttir**
**og barnabörn.**



†

*Ástkær sonur okkar, stjúpsonur, bróðir og barnabarn,*

**Arent Pjetur Eggertsson**

Sindragötu 4, Ísafirði,

verður jarðsunginn frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 25. júní klukkan 14.00.

**Berglind Sveinsdóttir** **Pálmi Ó. Árnason**
**Kristrún Sif Gunnarsdóttir**
**Jóna Sigurlína Pálmadóttir**
**Sveinn Jóhann Pálmason**
**Ingibjörg Kristjánsdóttir**
**Sveinn Jóhannsson**
**Eggert Hjartarson** **Gríma Huld Blængsdóttir**
**Lára Ósk Eggertsdóttir**
**Gunnar Smári Eggertsson**
**Laura Claessen.**



**LEIFUR BREIÐFJÖRÐ** Leifur stendur á tvennum tímamótum. Hann er sextugur í dag og var á dögunum sæmdur fálkaorðunni.

LEIFUR BREIÐFJÖRÐ: GLERLISTAMAÐUR ER SEXTUGUR

# Afmælisveisla á herragarði

Leifur Breiðfjörð glerlistamaður er staddur í Tékklandi ásamt eiginkonu sinni, Sigríði G. Jóhannsdóttur veflistakonu. Þau eru þar í boði Þóris Gunnarssonar, ræðismanns Íslands í landinu. „Hann er svo vinalegur að hann ætlar að halda upp á afmælið mitt fyrir mig,“ segir Leifur glaðlega en hann býst við að um fimmtíu manns mæti í boðið sem haldið verður á herragarði Þóris í Tékklandi.

Þar mæta bæði vinir Leifs og Sigríðar frá Íslandi auk vina og kunningja Þóris.

Í dag verður einnig opnuð vinnustofa og sýningargallerí á búgarði Þóris og eru Leifur og Sigríður fyrstu listamennirnir sem fá afnot af því. Þetta verður því sambland af vinnuferð og sumarfríi hjá þeim hjónum en brottfarardagur hefur ekki verið ákveðinn enn og allt eins líklegt að þau verði í Tékklandi stóran hluta sumarsins.

Leifur var sæmdur fálkaorðunni hinn 17. júní. „Það var stórkostlegt,“ segir Leifur sem finnst hins vegar að margir aðrir eigi það einnig skilið að hljóta slíka viðurkenningu og nefndir sem dæmi Þóri ræðismann sem hafi staðið sig frábærlega í kynningu á landi og þjóð.

Leifi finnst gott að hlaða batteríin í Tékklandi eftir miklar annir hér heima. Hann stóð að undirbúningi mikillar glerráðstefnu sem haldin var í Gerðarsafni, auk þess sem hann setti upp eigin sýningu í tónlistarhúsinu.

Leifur býst við að það verði mjög gaman hjá sér í kvöld en á þó ekki von á neinum afmælisgjöfum. „Að hitta fólk og vera með góðu fólki er það sem skiptir mestu máli,“ segir Leifur, sem hefur smíðað mörg glerlistaverk um ævina. Þeirra frægast er að öllum líkindum í St. Giles dómkirkjunni í Edinborg en auk þess eru stórir steindir gluggar eftir Leif bæði í Hallgrímskirkju og Grafarvogskirkju. ■



# Þakkir

Hjartans þakkir til barna minna og fjölskyldna þeirra, sem héldu mér höfðinglega afmælisveislu á 90 ára afmælinu þann 16. júní.

Innilegar þakkir fær einnig frændfólk og vinir hér heima og erlendis, fyrrum starfsfélagar og söngfélagar fyrir norðan og þið öll, sem senduð mér hlýjar kveðjur með símtölum, blómum og gjöfum þennan dag.

*Blessunaróskir og kveðjur,*

**Björg Baldvinsdóttir**

## AFMÆLI

**Í tilefni** sextugsafmælis Kristjáns Axelssonar frá Bakkakoti, 22. júní, verður opið hús í þjónustumiðstöð BSRB í Munaðarnesi, föstudaginn 24. júní nk. frá kl. 20. Léttar veitingar og heitt á könnunni.

**50 ára** er á sunnudaginn 26. júní, Kristín Helgadóttir, Kristnibraut 79, Reykjavík. Maður hennar er Marteinn Sigurbjörn Björnsson. Þau taka á móti gestum á afmælisdaginn milli kl. 16.00 og 19.00 í Lionsheimilinu, Sóltúni 20.






# SIRKUS FER Í LOFTIÐ!

## Í KVÖLD KL. 22.00

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS ER ALLTAF Í ÓLÆSTRI DAGSKRÁ. SIRKUS VERÐUR SJÓNVARPAÐ Á SÖMU RÁS OG POPP TÍVÍ VAR. ÁSKRIFENDUR DIGITAL ÍSLAND ÞURFA AÐ UPPFÆRA MYNDLYKILINN TIL AÐ SJÁ POPP TÍVÍ ÁFRAM.

FYLGSTU MEÐ.

SIRKUS







JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

**Heyrst hefur ...**

... að Eyjamenn leiti víða þessa dagana eftir liðsstyrk í fótboltanum. Þeir misstu Magnús Má í gær og svo hafa þeir verið óheppnir með meiðsli sem og útlendinga en tveir útlendingar liðsins voru ekki betri en svo að ÍBV lánaði þá til Selfoss, sem segir sína sögu um styrkleika þeirra.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÞUNGUR DÓMUR HJÁ KSÍ:** AÐSTOÐARÞJÁLFARI AFRÍKU DÆMDUR Í TVEGGJA MÁNAÐA KEPPNISBANN

# *Mistök sem koma ekki fyrir aftur*



Mostafa Marinó Anbari, aðstoðarþjálfari íslenska knattspyrnuliðsins Afríku og bróðir aðalþjálfarans Zakaria Elíasar Anbari, var fyrir skömmu dæmdur í tveggja mánaða leikbann fyrir að skrá Abdel Hamid Oulad Idriss á leikskýrslu, en hann tók ekki þátt í leiknum.

Eftir leikinn kom í ljós að hann var hafður á skýrslunni í stað Dejan Bilic, sem tók þátt í leiknum án þess að vera kominn með tilskilin leyfi til þess.

Zakaria, sem oftast er kallaður Zico, sagði þetta hafa verið mistök sem vonandi kæmu ekki fyrir aftur. „Ég kom aðeins of seint á leikinn og þess vegna sá bróðir minn um leikskýrsluna fyrir mig. Hann gerði þessi litlu mistök við gerð leikskýrslunnar og svo vissi hann ekki betur en að Dejan Bilic, sem var nýr leikmaður okkar, væri kominn með leikheimild. En við hjá Afríku höfum rætt þetta við Knattspyrnusamband Íslands og þeir útskýrðu þessi atriði vel fyrir okkur. Við látum þetta ekki koma fyrir aftur."

Zico er annars bjartsýnn á framhaldið og segir Afríku vera að styrkjast með hverjum leiknum. „Okkur hefur gengið ágætlega í sumar. Dejan Bilic kemur til með að styrkja lið okkar mikið, og svo erum við að fá nýjan leikmann frá Marokkó líka, sem vonandi á eftir að reynast okkur vel."

Afríka er sem stendur í næstneðsta sæti síns riðils, C-riðils 3. deildar, með tvö stig eftir fimm leiki, en ÍH er efst með tólf stig.

Afríku var jafnframt gert að greiða tólf þúsund krónur í sekt fyrir þessi mistök.

Þetta er í annað sinn á stuttum tíma sem þjálfari meistaraflokksliðs er dæmdur í tveggja mánaða bann fyrir leikskýrslumistök, en Nói Björnsson, þjálfari Leifturs/Dalvíkur, var dæmdur í bann í vor.

**> Við hrósum ...**

... gamla brýninu Sinisa Valdimari Kekic, sem sá til þess að Grindavík fékk þrjú stig í Dalnum í gær. Kekic er hreint ótrúlegur leikmaður sem virðist ekkert vera farinn að gefa eftir og á meðan svo er á Grindavík alltaf von um að hanga uppi í deild þeirra bestu.

**> Við hrósum ...**



.... KR-ingum, sem brutu marga múra í gær. Leikmenn liðsins skoruðu jafn mörg mörk í gær og þeir höfðu gert í sex leikjum, Grétar Ólafur skoraði loksins í deildinni og þá má ekki gleyma því að Magnús Gylfason gaf blaðamanni viðtal aldrei þessu vant.

LANDSBANKADEILDIN

# Loks sigraðist FH á Skagagrýlunni

**FH-ingar voru alltaf skrefinu á undan Skagamönnum í leik liðanna í gærkvöld og unnu 2-0. Þetta er fyrsta sigur FH á ÍA í deildarkeppni síðan 1990.**

**FH 2-0 ÍA**

Kaplakr., áhorf: 1622 — Kristinn Jakobsson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–6 (6–3) |
| Varin skot | Daði 3 – Bjarki 2 |
| Horn | 4–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 10–11 |
| Rangstöður | 2–2 |

**FÓTBOLTI** Gestirnir byrjuðu leikinn af krafti í Kaplakrikanum í gær og fengu fyrsta færi leiksins þegar Sigurður Ragnar Eyjólfsson átti bakfallsspyrnu sem Daði Lárusson varði vel. Nokkuð jafnræði var með liðunum stærstan hluta fyrri hálfleiks þótt FH virtist alltaf vera skrefinu á undan.

Allan Borgvardt var besti maður vallarins og átti margar stórhættulegar sendingar sem sköpuðu hættuleg færi, til að mynda átti hann glæsilega sendingu á Jón Þorgrím Stefánsson á 42. mínútu en fast skot Jóns fór framhjá markinu.

Síðustu mínútur fyrri hálfleiks keyrðu heimamenn yfir gesti sína, fyrst skoraði Tryggvi Guðmundsson frábært mark úr aukaspyrnu og Borgvardt bætti síðan við marki eftir sendingu frá Jóni Þorgrími rétt áður en flautað var til hálfleiks.

Ólafur Þórðarson gerði tvær breytingar í hálfleik, tók Sigurð Ragnar og Hjört Júlíus af velli. Hjörtur var kominn með gult spjald og með sama áframhaldi hefði hann fengið rautt í seinni hálfleik.

Ungir og efnilegir leikmenn Skagamanna sýndu góða takta í seinni hálfleiknum og voru staðráðnir í að sýna Ólafi að þeir væru tilbúnir í þetta.

Þrátt fyrir að vera tveimur mörkum yfir hættu FH-ingar ekki og átti Atli Viðar Björnsson skalla í slá og Tryggvi skot í stöng í seinni hálfleiknum. Skagamenn fengu líka sín færi en eins og oft áður var heppnin ekki með þeim fyrir framan markið. Góður sigur FH-liðsins, sem spilaði vel sem heild og er enn með fullt hús. ÍA sýndi góða baráttu í seinni hálfleik en það dugði einfaldlega ekki til og var þetta því fjórði leikur liðsins í deildinni í röð án sigurs.

**elvar@frettabladid.is**



**HÖRÐ BARÁTTA** Bjarki Guðmundsson, markvörður ÍA, fer hér í úthlaup og nær að stöðva FH-inginn Jón Þorgrím Stefánsson. FH vann sjöunda leik sinn í röð.

FRÉTTABLAÐIÐ/LÁRUS

| FH 4–3–3 | | | ÍA 4–5–1 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Daði | | 7 | Bjarki | | 6 |
| Guðmundur | | 7 | Kári Steinn | gult spjald | 6 |
| Tommy | | 6 | Gunnlaugur | gult spjald | 5 |
| Auðun | | 8 | Reynir | gult spjald | 5 |
| Freyr | | 7 | Guðjón Heiðar | | 4 |
| Heimir | | 4 | Unnar | gult spjald | 6 |
| (68. Siim | | 6) | (65. Hafþór | | 6) |
| Ásgeir | | 6 | Hjörtur | gult spjald | 5 |
| Davíð | | 5 | (46. Jón V. | | 6) |
| (72. Baldur | | –) | Pálmi | | 6 |
| Jón Þorgrímur | | 6 | Igor | gult spjald | 6 |
| (64. Atli Viðar | | 6) | Martin | gult spjald | 5 |
| Tryggvi | mark | 7 | Sigurður R. | | 4 |
| **Allan** | mark | **8*** | (46. Andri | | 7) |

*MAÐUR LEIKSINS

Það var mikið fjör og mikið skorað suður með sjó í gærkvöld:

# Fylkismenn héldu jöfnu í Keflavík

**Keflavík 2-2 Fylkir**

Keflavík, áhorf: 852 — Erlendur Eiríksson (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 12–13 (8–7) |
| Varin skot | Magnús 3, Ómar 2 – Bjarni 6 |
| Horn | 3–4 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–11 |
| Rangstöður | 4–8 |

**FÓTBOLTI** Þó það hljómi undarlega voru Keflvíkingar mun betri á heimavelli gegn Fylkisvelli í gær, í leik sem lauk með jafntefli, en þeir voru uppi á Skipaskaga í síðustu umferð, en þar unnu þeir sigur. Liðið var einfaldlega að spila mun betri knattspyrnu og var sóknarleikurinn þá sérstaklega öflugur. Fylkismenn voru einnig að leika fína knattspyrnu þó svo að þeir hafi oft gert betur.

Leikurinn í gær var án efa einn af skemmtilegri leikjum sumarsins. Bæði lið léku sókndjarfan bolta og leikmennirnir börðust af krafti, með fáeinum undantekningum þó. Fylkismenn voru með undirtökin lengst af í leiknum án þess að ná að skapa færi í hverri sókn. Keflvíkingar voru hins vegar fljótir fram og iðulega stórhættulegir þegar þeir færðust nær marki gestanna. Sem fyrr var Guðmundur Steinarsson öflugur en Stefán Örn Arnarson átti einnig mjög góðan leik og var ætíð skapandi.

Vandamálið virðist vera hjá Fylkismönnum að þó svo að kantmennirnir eigi nokkra ágæta spretti inni á milli eru þeir einfaldlega ekki nógu snöggir að athafna sig og þannig verður oft lítið úr sóknarlotum þeirra. Þá virðist Viktori Bjarka hreinlega fyrirmunað að skora en hann fékk nokkur afar góð tækifæri til þess í leiknum.

„Þetta var án efa einn af harðari leikjum sem ég hef spilað," sagði Keflvíkingurinn Stefán Örn eftir leik. „Liðin voru jöfn að stigum fyrir leikinn og ætluðu ekkert að gefa eftir og urðu að lokum að sættast á jafntefli. En við lékum vel í dag og þrátt fyrir að það hafi vantað menn í liðið eins og Gest Gylfason og Hörð Sveinsson sýndi leikur okkar í kvöld styrk liðsins og að það kemur maður í manns stað. Hvað sjálfan mig varðar er auðvitað alltaf gott að skora. Nú er sjálfstraustið hjá mér komið upp í topp og þýðir ekkert annað en að halda áfram og bæta við fleiri mörkum." **- esá**

| KEFLAV. 4–4–2 | | | FYLKIR 4–3–3 | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Magnús | | 6 | Bjarni Þórður | | 6 |
| (57. Ómar | | 6) | Arnar Þór | | 5 |
| Guðjón Árni | | 6 | Ragnar | | 7 |
| Johansson | | 6 | Valur Fannar | gult spjald | 7 |
| Baldur Sig. | | 7 | Gunnar Þór (sjm) | mark | 6 |
| Milicevic | gult spjald | 5 | Helgi Valur | | 7 |
| Bjarni | | 4 | Guðni Rúnar | | 4 |
| (74. Isse | | –) | Hrafnkell | mark | 6 |
| **Jónas Guðni** | | **8*** | (46. Christian | mark | 6 |
| Gunnar H. | | 5 | Viktor Bjarki | | 6 |
| Hólmar Örn | | 6 | Björgólfur | | 7 |
| Guðmundur | | 7 | (89. Björn V. | | –) |
| Stefán | mark | 7 | Eyjólfur | | 5 |
| | | | (88. Jón B. | | –) |

*MAÐUR LEIKSINS



**STERKUR** Fylkismaðurinn Helgi Valur Daníelsson átti fínan leik fyri Fylki í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

## ÚR SPORTINU

Tim Henman, helsta von Breta á Wimbledon-mótinu í tennis, er fallinn úr leik og það strax í 2. umferð. Hann tapaði fyrir Rússanum Dmitry Tursunov, sem er ekki á styrkleikalista tennisleikara. Henman er hins vegar efstur Bretanna á styrkleikalistanum og hefur verið helsta vonarstjarnan í sínu heimalandi undanfarin misseri. Margir áratugir eru síðan heimamaður vann Wimbledon-mótið og er það álit manna að nú hafi Henman endanlega misst af sínu síðasta tækifæri.



Núverandi meistari í einliðaleik kvenna á Wimbledon-mótinu í tennis, rússneska ungstirnið Maria Sharapova, átti ekki í miklum vandræðum með andstæðing sinn í 2. umferð einliðaleiksins. Hún mætti hinni 15 ára Sesil Karatantcheva frá Búlgaríu, sem er reyndar talin vera með þeim efnilegri í greininni í dag. En hún átti ekki roð við Sharapovu, sem vann 6–0 og 6–1. Karatantcheva vakti mikla athygli á opna franska meistaramótinu fyrir skömmu er hún bar sigurorð af Venus Williams.



Nú er orðið ljóst að Chelsea hefur titilvörn sína gegn nýliðum Wigan á útivelli. Keppni í ensku úrvalsdeildinni hefst hinn 13. ágúst en leikurinn um góðgerðarskjöldinn, sem markar upphaf hvers tímabils, er helgina áður. Þar leikur Chelsea gegn Arsenal, sem hampaði bikarmeistaratitlinum. Í fyrstu umferð deildarinnar mætast einnig Arsenal og Newcastle, sem og Everton og Manchester United. Það er svo stórleikur strax í annarri umferð er meistarar Chelsea mæta nágrönnunum og erkifjendunum í Arsenal. Ætla má að þar verði Ashley Cole í eldlínunni.



Hermann Hreiðarsson og félagar í Charlton mæta nýliðum Sunderland á útivelli í fyrstu umferð tímabilsins. Ef Íslendingafélögin í 1. deildinni eru skoðuð má sjá að Gylfi Einarsson og félagar í Leeds mæta Millwall á heimavelli og Reading með Ívar Ingimarsson innanborðs mætir Bjarna Guðjónssyni og félögum í Plymouth á heimavelli. Leicester, félag Jóhannesar Karls Guðjónssonar, mætir Sheffield United á útivelli. Þá tekur Íslendingafélagið Stoke City á móti nýliðum Sheffield Wednesday á Brittania Stadium. Ólafur Ingi Skúlason mætir Scunthorpe á heimavelli með nýja félaginu sínu, Brentford, í 2. deildinni og þá fara lærisveinar Guðjóns Þórðarsonar í Notts County til Torquay í 3. deildinni.



Handknattleikslið Hauka fékk liðsstyrk í gær þegar vinstri handar skyttan Árni Þór Sigtryggsson skrifaði undir samning við félagið til tveggja ára. Árni kemur frá Þór á Akureyri en hann var valinn efnilegasti leikmaður DHL-deildarinnar í vor og var ansi eftirsóttur af liðum hér heima. Þá var hann með samningstilboð í höndunum frá Flensborg og Göppingen. Aðalástæða þess að hann ákvað að leika með Haukum er sú að hann er að fara að stunda háskólanám í höfuðborginni og ætlar að mennta sig áður en hann heldur út í atvinnumennsku.

Markvörðurinn Birkir Ívar Guðmundsson hefur samþykkt framlengingu á samingi sínum við Hauka og þá á félagið í viðræðum við Arnar Pétursson, sem lék með FH. Arnar á einnig í viðræðum við Fram og Val en ætti að taka ákvörðun á næstu dögum. Haukar eru að fullmanna sinn hóp og ætla ekki að gefa neitt eftir á næsta tímabili. Þeir setja stefnuna á að verja Íslandsmeistaratitil sinn og ná fínum árangri í Evrópukeppninni næsta vetur.





**HEIÐAR HELGUSON** Hefur venjulega staðið sig mjög vel gegn liðum í úrvalsdeild og sannað að hann á fullt erindi þangað. Hér er hann í baráttu við William Gallas hjá Chelsea.

Watford getur ekki haldið sinni skærustu stjörnu:

# Heiðar ræðir við Fulham

**FÓTBOLTI** Íslenski landsliðsframherjinn Heiðar Helguson, sem leikið hefur með Watford undanfarin fimm ár, er á leið frá félaginu og er talið líklegast að hann fari til Fulham.

Heiðar hefur verið orðaður við fjölmörg lið í Englandi undanfarna daga en áhugi Fulham er tiltölulega nýtilkominn. Vitað er að Chris Coleman, stjóri liðsins, leitar nú logandi ljósi að sóknarmanni eftir að Andy Cole ákvað að snúa á heimaslóðir í Blackburn. Sér hann Heiðar sem hinn fullkomna arftaka Coles.

Heiðar var væntanlegur til Íslands sl. miðvikudag en hætt var við þá heimferð með skömmum fyrirvara, að því er talið er vegna fyrirhugaðra viðræðna við Fulham. Forráðamenn Watford hafa þegar náð samkomulagi við Fulham um kaupverðið á Heiðari en það er talið vera í kringum 1,5 milljónir punda.

Heiðar er sagður hafa mun meiri áhuga á að ganga til liðs við Fulham en Sunderland eða Wigan, sem einnig hafa mikinn áhuga á honum, vegna þess að þá myndi hann ekki þurfa að flytjast búferlum. Fjórða liðið sem boðið hefur í Heiðar, West Ham, hefur þó enn ekki gefið hann upp á bátinn þar sem félagið er innan seilingar fyrir Heiðar, í höfuðborginni London. Ekki náðist í Heiðar í gær þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir.

- vig


FLÖT SJÓNVÖRP Í ÚRVALI




UNITED LTV27

27" LCD SJÓNVARP með 1280x768 upplausn (VGA, SVGA, XGA, WXGA) með Progressive Scan, 2x7w SRS Surround hljóðkerfi með 2 Hátölurum, 2 Scart tengjum, Component (YPbPr) og DVI tengi, AV og heyrnartólstengi að framan, mynd í mynd (2 tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 9.990 Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI*
VAXTALAUST!
EÐA KR. 99.990 STAÐGREITT
FULLT VERÐ kr. 149.990




PHILIPS 42PF9946

42" 100 Hz PLASMA SJÓNVARP með móttakara, 852x480 upplausn, 3000:1skerpu, Digital Motion Compensation og Digital Crystal Clear ljósskynjara og Antireflex System, 50w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 innbyggðum hátölurum, 2 Scart tengi, textavarpi 2 myndum á skjá og fjarstýringu.

TILBOÐ 249.990
FULLT VERÐ kr. 299.990




UNITED PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í Mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 16.666 Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI*
VAXTALAUST!
EÐA KR. 199.990 STAÐGREITT
FULLT VERÐ kr. 249.990




UNITED LTV30W50

30" LCD BREIÐTJALDSJÓNVARP með móttakara, 1280x768 punkta upplausn (VGA, SVGA, XGA), 600:1 skerpa og Comb Filter, sjónsvið: 170°, 10w Nicam Stereó hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart, SVHS og heyrnartólstengjum, 124 síðna textavarp, borðstandi og fjarstýringu.

AÐEINS KR. 12.999 Á MÁNUÐI Í 10 MÁNUÐI*
VAXTALAUST!
EÐA KR. 129.995 STAÐGREITT
FULLT VERÐ kr. 199.990

WWW.HUGVERKA.IS

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2005

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

**UMBOÐSMENN UM LAND ALLT** ▶ REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. KF Húnvetninga, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Ljósgjafinn, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum. Verslunin Vík, Neskaupsstað. Kauptún, Vopnafirði. KF Héraðsbúa, Seyðisfirði. Turnbræður, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Rás, Þorlákshöfn. Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatækni, Keflavík. Raflagnavinnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði. Rafmætti, Hafnarfirði.



BMW að yfirgefa Williams?

## BMW kaupir Sauber

**FORMÚLA 1** Þýska bílaframleiðslufyrirtækið BMW hefur keypt svissneska fyrirtækið Sauber, sem er með keppnislið í Formúlu eitt keppninni. Burkhard Göschel, stjórnaður í BMW, segir samstarfið við Williams-liðið, en BMW sér því fyrir vélum í bíla sína, ekki hafa gengið nógu vel síðustu misseri."

Við viljum ræða framtíðaráhorfin við Williams, til þess að hægt sé að komast að góðri lausn fyrir bæði lið. Því miður hefur samstarfið ekki verið nógu gott síðustu misseri." Mario Theissen, framkvæmdastjóri bifreiðaíþrótta hjá BMW, vonast til þess að kaupin á Sauber muni verða til þess að betri árangur náist með keppnisvélinni frá BMW. „Gott samstarf milli liða er nauðsynlegur svo árangur náist. Vonandi mun keppnisvélin frá BMW verða sú besta eftir að reynsla er komin á starfið."

- mh

### HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚNÍ

21 22 23 **24** 25 26 27

**Föstudagur**

**LEIKIR**

- 20.00 **KA** tekur á móti **HK** á Akureyrarvelli í 1.deild karla.

**SJÓNVARP**

- 07.00-8.30 **Olíssport** á Sýn.
- 16.05 **Landsbankadeildin FH-ÍA** á Sýn.
- 16.50 **Fótboltakvöld** á RÚV.
- 17.45 **Olíssport** á Sýn.
- 19.00 **Gillette-sportpakkinn** á Sýn.
- 19.30 **Motorworld** á Sýn.
- 20.00 **World Supercross** á Sýn.
- 21.00 **World Poker Tour** á Sýn.
- 23.15 **NBA Úrslitakeppnin** á Sýn.

# Grétar byrjaður að skora fyrir KR

**Markahrókurinn Grétar Ólafur Hjartarson opnaði markareikning sinn fyrir KR í Landsbankadeildinni með sigurmarki gegn Þrótti á KR-velli í gær. Lokatölur leiksins urðu 3–2 fyrir KR í fjörugum leik.**

**KR 3-2 Þróttur**

KR-völlur, áhorf: 1457 – Egill Már Markússon (6)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 11–10 (9–6) |
| Varin skot | Kristján 4 – Fjalar 6 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 22–21 |
| Rangstöður | 3–4 |

**FÓTBOLTI** „Það er fínt að geyma þessi mörk svona þangað til í lokin," sagði Grétar Ólafur Hjartarson, hetja KR-inga gegn Þrótturum í gær, en hann opnaði markareikning sinn á Íslandsmótinu í sumar á besta mögulegan máta í gærkvöld þegar hann skoraði sigurmark leiksins á 85. mínútu. „Það var alveg frábært að setja hann svona og skiptir miklu máli fyrir mig. Þetta mark gefur mér mikið sjálfstraust," bætti Grétar við.

KR-ingar hófu leikinn af miklum krafti og stjórnuðu spilinu algjörlega í fyrri hálfleik. Bjarki Gunnlaugsson var arkitektinn að flestum bestu sóknum KR í fyrri hálfleiks og var óheppinn að ná ekki að skora. Það gerði hins vegar Rógvi Jacobsen þegar hann braut ísinn á 41. mínútu og á síðustu mínútu fyrri hálfleiks bætti Sigurvin Ólafsson við öðru marki. Tveggja marka forysta KR-inga í hálfleik var fyllilega verðskulduð, þeir voru mun sterkari en Þróttarar og í raun furðulegt að sjá hversu máttlausir gestirnir voru.

Það var ljóst strax frá fyrstu mínútu síðari hálfleiks að Ásgeir Elíasson, þjálfari Þróttar, hafði skipað sínum mönnum að færa sig framar á völlinn. Það skilaði strax tilætluðum árangri og hefði ekki verið fyrir stórkostlega markvörslu Kristjáns Finnbogasonar í þrígang hefðu Þróttarar hæglega getað jafnað leikinn á fyrsta stundarfjórðungi síðari hálfleiks.

Pressa Þróttara bar loks árangur á 73. mínútu þegar Þórarinn skoraði og tveimur mínútum síðar hafði Josef Maruniak jafnað leikinn. Ótrúlegur viðsnúningur staðreynd en jafnframt með ólíkindum að horfa upp á hrun KR.

Á 85. mínútu gerðist síðan það sem stuðningsmenn KR hafa beðið eftir í allt sumar – Grétar Ólafur Hjartarson batt enda á markaleysi sitt í deildinni með því að skora glæsilegt skallamark sem átti eftir að skilja liðin að þegar yfir lauk. Gestirnir reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin en tíminn var einfaldlega of knappur. Eins og gefur að skilja var Magnús Gylfason, þjálfari KR, ánægður með stigin, sem hann sagði nauðsynleg.

„Ég er mjög ánægður með karakterinn í okkar liði en við gerðum okkur erfitt fyrir. Ég var orðinn mjög hræddur á tímabili en sem betur fer kláruðum við leikinn."

- vig, - bb



**BARÁTTA** Það var fast tekist á hjá KR og Þrótti í gær. Gunnar Einarsson og Þórarinn Kristjánsson Þróttari takast hér á. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

| KR 4–3–3 | | ÞRÓTTUR 3–5–2 | |
|---|---|---|---|
| Kristján | 7 | Fjalar | 8 |
| Jökull | 6 | Eysteinn | 6 |
| Tryggvi | 6 | Jens | 6 |
| Gunnar E. | 5 | Ólafur T. | 6 |
| **Gunnar K.** | **8*** | (69. Jaic | 5) |
| Bjarnólfur | 5 | Freyr | 4 |
| Sigurvin | 5 | (86. Erlingur | –) |
| Bjarki | 7 | Halldór | 5 |
| (90. Sölvi St. | –) | Páll | 6 |
| Grétar | 6 | Þórarinn | 6 |
| Rógvi | 6 | Daníel | 5 |
| Garðar | 6 | Henning | 4 |
| (55. Sigmundur | 4) | (63. Haukur Páll | 6) |
| | | Maruniak | 5 |

*MAÐUR LEIKSINS

Framarar ollu miklum vonbrigðum á Laugardalsvelli í gærkvöld:

# Kekic tryggði Grindavík enn einn sigurinn

**Fram 0-1 Grindavík**

Laugard., áhorf: 520 – Jóhannes Valgeirsson (5)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–7 (2–3) |
| Varin skot | Gunnar 1 – Savic 3 |
| Horn | 8–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 14–15 |
| Rangstöður | 2–2 |

**FÓTBOLTI** Leikurinn á Laugardalsvelli fór rólega af stað og í raun gerðist lítið fyrstu mínútur leiksins.

Framarar sóttu ívið meira en höfðu ekki erindi sem erfiði þar sem vörn Grindvíkinga var þétt fyrir. Grindvíkingar náðu góðum tökum á leiknum síðustu tíu mínútur fyrir hálfleik og komust verðskuldað yfir á fertugustu og annarri mínútu með góðu marki frá Sinisa Kekic. Mounir Ahandour kom þá hratt með boltann upp með völlinn, dró að sér varnarmenn og sendi á Kekic hægra megin í teignum, sem skoraði með góðu skoti hægra megin framhjá Gunnari Sigurðssyni, markverði Fram.

Á 57. mínútu fengu Grindvíkingar vítaspyrnu. Paul McShane var þá felldur inni í teignum eftir að Kekic hafði stungið boltanum inn fyrir á hann eftir falleg tilþrif á vinstri kantinum. Óli Stefán Flóventsson tók spyrnuna en Gunnar Sigurðsson varði spyrnuna vel. Leikurinn róaðist talsvert eftir þetta en Grindvíkingar náðu þó að leika boltanum betur á milli sín. Framarar voru orðnir örvæntingarfullir og voru að reyna of mikið að löngum sendingum inn fyrir vörnina. Það var helst Daninn Hans Mathiesen sem var að reyna að taka boltann niður og spila honum með jörðinni. Eins og oft áður í sigurleikjum Grindvíkinga var það framlag Sinisa Kekic sem réði úrslitum. Þrátt fyrir að eiga frekar rólegan dag tókst honum skora markið sem réði úrslitum og leggja upp færið sem vítið kom upp úr.

Óli Stefán Flóventsson, leikmaður Grindvíkinga, var ánægður með sigurinn. „Þetta var gríðarlega mikilvægur sigur fyrir okkur. Við spiluðum ágætlega og vorum þéttir fyrir í vörninni. Við höfum spilað vörnina vel, og vonandi náum við að gera það áfram."

Ríkharður Daðason, fyrirliði Framara, var óánægður í leikslok. „Við verðum að fara að byrja leikina betur. Það er eitthvað sálfræðilegt því við náum ekki að byrja leikina nægilega einbeittir."

- mh

| FRAM 4–3–3 | | GRINDAV. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnar | 6 | Savic | 6 |
| McLynn | 3 | Óðinn | 7 |
| (46. Kristófer | 4) | Óli Stefán | 7 |
| Gunnar Þór | 5 | Jack | 7 |
| Þórhallur Dan | 4 | Eyþór Atli | 6 |
| Kristján | 5 | Eysteinn | 6 |
| Ingvar | 5 | (90. Guðm. | –) |
| Viðar | 4 | McShane | 6 |
| Hans | 6 | Niestroj | 5 |
| Víðir | 4 | Magnús Sverrir | 6 |
| (77. Andri Steinn | –) | (67. Óskar Örn | 6) |
| Andri Fannar | 5 | **Kekic** | **8*** |
| (64. Ívar B. | 5) | Ahandour | 6 |
| Ríkharður | 4 | (83. Zeyer | –) |

*MAÐUR LEIKSINS






**FARINN FRÁ EYJUM** Magnús Már Lúðvíksson hefur leikið sinn síðasta leik fyrir ÍBV.

Enn eitt áfallið fyrir karlalið ÍBV í fótboltanum:

# Magnús Már hættur að leika með ÍBV

**FÓTBOLTI** Framherjinn Magnús Már Lúðvíksson mun ekki leika meira með Landsbankadeildarliði ÍBV. Magnús Már var afar ósáttur við þá vinnu sem félagið útvegaði honum og þegar forráðamenn félagsins sögðust ekki geta gert betur lét Magnús sig hverfa frá Eyjum, en hann hafði ekki skrifað undir samning við félagið og því var honum frjálst að fara.

„Ég var látinn moka skurði fyrir hitaveituna og ég hef engan áhuga á því að eyða níu tímum í dag í að moka skurði. Það stóð aldrei til að ég væri í erfiðisvinnu," sagði Magnús Már við Fréttablaðið í gær en formaður knattspyrnudeildar ÍBV, Viðar Elíasson, hafði litla meðaumkun með Magnúsi þegar leitað var eftir viðbrögðum hans í gær.

„Ég vorkenni engum að vinna og æfa fótbolta enda er ég alinn upp við það sjálfur og hef átt marga félaga í boltanum sem hafa unnið mikið og staðið sig þar að auki vel í boltanum. Mín reynsla er sú að þeir sem nenna að vinna nenna að vinna vinnuna sína á vellinum," sagði Viðar Elíasson.

- hbg

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Landsbankadeild karla:*

| | |
|---|---|
| KR–ÞRÓTTUR | 3–2 |
| FRAM–GRINDAVÍK | 0–1 |
| KEFLAVÍK–FYLKIR | 2–2 |
| **FH–ÍA** | **2–0** |
| ÍBV–Valur | |

Leik ÍBV og Vals var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun.

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FH | 7 | 7 | 0 | 0 | 18–2 | 21 |
| **VALUR** | **6** | **5** | **0** | **1** | **15–4** | **15** |
| FYLKIR | 7 | 3 | 2 | 2 | 12–9 | 11 |
| **KEFLAVÍK** | **7** | **3** | **2** | **2** | **12–16** | **11** |
| **KR** | **7** | **3** | **1** | **3** | **8–8** | **10** |
| FRAM | 7 | 2 | 2 | 3 | 7–6 | 8 |
| GRINDAVÍK | 7 | 2 | 1 | 4 | 8–14 | 7 |
| ÍA | 7 | 2 | 1 | 4 | 5–11 | 7 |
| **ÞRÓTTUR** | **7** | **1** | **1** | **5** | **10–14** | **4** |
| **ÍBV** | **6** | **1** | **0** | **4** | **5–16** | **3** |

**MARKAHÆSTIR:**

| | |
|---|---|
| Tryggvi Guðmundsson, FH | 8 |
| **Guðmundur Steinarsson, Keflavík** | **5** |
| Matthías Guðmundsson, Val | 4 |
| **Allan Borgvardt, FH** | **4** |
| Hrafnkell Helgason, Fylki | 4 |
| Andri Fannar Ottósson, Fram | 3 |
| **Baldur Aðalsteinsson, Val** | **3** |
| **Hjörtur Hjartarson, ÍA** | **3** |
| Páll Einarsson, Þrótti | 3 |

*1. deild karla:*

| | |
|---|---|
| BREIÐABLIK–VÍKINGUR | 0–0 |

**Ford**Focus




# Veldu nýjan **Ford**

# Nýtt tákn um gæði

► Íslendingar velja Ford umfram önnur vestræn bílamerki. Spennandi hönnun, aukin gæði og örugg þjónusta Brimborgar er trúleg ástæða þess að Ford sækir á Toyota sem vinsælasta bílamerkið á Íslandi. Upplifðu nýtt tákn um gæði - veldu Ford.

### Focus er betur búinn en Corolla

Gömul tákn eru fallin. Og ný tekin við. Nýr, endurhannaður Ford Focus er betur búinn en Toyota Corolla. Ford hefur tekist það sem aðrir framleiðendur hafa áður reynt; að hanna meðal stóran bíl eftir gæðastöðlum lúxusbíla á lægra verði. Berðu fordómalaust Corolla saman við Focus. Og þú finnur að margur búnaður lúxusbíla er staðalbúnaður í Focus: **ESP stöðugleikastýrikerfi,** TRACS spólvörn, öryggispúðagardínur, fjölliðafjöðrun, loftkæling og hiti í sætum eru þar á meðal. Spurðu um þjónustu Ford.

### Hæsta einkunn fyrir öryggi frá upphafi

Árekstraröryggisstofnunin Euro NCAP gefur Ford Focus hæstu einkunn allra bíla í sínum flokki frá upphafi. Árekstraröryggi Focus er metið með 5 stjörnum eða 35 stig. Frá upphafi hefur Focus hreppt 1. sætið á 65 alþjóða verðlaunahátíðum. Í 13 skipti bíll ársins.



*Ford Focus hefur hreppt 1. sæti á 65 alþjóðaverðlaunahátíðum. Veldu Ford.*

Vertu í hópi þeirra bestu, í dag og um alla framtíð. Veldu Focus.

Þegar allt er tekið með og verð er borið saman við gæði þá er Focus talinn betri kostur en bæði Toyota Corolla og VW Golf, samkvæmt fjölmörgum evrópskum bílablöðum. Berðu saman bíla. Komdu í Brimborg. Veldu nýjan Ford - nýtt tákn um gæði.

### Ford Focus. Ný gæði á lægra verði en áður.*

| **Kaupverð** | *5 gíra* | *Sjálfskiptur* |
|---|---|---|
| Ford Focus 3 dyra Trend 1,6 | **1.790.000 kr.** | **1.884.000 kr.** |
| Ford Focus 5 dyra Trend 1,6 | **1.890.000 kr.** | **1.984.000 kr.** |
| Ford Focus 4 dyra Trend 1,6 | **1.940.000 kr.** | **2.034.000 kr.** |
| Ford Focus Wagon Trend 1,6 | **1.990.000 kr.** | **2.084.000 kr.** |

Ford Focus er heimsmethafi í vinsældum. Frá þeim tíma Ford Focus var fyrst kynntur, árið 1998, hefur Focus selst í yfir 4 milljónir eintaka. Heimsmetabók Guinness taldi sig þurfa staðfesta heimsmet Ford Focus í vinsældum árið 2000 og sem mest selda bíl í heimi, aðeins ári eftir að hann kom fyrst á markað. Samkvæmt afmælisútgáfu Heimsmetabókar Guinness fyrir árið 2005 stendur heimsmetið enn. Focus er einnig vinsæll meðal bílagagnrýnenda en þeir hafa í 65 skipti kosið Focus í 1. sætið á aðeins 6 árum. Focus hefur verið kosinn bíll ársins í 13 skipti í Evrópu og Norður-Ameríku.

### Atriði af gæðalista staðalbúnaðar:

| | |
|---|---|
| ESP stöðugleikastýrikerfi | Frjókornasía |
| TRACS spólvörn | Upphitanlegir hliðarspeglar |
| Loftkæling | Rafstilltir hliðarspeglar |
| Stillanlegur hiti í framsætum | Vindskeið að aftan (3d og 5d) |
| Öryggispúðar að framan | Fjarstýrð samlæsing |
| Öryggispúðar í hliðum | Fjölstillanlegt stýri |
| Öryggispúðagardínur | Geislaspilari með þjófavörn og 6 hátölurum |
| ABS hemlakerfi | Fjarstýring fyrir hljómtæki |
| EBD hemlajöfnun | Aksturstölva og útihitamælir |
| EBA hjálparhemlun | |

### Hægt að fá aukalega:

| | |
|---|---|
| Bluetooth® fyrir síma | Raddstýring fyrir: |
| AFS Halogen beygjuljós | - hljómtæki |
| DVD spilari í lofti og skjár | - síma |
| Fjöltengi fyrir heyrnartól | - leiðsögukerfi |
| Kæling í hanskahólfi | Aðfellanlegir speglar |
| Leiðsögukerfi með litaskjá | Hiti fyrir alla framrúðuna |
| 6 diska Sony hljómtæki | Sólarvörn í framrúðu |
| Bakkskynjari | Sportfjöðrun |
| Regnskynjari | Sjálfvirkur „dimmer" á baksýnisspegli |
| Leður- eða sportsæti | Hraðastillir |
| Rafdrifið ökumannssæti | Rafdrifin sóllúga |




*Íslendingar velja Ford umfram önnur leiðandi bílamerki (74,1% aukning 2004) og er Ford meðal vinsælustu bílamerkja á Íslandi. Endursalan staðfestir það einnig. Vertu í hópi þeirra bestu. Veldu nýjan Ford.*

GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

## Nýttu þér sumartilboðin
## Skoðaðu úrvalið í bílaverslun Ford á Íslandi



**Ford** Fiesta Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.430.000 kr.
Bílasamningur 14.970 kr.
Rekstrarleiga 27.950 kr.



**Ford** Fusion Trend
5 dyra 1,4i 5 gíra*
Kaupverð 1.570.000 kr.
Bílasamningur 16.440 kr.
Rekstrarleiga 29.980 kr.



**Ford** Focus Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.890.000 kr.
Bílasamningur 19.790 kr.
Rekstrarleiga 34.930 kr.



**Ford** Focus C-Max Trend
5 dyra 1,6i 5 gíra*
Kaupverð 1.895.000 kr.
Bílasamningur 19.840 kr.
Rekstrarleiga 34.950 kr.



**Ford** Mondeo Ghia
5 dyra 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.440.000 kr.
Bílasamningur 25.550 kr.
Rekstrarleiga 44.940 kr.



**Ford** Galaxy Trend
7 manna 2,0i 5 gíra*
Kaupverð 2.605.000 kr.
Bílasamningur 27.280 kr.
Rekstrarleiga 48.500 kr.



**Ford** Mustang Deluxe
3 dyra 4,0i V6 5 gíra*
Kaupverð 2.860.000 kr.
Bílasamningur 30.030 kr.



**Ford** Escape XLS 4x4
5 dyra 2,3i sjálfskiptur*
Kaupverð 2.810.000 kr.
Bílasamningur 29.430 kr.
Rekstrarleiga 52.700 kr.



**Ford** Freestyle SEL 4x4
7 manna 3,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 3.960.000 kr.
Bílasamningur 39.200 kr.
Rekstrarleiga 68.300 kr.



**Ford** Explorer XLT Sport 4x4
5 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.190.000 kr.
Bílasamningur 43.880 kr.
Rekstrarleiga 79.600 kr.



**Ford** Expedition Eddie Bauer 4x4
8 manna 5,4i V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 5.160.000 kr.
Bílasamningur 53.990 kr.
Rekstrarleiga 102.500 kr.



**Ford** Ranger XL Crew Cab 4x4
4 dyra 2,5 turbo dísil 5 gíra*
Kaupverð 2.370.000 kr.
Bílasamningur 24.820 kr.
Rekstrarleiga 43.900 kr.



**Ford** Explorer Sport Trac XLT 4x4
4 dyra 4,0i V6 sjálfskiptur*
Kaupverð 2.960.000 kr.
Bílasamningur 30.990 kr.
Rekstrarleiga 56.700 kr.



**Ford** F-350 Lariat Crew Cab 4x4
4 dyra 6,0 turbo dísil V8 sjálfskiptur*
Kaupverð 4.128.000 kr.
Bílasamningur 43.160 kr.




**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.** Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Ford í dag. Komdu í Brimborg - skoðaðu nýja hönnun og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér nýjan Ford.

brimborg

*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.ford.is**

* Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Lán er bílasamningur með 30% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.myntkarfa. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Smur- og þjónustueftirlit samkvæmt ferli framleiðanda og Brimborgar er innifalið í leigugreiðslu og allt að 20.000 km akstur á ári. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á myndum: Álfelgur á Fiesta, Focus og Galaxy; samlitur á Escape; tvílitur á Ranger. Explorer og Freestyle myndir eru af Limited.

S M S
L E I K U R
11. HVER VINNUR

INNRÁSIN HEFST 29.06.05




SENDU SMS SKEYTIÐ JA WBV
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

VINNINGAR
ERU

GLÆSILEGUR WAR OF
THE WORLDS VARNINGUR
DVD MYNDIR · COCA COLA
MARGT FLEIRA

D3 MOBILE · ego · FM 957 · MasterCard

Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu komin/n í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.

## STUÐ MILLI STRÍÐA | Sumarið er tíminn

**SIGRÍÐUR B. TÓMASDÓTTIR** ÆTLAR EKKI AÐ ELTA VEÐRIÐ Í SUMAR.

MYND: HELGI SIGURÐSSON



Bjartasti tími ársins er yndislegur. Það er erfitt að fara að sofa en auðvelt að vakna. Það er frábært að ferðast um landið, fara í lautartúr, göngutúra og skoða sig um. Borða góðan mat og njóta lífsins.

Tilheyrandi íslenska sumrinu er líka að fylgjast grannt með veðurspám. Ergja sig ef þær eru óhagstæðar ferðaplönum en gleðjast ef góða veðrið virðist ætla að fylgja ferðaleiðinni. Svo er að sjálfsögðu hægt að bölsótast út í veðurfræðingana ef góða veðrið sem lofað hafði verið sýnir sig ekki.

Ég hef oft reynt að taka mið af veðurspám í ferðalögum innanlands. Ákveðið með skömmum fyrirvara hvert haldið skuli í útilegu. Reynt með öðrum orðum að elta veðrið. Það skal játað að þessi aðferð hefur ekki gengið allt of vel. Ég ákvað því snemmvors að beita henni ekki í sumar. Gera bara mín sumarplön með minni fjölskyldu og sjá svo bara hversu góðir veðurguðirnir ætluðu að vera við mig.

Ég bjóst svo sem ekki við miklu enda hef ég ekki verið þekkt fyrir að vera í náðinni hjá þeim. Og ekki virðist það hafa breyst. Ég var til dæmis norður á Ströndum síðustu helgi. Þar var lágskýjað, suddi og fremur kalt. Í Reykjavík var víst mesta blíða sumarsins. Nú hygg ég á sumarbústaðaferð á Mýrar í Borgarfirði og fæ ekki betur séð en þar sé spáð rigningu alla næstu viku. Góða veðrið á að vera norðan lands. Það mun þó eflaust breytast þegar ég held þangað með minni fjölskyldu í júlí. Þá er næsta víst að veður mun snúast suðvesturhorninu í hag.

En ég hef sem sagt tekið þá ákvörðun að taka íslenska sumarveðrinu með stóískri ró. Njóta einfaldlega lífsins og sumarleyfisins. Og taka regngallann með hvert sem ég fer. ■

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






Skífan Laugavegi 26 opið alla daga til 22 • Skífan Smáralind • Skífan Kringlunni • www.skifan.is

**Kl. 18.00**

*Á sunnudaginn klukkan 18.00 verða pönk- og rokktónleikar í Tónlistarþróunarmiðstöðinni Fiskislóð sem er úti á Granda þar sem fram munu koma sjö pönk- og rökksveitir auk þess sem Siggi pönk mun selja bók sem hann lauk nýverið við að þýða og heitir Um anarkisma á íslensku. Aðgangseyrir er 500 krónur.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Naglbíturinn hrár og erótískur

Vilhelm Anton Jónsson, betur þekktur sem Villi naglbítur úr hljómsveitinni 200.000 naglbítum, opnar málverkasýningu á Kaffi Karólínu klukkan 14 laugardaginn 25. júní. Á sýningunni eru sex myndir eftir Vilhelm sem gerðar eru með kolum, akrýlmálningu og olíumálningu.

Naglbíturinn tók þá ákvörðun í vetur að snúa sér heils hugar að myndlistinni en hann hefur sem kunnugt er verið nokkuð áberandi á ljósvakamiðlum landsins síðustu árin. „Þetta er það sem mér finnst skemmtilegast að gera, að skapa, hvort sem það er tónlist eða myndlist. Mér finns best að vinna bara fyrir sjálfan mig, ég mæti á vinnustofuna mína fyrir mig sjálfan og reyni að vera duglegur fyrir sjálfan mig. Maður er að búa til eitthvað sem ekki var til áður og skapar vonandi með því hughrif hjá áhorfandanum," segir Vilhelm.

Myndir Vilhelms eru að hans sögn hráar og erótískar myndir af fólki.



**Á VINNUSTOFUNNI Á LAUGAVEGINUM** Vilhelm Anton Jónsson opnar sýningu á Kaffi Karólínu í gamla heimbænum sínum, Akueyri, á morgun á klukkan 14.

„Ég hlakka mikið til að opna sýningu í gamla heimabænum," segir myndlistarmaðurinn, sem bjó á Akureyri áður en hann fluttist til Reykjavíkur. Sýningin á Akureyri er önnur sýningin sem Vilhelm heldur, en á Kaffi Sólon í Reykjavík stendur nú yfir sýning á verkum hans sem opin er til 2. júlí.

### EKKI MISSA AF...



...sýningu Ragnars Axelssonar sem verður opnuð á Austurvelli klukkan 12 í dag og stendur til 1. september. Myndin hér að ofan er af Ragnari.

...tónleikum með Brasilíukvartett saxófónleikarans Óskars Guðjónssonar sem leikur á Jómfrúnni í Lækjargötu klukkan 16 á laugardaginn. Aðgangur er ókeypis.

...tónleikum hljómsveitarinnar Strakovsky's Horo sem leikur villta Klezmer/Balkan tónlist á Kaffi Hljómalind klukkan 21.

# Bók Vigdísar seld til Svíþjóðar

JPV útgáfa hefur gengið frá samningi við AlfabetaAnamma-forlagið í Svíþjóð um útgáfu á skáldsögu Vigdísar Grímsdóttur, Þegar stjarna hrapar, sem kom út á íslensku árið 2003 hjá JPV.

Vigdís hefur lengi heillað Svía en þýðingar á verkum hennar hafa verið gefnar út allt frá 1994, þegar Stúlka í skóginum kom út og hlaut góðar viðtökur.

Þegar stjarna hrapar er síðasta bindið í þríleik Vigdísar sem hófst með bókinni Frá ljósi til ljóss.

JPV útgáfa gefur í haust út kilju með öllum þremur bindum þríleiksins í einni bók.



**VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR** Bók hennar Þegar stjarna hrapar hefur verið seld til Svíþjóðar.


!
Talstöðin
FM 90,9

MARKAÐURINN
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30









LJÓSMYND/RAGNAR AXELSSON

**SJÁLFHELDA** „Þessi mynd var tekin í björgunarleiðangri árið 1995 þegar hestum var bjargað úr sjálfheldu ofan af Skessuhorni. Hestarnir höfðu orðið hræddir við flugeldasprengingarnar á gamlársdag og hlupu þangað upp vegna þess. Þeim var svo bjargað nokkrum dögum síðar. Það var verið að velta því fyrir sér að bjarga hestunum með þyrlu en svo var hætt við það því það var talið að þeir myndu fipast af hræðslu og fara fyrir björgin þannig að á endanum voru þeir teymdir niður," segir Ragnar Axelsson ljósmyndari um þessa mynd, sem er ein af þeim 60 sem verða á sýningunni á Austurvelli.

# Andlit norðursins á Austurvelli

Í dag klukkan 12 verður opnuð ljósmyndasýning Ragnars Axelssonar, eða RAX, á Austurvelli. Sýningin ber yfirskriftina Andlit norðursins en myndirnar eru úr samnefndri bók sem kom út árið 2004. Sýndar verða 60 svarthvítar myndir sem Ragnar tók í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi og sýna fólk og skepnur í dansi við óblíð náttúruöfl Norður-Atlantshafsins. 20 myndir eru frá hverju landi.

„Mér fannst afskaplega gaman að fara til þessara landa, Færeyja og Grænlands, og taka myndir af fólkinu þar. Þetta eru nágrannþjóðir okkar en samt eru þær svo ólíkar okkur þrátt fyrir alla nálægðina. Á sýningunni blanda ég svo myndunum þaðan saman við myndir héðan frá Íslandi," segir ljósmyndarinn Ragnar Axelsson, sem var að bardúsa við að koma sýningunni sinni upp á Austurvelli þegar Fréttablaðið talaði við hann í gær.

„Að mála svarthvítt er pensillinn minn, ég vildi gera þetta með hjartanu, þetta er svona eins og að semja lag algerlega eftir eigin höfði en ekki eftir pöntun frá einhverjum öðrum. Það er ekki söluvænlegt að mála svarthvítt, litmyndir eru betri söluvara, en ég hef bara þurft að borða fleiri pylsur fyrir vikið meðan ég hef verið að taka myndirnar," segir Ragnar en ljósmyndirnar á sýningunni eru teknar á 15 ára tímabili.

„Ég held að fólk hafi verið mjög ánægt með þessar sýningar síðustu árin. Þær hafa verið mikið skoðaðar af erlendum ferðamönnum og svo skoða Íslendingar þær mikið sjálfir, enda er þetta frábær umgjörð fyrir slíka sýningu. Það er gott fyrir okkur að flagga því góða sem við eigum yfir sumartímann meðan hér er svo mikið af fólki. Í Ragnari eigum við listaljósmyndara á heimsmælikvarða. Það er mikill áhugi meðal ljósmyndafagurkera víða um lönd á ljósmyndum hans. Ragnar hefur verið fimmtán ár að rannsaka líf þess fólks sem býr við Norður-Atlantshafið og hefur náð ákveðinni fullkomnun í því," segir Sigurður Svavarsson útgáfustjóri hjá Eddu sem gaf út bók Ragnars, Andlit norðursins í fyrra.

Sýning Ragnars á Austurvelli stendur yfir til 1. september.


Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI: 550 500

# Afnemum VSK af öllum snyrtivörum

## TAX FREE DAGAR

Álagður virðisaukaskattur á snyrtivörur á Íslandi er 24,5% sem jafngildir 19,68% afslætti.



**Á fríhafnardögum afnemum við VSK. af snyrtivörumerkjum.**

**Dagana 23.-26. júní eru fríhafnardagar í öllum snyrtivöruverslunum Hagkaupa.**

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu.
Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaupa.

PÓSTVERSLUN
www.hagkaup.is
grænt númer 800 6680
sími 568 2255
HAGKAUPA

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# Menningin eflir ímynd bæjarfélagsins

Listasumar 2005 var sett á Akureyri í fyrradag og rekur hver listviðburðurinn annan fram til 27. ágúst þegar Listasumri lýkur. Alþjóðlega leiklistahátíðin Leikum núna, „Act now", var einnig formlega opnuð í gær á Akureyri með þátttöku félaga í Götudansleikhúsinu og Leikklúbbnum Sögu en hátíðin stendur fram á laugardagskvöld.

Þórgnýr Dýrfjörð, menningarfulltrúi Akureyrarbæjar, segir að Listasumarið og aðrar menningartengdar uppákomur á Akureyri hafi gríðarlega jákvæð áhrif á ímynd bæjarins. „Menningin í víðum skilningi styrkir Akureyri sem skapandi bæ og laðar að fjölda ferðamanna en mörg dæmi eru um að landsmenn skipuleggi ferðalög sín um landið með tilliti til viðburða á Listasumri á Akureyri," segir Þórgnýr.

Í tengslum við Listasumar verður haldin Jónsmessuhátíð í kvöld í Kjarnaskógi við Akureyri þar sem í boði verður fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna og síðar um kvöldið leikur Oktett Ragnheiðar Gröndal sígildar djass- og blúsperlur á Græna hattinum.

kk



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

**LEIKUM NÚNA** Falleg og brosmild hnáta söng án undirleiks við opnun leiklistarhátíðarinnar Leikum núna en henni til halds og trausts var Þórgnýr Dýrfjörð, menningarfulltrúi Akureyrarbæjar.


**Hundabúr - Hvolpagrindur**

**Full búð af nýjum vörum.**
**30% afsláttur af öllu.**

**Tokyo gæludýravörur**
Hjallahrauni 4
Hafnarfirði
s. 565-8444

Opið: mán. til fös. 10-18
Lau. 10-16
Sun. 12-16

**BORGARLEIKHÚSIÐ**
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**KALLI Á ÞAKINU**
*e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu*
Su 26/6 kl 14, Lau 9/7 kl 14, Su 10/7 kl 14, Su 17/7 kl 14

Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is
Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
14-18 mánudaga - laugardaga 12-18 sunnudaga Lokað 2. og 3. júlí.







**Gleðifréttir frá Gleðistofu Íslands**
Laugardaga kl. 11:30
og alla virka daga kl. 11:30, 16:30 og 21:30




**EGGERT PÉTURSSON** Eggert lærði á Íslandi en bjó um tíma í Bretlandi og í Maastricht í Hollandi.

# Blómamálari fær norræn myndlistarverðlaun

**Eggert Pétursson myndlistarmaður mun hljóta önnur verðlaun norrænu myndlistarverðlaunanna Carnegie Art Award 2006 sem afhent verða í haust.**

Verðlaunin eru ein þau stærstu sem veitt eru í dag ef miðað er við verðlaunaféð, en upphæðin sem fylgir verðlaunum Eggerts Péturssonar er 600.000 sænskar krónur. Af 115 tilnefningum var tuttugu og einn listamaður af Norðurlöndunum valinn til að sýna á Carnegie-sýningunni sem sett verður upp í höfuðborgum Norðurlandanna, auk Nice og London, árið 2006. Dómnefnd valdi verðlaunahafa úr þeim hópi, en sérstakur gestur dómnefndar var Suzanne Pagé frá Nútímalistasafni Parísarborgar. „Þetta er auðvitað mikil viðurkenning. En þetta hefur engin áhrif á sjálfan mig sem myndlistarmann, ég held bara áfram því sem ég hef verið að gera," segir Eggert.

Landsmenn geta barið verðlaunaverk Eggerts augum á Carnegie Art Award 2006 að ári en sýningin verður opnuð í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsi, 10. júní 2006. Í fréttatilkynningu frá Carnegie Art Award segir: „Sérstæð blómamálverk listamannsins eru ólík öllum öðrum útlistunum á náttúru eða grasafræði. Í þeim er að finna ótrúlega nákvæmni og flókna innviði; þau eru nánast staðfræðileg í áþreifanleika sínum."

Stofnað var til Carnegie verðlaunanna 1998 til að koma norrænni myndlist á framfæri og styðja myndlistarmenn á Norðurlöndunum. Hreinn Friðfinnsson hlaut verðlaunin árið 2000 en fjöldi Íslendinga hefur tekið þátt í sýningunni. Að þessu sinni hlaut sænska listakonan Karin Mamma Andersson fyrstu verðlaun og finnska listakonan Petra Lindholm þriðju.

„Ég tók þátt í sýningunni 2004 en geri ráð fyrir að verk mín fái meiri athygli vegna verðlaunanna. Það er ánægjulegt að fá þetta núna þegar ég er að klára mikla vinnutörn. Ég er búinn að vinna mjög mikið í vetur því ég er að fara að sýna í Salzburg með Helga Þorgils," segir Eggert um það sem er fram undan.



**ANNA LEÓSDÓTTIR** „Ef fólki líður vel þegar það horfir á myndirnar líður mér vel, og kannski vekja þær fólk líka til umhugsunar um náttúruna," segir málarinn sem opnar sína sjöttu málverkasýningu um helgina.

# Verndun íslenskrar náttúru

„Myndirnar túlka það sem ég upplifi í náttúrunni þó þetta séu ekki eiginlegar náttúrumyndir. Þetta er mín túlkun á náttúrunni. Mér finnst eins og við þurfum aðeins að huga að því hvernig við ætlum að vernda þetta land því mér finnst sem við séum að raska náttúrunni of mikið. Mér finnst við þurfa að passa þennan fjársjóð sem við eigum, landið okkar, því við eigum það ekki heldur höfum við það aðeins að láni í takmarkaðan tíma og við eigum að skila því tilbaka eins og við fengum það og kannski í betra ástandi," segir Anna Leósdóttir málari, sem opnar sína sjöttu málverkasýninu í Ráðhúsi Reykjavíkur laugardaginn 25. júlí.

Á sýningunni eru 50 olíumyndir eftir Önnu.

Þema sýningarinnar er verndun íslenskrar náttúru.

„Ef fólki líður vel þegar það horfir á myndirnar líður mér vel, og kannski vekja þær fólk líka til umhugsunar um náttúruna," segir Anna, sem er sjálfmenntuð í málaralistinni og hefur stundað hana í yfir tuttugu ár.

Sýning Önnu í Ráðhúsinu stendur yfir til 10. júlí.

# Sverðberinn seld til Noregs og Danmerkur

Unglingasaga Ragnheiðar Gestsdóttur, Sverðberinn var í vikunni seld til Danmerkur og Noregs. Ragnheiður hlaut sem kunnugt er Norrænu barnabókarverðlaunin 2005 fyrir bókina og höfundarverk sitt og mun hún veita verðlaununum viðtöku þann 29. júní næstkomandi.

Það var danska forlagið Sesam sem tryggði sér útgáfuréttinn þar í landi, en Ástarsaga úr fjöllunum, eftir Guðrúnu Helgadóttur og Brian Pilkington, kom einnig út hjá Sesam fyrir allmörgum árum.

Í Noregi mun bókin koma út hjá N.W. Damm & Søn AS en á næstu dögum mun forlagið einnig gefa út Njálu eftir Brynhildi Þórarinsdóttur og Margréti E. Laxness sem kom út hjá Máli og menningu árið 2002.




NÝTT TÍMARIT Í DAG
„ÉG EINBEITI MÉR AÐ FÓTBOLTANUM OG ÞVÍ SEM ÉG ER AÐ GERA Í LÍFINU; LÆT LÍTIÐ ANNAÐ HAFA ÁHRIF Á MIG OG VEL MÉR SJÁLFUR STAÐ OG TÍMA TIL AÐ GEFA VIÐTÖL.“
EIÐUR SMÁRI
- BARA Í SIRKUS RVK
KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Í ÖLLUM HELSTU BLAÐSÖLU & MATVÖRUVERSLUNUM LANDSINS
- FYLGSTU MEÐ



> Bubbi



> Hölt hóra

### Í SPILARANUM HJÁ RITSTJÓRNINNI

**Bubbi:** Paradís, **Hölt hóra:** Love Me Like You Elskar mig, **Rain:** Experiment of Day, **Kippi Kaninus:** Happens Secretly, **DJ Margeir:** PZ' 05 – Dansa meira og **Khonnor:** Handwriting.

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

## Tilraunakennt hiphop

Jóhannes Birgir Pálmason, sem kallar sig Rain, hefur gefið út plötuna Experiment of Day. Jóhannes, sem er einnig í rappsveitinni Twisted Minds, lýsir nýju plötunni sem tilraunakenndu hiphopi.

„Það eru margar stefnur á plötunni og lögin blandast saman," segir Jóhannes um gripinn. „Platan stoppar aldrei og þetta er eins og að hlusta á eitt lag."

Birkir úr hljómsveitinni Forgotten Lores aðstoðar Jóhannes í laginu Telepathic Translation, sem er eina lag plötunnar sem er rappað á íslensku. Jóhannes, sem hefur verið í tónlistinni í tíu ár, segist vera undir áhrifum frá mörgum hljómsveitum en nefnir sérstaklega Buck 65 frá Kanada. Einnig má greina á plötunni áhrif frá rapparanum Sage Francis, sem hefur gefið út tvær plötur á undanförnum árum sem hafa fengið mjög góðar viðtökur gagnrýnenda.



**RAIN** Jóhannes Birgir Pálmason hefur gefið út plötuna Experiment of Day.

### > Plata vikunnar ...



**HOT DAMN!: The Big'n Nasty Groove'O Mutha**

*„Smári og Jenni ná virkilega vel saman og sanna það enn frekar, rétt eins og The White Stripes hafa gert, að dúettar geta hiklaust spjarað sig í rokkinu þrátt fyrir mikinn einfaldleika."* **FB**

### > Popptextinn ...

*„He called up the House of Lust ordered a five foot two, but to his surprise, this lady was a dude."*



Lagið Hot Damn, That Woman Is a Man er byggt á sannsögulegum atburðum um ungan mann sem lenti í heldur óskemmtilegri lífsreynslu í Amsterdam.

### [ TOPP 10 ]

X-IÐ 977 - 22. JÚNÍ

1. **LEAVES** The Spell
2. **COLDPLAY** Speed of Sound
3. **QUEENS OF THE STONE AGE** In My Head
4. **BECK** Girl
5. **NINE INCH NAILS** The Hand That Feeds
6. **CYNIC GURU** Drugs
7. **THE BRAVERY** Honest Mistake
8. **THE KILLERS** Smile Like You Mean It
9. **KAISER CHIEFS** Every Day I Love You Less And Less
10. **RASS** Burt með kvótann

* Listanum er raðað af umsjónarmönnum stöðvarinnar



FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

**ARNAR GUÐJÓNSSON** Hljómsveitin Leaves er í efsta sæti X-listans með lagið The Spell af væntanlegri plötu sinni The Angela Test.

### [ SMS ]

**UM NÝJUSTU PLÖTURNAR**

**Bubbi: Ást**
„Ást er nokkurs konar uppgjör Bubba við ástarmál sín. Þrjú lög skara fram úr en meiri Barðastemningu vantar í afganginn." *FB*

**British Sea Power: Open Season**
„Það er ekki mikil von í nýjustu von Breta. Ef þetta er afli breska sjóveldisins, þá legg ég til að við hendum af stað öðru þorskastríði, því við myndum valta yfir þá." *BÖS*

**Coldplay: X&Y**
„Coldplay kaupa sér nýtt hljómborð og gera enn eina „örugga" plötu. Full af grípandi lögum sem við eigum öll bókað eftir að fá hundleið á áður en útvarpsstöðvarnar hætta að spila þau." *BÖS*

**Fourt Tet: Everything Ecstatic**
„Ekki bara ein magnaðasta plata sem hefur komið út á þessu ári, heldur ein magnaðasta plata sem hefur verið gefin út í sögu raftónlistar. Fullt hús stiga." *BÖS*

**Jane: Berserker**
„Annar helmingur Animal Collective færir sig enn dýpra í undarlegheitin og mallar saman ambíent tónlist við krútt-elektróník. Falleg grúskaraplata sem róar taugarnar." *BÖS*

**System of a Down: Mezmerize**
„System of a Down nær að gera hið ótrúlega og standast ótrúlegar væntingar fólks með því að gefa út aðra frábæra plötu. Lög Mezmerize eru sterk, textasmíðar því miður lakari." *BÖS*

**Jack Johnson: In Between Dreams**
„Notaleg plata sem reynir að sannfæra hlustanda sinn um hversu yndislegt lífið er. Og á örugglega eftir að takast það í mörgum tilfellum." *BÖS*

Birgir Örn Steinarsson & Freyr Bjarnason



**KIPPI KANINUS** Raftónlistarmaðurinn Kippi Kanínus hefur gefið út sína aðra plötu sem nefnist Happens Secretly.

# Krefjandi púsluspil

Nýlega kom út önnur plata Kippa Kanínus sem nefnist Happens Secretly og sjá 12 tónar um dreifingu hennar hér á landi. Fyrsta plata hans, Huggun, kom út á vegum Tilraunaeldhússins og Eddu fyrir þremur árum og fékk hún hvarvetna góðar viðtökur.

Kippi Kanínus er listamannsnafn Guðmundar Vignis Karlssonar, sem um þessar mundir dvelst í Hollandi ásamt fjölskyldu sinni við nám, leik og störf. Hann stefnir að því að vera þar í tvö ár til viðbótar. Guðmundur segist alltaf hafa jafngaman af því að taka upp nýja tónlist. „Ég var búinn að koma mér upp stóru og miklu safni af upptökum yfir langan tíma. Síðan gengur tónlistin út á að búa til rétt samhengi fyrir þessi hljóð. Þetta er stórt og langt og krefjandi púsluspil," segir Guðmundur.

Nýju plötunni hefur verið lýst sem frumlegri og melódískri raftónlist þar sem bregður fyrir orgelleik, strengjum og barnasöng. „Þetta eru hljóð úr umhverfinu," segir Guðmundur. „Þau eru bara teygð og látin passa hvert við annað þannig að þau hljómi eins og þau eigi saman."

Guðmundur, sem er 26 ára, byrjaði að semja tónlist þegar hann var í menntaskóla en var aldrei í neinum hljómsveitum. Nafnið Kippi Kanínus á sér einkennilega sögu. „Mamma lærði andlitsnudd þegar ég var fjögurra eða fimm ára. Hún var að þylja upp það sem hún átti að læra fyrir prófin og ein nuddaðferðin fyrir kinnvöðva hét Kippi Kanínus. Mér fannst þetta fyndið og mundi alltaf eftir þessu nafni."

Guðmundur sækir áhrif sín úr ýmsum áttum og ekkert sérstaklega frá öðrum raftónlistarmönnum. „Ég hef verið mikið í kór og hef hlustað á tónlistina þar. Annars hlusta ég á allt mögulegt, allan skalann."

Guðmundur ætlar að halda tónleika í Rotterdam og Köln í september og nóvember og vonast til að gefa nýja plötuna út erlendis á næstunni.

**freyr@frettabladid.is**

# Smáskífa frá Númer Núll

Poppmetaltríóið Númer Núll hefur gefið út þriggja laga smáskífu. Hljómsveitin hefur verið starfandi í núverandi mynd í eitt ár en Gestur Guðnason yngri, söngvari og gítarleikari, og Garðar Þór Eiðsson trommuleikari hafa starfað saman í fimm ár. Bassaleikari sveitarinnar heitir Jón Svanur Sveinsson.

Gestur, sem einnig er í hljómsveitinni Stórsveit Nix Nolte, er margreyndur í tónlistarbransanum því hann hefur auki starfað með hljómsveitunum Skátum og 5tu herdeildinni. „Við hugsum þessa smáskífu sem tvö lög af væntanlegri breiðskífu og eitt bónuslag. Við eigum upptekið efni á heila plötu sem á eftir að hljóðblanda," segir Gestur. „Við höfum verið að fá mjög góðar viðtökur þó fólk sé latt við að mæta á tónleika yfir höfuð," bætir hann við.

Eiríkur Hilmisson og Sigurður Bjóla, yfirhljóðmaður í Þjóðleikhúsinu, hljóðblönduðu smáskífuna og ber Gestur þeim vel söguna. „Eiríkur vinnur í Þjóðleikhúsinu og Sigurður rak eyrun í þetta og vildi fá að vera með," segir hann. „Hann tekur þátt í einstaka verkefnum sem vekja áhuga hans."

Númer Núll spilar á Þinghúsbar á Hvammstanga annað kvöld ásamt reykvísku kvennasveitinni Viðurstyggð. ■



**NÚMER NÚLL** Frá vinstri: Jón Svanur Sveinsson, Gestur Guðnason og Garðar Þór Eiðsson.

# Heldur efsta sætinu

Nýjasta plata Coldplay, X&Y, hefur gert frábæra hluti á vinsældalistum síðan hún kom út í byrjun mánaðarins. Platan er í efsta sæti bandaríska vinsældalistans aðra vikuna í röð og hefur selst í 1,1 milljón eintaka.

Í öðru sæti er nýjasta plata Foo Fighters, In Your Honor, sem seldist í 310.000 eintökum sína fyrstu viku á lista sem er þrisvar sinnum meira en síðasta plata sveitarinnar, One by One, seldist fyrstu vikuna. Í þriðja sæti á listanum er ný plata frá strákunum í Backstreet Boys sem nefnist Never Gone. ■



**CHRIS MARTIN** Söngvari Coldplay hlýtur að vera í skýjunum þessa dagana yfir nýju plötunni.

# Gítarleikari snýr aftur

Hljómsveitin The Cure hefur endurráðið gamla gítarleikarann sinn Porl Thompson sem spilaði með sveitinni 1976 til 1978 og 1983 til 1993.

The Cure varð fyrir áfalli á dögunum þegar gítarleikarinn Perry Bamonte og hljómborðsleikarinn Roger O'Donnell hættu í sveitinni og skildu eina eftir þá Robert Smith, Simon Gallup og Jason Cooper.

Hljómsveitin mun spila í fyrsta sinn opinberlega með nýju stillingunni á tónlistarhátíð á Spáni þann 5. ágúst. ■



**THE CURE** Robert Smith og félagar í The Cure hafa endurheimt gamla gítarleikarann sinn.

# Eldsvoði hjá Ash

Íslandsvinirnir í Ash lentu í honum kröppum á dögunum þegar eldur kviknaði í rútu þeirra eftir tónleika í Knitting Factory í Los Angeles.

Eftir að mikill reykur hafði komið í rútuna tókst að slökkva eldinn með slökkvitæki. Þurfu liðsmenn Ash að bíða úti á götu í nokkurn tíma eftir nýrri rútu. Keyrðu þau rútuna sjálf til San Francisco þar sem þau héldu vel heppnaða tónleika skömmu síðar. Þar tileinkaði söngvarinn Tim Wheeler nýfutyrirtækinu og bílstjórum þess lagið Burn Baby Burn. ■



**ASH** Rokksveitin Ash lenti í lífsháska í Bandaríkjunum á dögunum.

# Vinsælasta tónlistin á Íslandi

**Á móti sól** mun árita disk sinn **„Hin 12 Topplögin"** á milli 14:00 og 16:00 í Hagkaupum Skeifunni, laugardaginn 25. júní.






4. sæti*

1.999 kr

Á MÓTI SÓL - Hin 12 topplögin

KOMINN Í VERSLANIR




1.999 kr

RAGGI BJARNA - með hangandi hendi



1.999 kr — Alm. verð 2.499- — 12. sæti*

ÝMSIR-Pottþétt 37



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 10. sæti*

EMILÍANA TORRINI-Fisherman´s woman



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 8. sæti*

GORILLAZ-Demon days



1.499 kr — Alm. verð 2.499- — 6. sæti*

Eurovision song contest 2005




1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 3. sæti*

BUBBI-Í 6 skrefa fjarlægð frá paradís



1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 1. sæti*

COLDPLAY-X & Y




1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 13. sæti*

SYSTEM OF A DOWN-Mesmerize




1.499 kr — Alm. verð 2.399- — 11. sæti*

DURAN DURAN-Greatest




1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 9. sæti*

ÝMSIR-Kalli á þakinu




1.699 kr — Alm. verð 2.399- — 7. sæti*

FOO FIGHTERS-In Your Honor



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 5. sæti*

HILDUR VALA



1.999 kr — Alm. verð 2.399- — 2. sæti*

BUBBI-Ást

*Samkvæmt íslenska tónlistanum

Gildir til 30. júní eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

*Skemmtilegast að versla*

PÓSTVERSLUN HAGKAUPA

www.hagkaup.is

grænt númer **800 6680**

sími **568 2255**

# Jay Kay með fatalínu

Jay Kay, söngvari fönkhljómsveitarinnar Jamiroquai, hefur ákveðið að deila sérstökum fatasmekk sínum með almenningi. Hann ætlar að setja fatamerki á markaðinn áður en árið er liðið og mun það heita Quai. Töffarinn segir að fötin verði mjög sérstök, jafnvel svolítið klikkuð og meðal annars verða hinir frægu Jay Kay hattar á boðstólum en þeir eru eins konar vörumerki hans. Hann er einnig mikill aðdáandi gamaldags fatnaðar og er líklegt að í fötunum megi greina afturhvarf til eldri tíma. „Hann mun byrja með litla fatalínu í völdum búðum, en ef það gengur vel mun hann stækka veldið," sagði heimildarmaður. „Hann ætlar að reyna að halda verðinu í algjöru lágmarki svo fólk hafi efni á fötunum."

Jay Kay hefur því í nógu að snúast því Jamiroquai gáfu út sína nýjustu plötu, Dynamite, fyrir nokkrum dögum síðan.



**JAY KAY** Söngvari Jamiroquai í einni af sinni undarlegu múnderingum.



**KVÖLDÞÁTTURINN** Þáttastjórnendurnir Guðmundur Steingrímsson, Halldóra Rut Bjarnadóttir og Sigríður Pétursdóttir munu taka á daglegum fréttum og fjalla um þær í háðslegum tóni. Einnig kíkja gestir við og grínistar verða með innslög.

# *Grænjaxlar og gamlir vinir á Sirkus*

Sjónvarpsstöðin Sirkus fer í loftið í kvöld klukkan tíu með glæsilegri dagskrá. Stöðin leggur áherslu á afþreyingarefni, innlent sem erlent. Stöðin verður frístöð fyrirtækisins 365 með tæp áttatíu prósent í dreifingu. Hægt verður að ná henni inn á Digital Ísland, Breiðbandið sem og á UHF.

Meðal þeirra íslensku þátta sem verða á dagskrá stöðvarinnar eru Kvöldþátturinn en umsjónarmenn hans eru Guðmundur Steingrímsson, Halldóra Rut Bjarnadóttir og Sigríður Pétursdóttir. Einnig mun þátturinn Sjáðu vera á dagskránni sem og Íslenski popplistinn, Geim Tíví auk þess sem þættir af 70 Mínútum verða endursýndir. Þessir fjórir þættir voru á dagskrá sjónvarpsstöðvarinnar Popptíví sem nú færist yfir á Digital Ísland. Þau nýmæli hafa þó orðið á tveimur þáttanna að fegurðardrottningin Unnur Birna Vilhjálmsdóttir mun stýra kvikmyndaþættinum Sjáðu og Jónsi úr Svörtum fötum mun kynna okkur nýjustu og vinsælustu tónlistina í íslenska popplistanum.



**UNNUR BIRNA FEGURÐARDÍS** Hún mun taka við af Ásgeiri Kolbeinssyni í kvikmyndaþættinum Sjáðu. Þar fer hún yfir nýjustu og vinsælustu myndirnar í kvikmyndahúsunum.

Fjölmargir erlendir þættir verða á dagskrá stöðvarinnar. David Letterman er einn þeirra sem og spennuþátturinn True Calling sem fjallar um Tru Davis sem hefur dulda hæfileika sem gætu bjargað mannslífum. Dr. Vegas er ekta dramaþáttur með Rob Lowe í aðalhlutverki ásamt Joe Pantoliano og Tom Sizemore. American Dad er teiknimyndasería af bestu gerð frá höfundum Family Guy sem gefur þeim vinsælu þáttum ekkert eftir. The Road to Stardom with Missy Elliott er HipHop útgáfa af American Idol þar sem valinn er besti HipHop / R&B listamaðurinn í hópnum. Auk þessara verða þættirnir Joan of Arcadia, Fabulous Life of og Rescue Me á dagskránni. Sirkus mun svo kitla nostalgíufiðringinn í maganum á áhorfendum með því að sýna þeim gamla klassíska þætti eins og Friends, Seinfeld og The X-Files.




# Bítl frá barnum á sviðið

„Við ætlum að spila á húmorinn, þetta er bara skemmtisýning. Við spilum Bítlalögin og fabúlerum kringum þau á skondinn hátt," segir Sigurjón Brink, sem frumsýnir í kvöld **Bítl** í Loftkastalanum með félögum sínum Jóhannesi Ásbjörnssyni, betur þekktum sem Jóa í Idol, og Pálma Sigurhjartarsyni. „Sumir halda að við séum að leika Bítlana, að þetta sé leiksýning, en svo er ekki," segir Sigurjón. Þríeykið kallar sýninguna „tónleik" enda er hún meira í ætt við tónleika en söngleik.

„Þetta byrjaði þannig að ég og Jói ákváðum að koma saman fyrir tónleika í Vesturporti, báðir miklir Bítlaaðdáendur. Þetta teygðist í nokkra tónleika og í kjölfarið fórum við að spila á Hverfisbarnum á fimmtudagskvöldum," segir Sigurjón. „Við náðum svo góðri stemningu á Hverfisbarnum. Það er örugglega ár síðan að við settumst niður og fórum að hugsa um að gera sýningu úr þessu." Jóhannes og Sigurjón, kallaðir Jói og Sjonni, hafa áður spilað með Pálma á þjóðhátíð í Eyjum og við ýmis önnur tilefni en þeir fengu til liðs við sig Hilmi Snæ Guðnason til að koma Bítlasýningunni á fjalirnar. „Leikstjórn og ekki leikstjórn, hann styður við bakið á okkur í gegnum þetta. Það er svolítið stórt stökk að fara frá Hverfisbarnum í 400 manna leikhús, svo við þurftum góða menn með okkur," segir Sigurjón.

Sýningin Bítl verður sýnd í Loftkastalanum á föstudags- og laugardagskvöldum klukkan níu í allt sumar. „Þetta er svona sýning þar sem þú ferð út að borða, færð þér einn kaldan og sest í leikhússæti með bjórinn. Þetta er fyrst og fremst stuðsýning. En þetta er náttúrlega viðkvæmt mál, Bítlarnir, þannig að við reynum að grínast ekkert með lögin sjálf. Við einbeitum okkur að því að skila góðum flutningi á lögunum í bland við smá óútreiknanlegt grín," segir Sigurjón bítill. Hann bætir við að þó að þeir félagar skemmti sér konunglega á sýningunni muni þeir spara Bítlana fyrir leikhúsið og flytja lög eftir aðra höfunda á Hverfisbarnum í sumar.



**ÍSLENSKU BÍTLARNIR** Þeir Sjonni, Jói og Pálmi á æfingu fyrir forsýninguna sem þótti takast vel. „Fólk virðist fíla þennan húmor. Auðvitað dönsum við á línunni sums staðar, við viljum ekki vera útreiknanlegir. Það verður að vera smá spenna í loftinu. Stór hluti af þessu er spuni, engar tvær sýningar eru eins," segir Sigurjón.

rosag@frettabladid.is





**JAMES ZABIELA** Plötusnúðurinn breski mun þeyta skífum á Nasa í kvöld.

# Zabiela spilar í kvöld

Forsalan á tónleika breska plötusnúðsins James Zabiela á Nasa í kvöld er hafin. Ásamt Zabiela munu þeir Alfons X og hinn efnilegi DJ Hjalta þeyta skífum. Zabiela er ein af nýjustu stjörnum plötusnúðaheimsins. Hann þykir fara á kostum er hann kemur fram og framkvæmir hina ýmsu galdra á tækin sín. Forsalan fer fram í Þrumunni, Laugavegi, og er miðaverð 1.500 krónur.

# *Hepburn þykir bera af*

Sky.com, sem er í eigu BSkyB fjölmiðlaveldisins, hefur útnefnt fimmtíu náttúrulega fallegustu konur allra tíma. Litið var til þess hvaða konur hefðu fallegustu beinabygginguna og hverjar væru glæsilegastar án hjálpar snyrtivara. Kvikmyndagoðsögnin Audrey Hepburn þótti bera af, en yfir fimmtíu ár eru síðan hún lék í sinni fyrstu mynd.

Athygli vekur að allar konurnar í tíu fyrstu sætunum eru með dökkbrúnt hár og ekki er ljóshærð kona nefnd fyrr en í þrettánda sæti og í því situr fyrirsætan Heidi Klum. Í heild eru aðeins 15 ljóshærðar konur á listanum, sem þykir benda til þess að sú ímynd fylgi ljóshærðum konum að þær hafi meira fyrir útlitinu. Ljóst hár er mun oftar litað en dökkt, auk þess sem ljóshærðar stjörnur fylgja oft ákveðinni staðalímynd með ónáttúrulega dökkum húðlit og meiri farða.



**AUDREY HEPBURN** Leikkonan þykir bera af fallegustu konum heims. Fimmtíu ár eru síðan hún lék í sinni fyrstu mynd.

**TOPP TÍU**

1. AUDREY HEPBURN
2. HALLE BERRY
3. CATHERINE ZETA-JONES
4. NATALIE PORTMAN
5. RACHEL BILSON
6. KRISTIN DAVIS
7. KATIE HOLMES
8. EVA LONGORIA
9. KOO STARK
10. MARISA TOMEI

**[ TÓNLIST ]**

**UMFJÖLLUN**

# Skemmtilegur rokkdúett

Smári „Tarfur“ Jósepsson var búinn að sanka að sér slatta af gítarriffum sem hann vildi koma á plast og ákvað að fá hinn öfluga Jenna úr Brain Police til liðs við sig. Þeir félagar ná virkilega vel saman á þessari sumarlegu plötu og sanna það enn frekar, rétt eins og The White Stripes hafa gert, að dúettar geta hiklaust spjarað sig í rokkinu þrátt mikinn einfaldleika.

Flest lögin á plötunni eru vel blúsuð en einnig heyrast þar áhrif frá rokksveitum á borð við AC/DC og jafnvel Alice in Chains. Upphafslagið, Hot Damn, That Woman Is a Man, er hressilegt með bráðskemmtilegum texta og Butt Bumpin' Boogie, I Got You og Tag Along eru einnig góð. Í því síðastnefnda þenur Bubbi Morthens munnhörpuna eins og honum einum er lagið. Mustache Sally og Who Needs a Drummer voru aftur á móti síst.





Mikil spilagleði og léttleiki skína í gegn á plötunni og maður fær á tilfinninguna að þeir Smári og Jenni séu eingöngu að þessu til að skemmta sér eins vel og mögulegt er. Slík gleði smitar alltaf út frá sér og hver veit nema ég skelli henni á fóninn í næstu grillveislu.

**Freyr Bjarnason**

**HOT DAMN!**
THE BIG'N NASTY GROOVE'O MUTHA

**NIÐURSTAÐA:** Smári og Jenni ná virkilega vel saman og sanna það enn frekar, rétt eins og The White Stripes hafa gert, að dúettar geta hiklaust spjarað sig í rokkinu þrátt fyrir mikinn einfaldleika.

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000
FRÉTTABLAÐIÐ



















**QUENTIN TARANTINO** Hefur húmor fyrir sjálfum sér en vill sennilega ekki að hátt fari um hans fyrri störf.

# Johnny Depp var pennasölumaður

Stjörnurnar í Hollywood, sem vita ekki aura sinna tal, hafa ekki alltaf lifað svo glæsilegu lífi. Vissulega er erfitt að ímynda sér að stjörnur eins og Mariah Carey hafi nokkurn tíma verið sveittar og skítugar í láglaunastörfum en einhvers staðar verða allir að byrja. Sjónvarpsstöðin E! grennslaðist fyrir um hvað nokkrar af stærstu stjörnum nútímans hefðu unnið við áður en þær slógu í gegn og þar kennir ýmissa grasa.

Tónlistarmaðurinn Andre 3000 úr Outkast vann við að selja popp og hnetur á íþróttaleikvöngum og ekki var það skárra hjá Johnny Depp, sem gekk í hús og seldi penna. Leikkonan Chloe Sevigny og Topher Grace, úr That 70's Show, eiga það sameiginlegt að hafa unnið við barnapössun áður en frægðin barði að dyrum. Mariah Carey vann við að sópa upp hári á hárgreiðslustofu og Adam Brody úr The O.C. var húsvörður.

Þær stjörnur sem sennilega unnu verstu störfin voru þó leikstjórinn Quentin Tarantino sem þreif hundaskít og rapparinn Eve, sem fækkaði fötum á vafasamri búllu. ■

# Fílar tenóra og þungarokk

Idolstjarnan Davíð Smári gefur út sína fyrstu plötu í dag og nefnist hún You Do Something to Me. Platan inniheldur tólf lög eftir erlenda höfunda og á meðal þeirra eru One, Perfect Day, Heaven Help, Wicked Game, Joker og Moondance, sem hann flutti svo eftirminnilega í einum af úrslitaþáttum Idol-keppninnar síðasta vetur.

Platan var tekin upp í vor og segir Davíð það hafa tekið smá tíma að venjast hljóðversvinnunni. „Ég var svolítið stressaður til að byrja með því ég hef aldrei eytt svona löngum tíma í einu í hljóðveri. Síðan var þetta orðið svo skemmtilegt að ég tók eiginlega ekki eftir því hvernig tíminn leið,“ segir hann. „Meirihlutinn af lögunum er mín uppáhaldslög en síðan komu inn lög sem okkur fannst henta á plötuna og eru mjög góð,“ bætir hann við og er hæstánægður með útkomuna.


**DAVÍÐ SMÁRI** Idolstjarnan gefur í dag út sína fyrstu plötu, sem nefnist You Do Something to Me.

Aðspurður segist Davíð eiga erfitt með að nefna uppáhaldsflytjendur sína því þeir séu svo margir. Nefnir hann þó til sögunnar Lionel Ritchie, George Michael, Andrea Boccelli, Lenny Kravitz, Josh Gorban og rokksveitirnar Whitesnake, Metallica og Queen. Einnig minnist hann á tenórinn Jóhann Friðgeir og segist ekki útiloka að læra óperusöng í framtíðinni. „Ég fíla tenóra og það er aldrei að vita nema ég læri óperusöng. Ég hef oft spáð í það.“

Hann segir það undarlegt að eiga allt í einu plötu sem hægt sé að kaupa úti í búð, svo skömmu eftir að hafa komið fram á sjónarsviðið. „Það er furðulegt að það sé komið eitthvað í Skífuna og það er plata með gaur sem er alveg eins og ég. Ég trúi þessu bara ekki.“

Athyglin sem hann fær í samfélaginu hefur einnig aukist gríðarlega. „Það eru sumir sem horfa á mig og svo koma börn og vilja fá knús og að sjálfsögðu knúsa ég þau,“ segir Davíð Smári.

Væntanlega mun Davíð knúsa fjölmarga aðdáendur til viðbótar í dag því hann ætlar að árita nýju plötuna í Skífubúðunum í Kringlunni og Smáralind klukkan 16.00 og 17.00.

freyr@frettabladid.is






# Skurðlæknir þeytir skífum

Breski tónlistarmaðurinn og plötusnúðurinn Dj Surgeon spilar á Íslandi þann 1. júlí á Gauki á Stöng ásamt Exos, Tómas THK og plötusnúðum Gus Gus.

Surgeon, eða Anthony Child eins og hann heitir réttu nafni, hóf feril sinn 1991. Hann skaust upp á stjörnuhimininn í teknóheiminum árið 1995 þegar Jeff Mills notaði tvö lög eftir hann á plötuna Live at the Liquid Room Tokyo.

Surgeon hefur gefið út sex plötur og gríðarlegt magn af endurhljóðblöndunum fyrir útgáfur eins og Warp, Matador, Music Man, Fat Cat og Harthouse. Honum hefur tekist að skapa sinn eigin stíl sem einkennist einna helst af harðneskju og dimmum vélrænum hljóðum og klúbbavænni danstónlist í senn. Hefur honum tekist að blanda tilraunakenndri raftónlist saman við danstónlist frá ólíkum stefnum. Surgeon hefur m.a. verið undir áhrifum frá Mick Harris, trommara Napalm Death, sem stjórnaði einmitt upptökum á fyrstu plötu hans.

Tónleikarnir á Gauknum hefjast klukkan 23.00 og kostar 1.000 krónur inn. ■


**DJ SURGEON** Breski plötusnúðurinn er á leiðinni hingað til lands.





## FRÉTTIR AF FÓLKI



**A**nnars er það að frétta af **Clive Owen** að hann er yfir sig hrifinn af **Jennifer Aniston** eftir að hafa leikið með henni í kvikmynd nýlega. Hann segir hana hafa staðið sig eins og hetju þrátt fyrir erfiðleikana í einkalífinu. „Hún lét engan bilbug á sér finna og skemmti sér vel með mér og öðru samstarfsfólki sínu,“ sagði leikarinn. Þetta þýðir þó ekki að hér sé nýtt stjörnupar í mótun því Owen hefur verið hamingjusamlega giftur í tíu ár.



**Gwyneth Paltrow** er svo hrifin af hugmynd **Bobs Geldof**, *Live 8*-tónleikunum, að hún hefur nú beðið hann um að fá að laga te fyrir þá sem koma fram. Gwyneth, sem er mikill aðdáandi Geldofs, sagði honum að hún myndi vilja hjálpa á hvaða hátt sem væri. „Hún vildi ekki að hann héldi að hún væri frekja eða með stjörnustæla svo hún bauðst til þess að sjá um að hella upp á teið,“ sagði heimildarmaður.

**Cate Blanchett** ætlar að leika aðalhlutverkið í framhaldinu af kvikmyndinni *Elizabeth* frá 1998. Cate, sem sýndi stórleik í myndinni, ætlar að bregða sér aftur í hlutverk Elísabetar Englandsdrottningar og mun nýja myndin heita *Elizabeth: The Golden Age*. Nýja myndin mun fjalla um samband Elísabetar við Sir Walter Raleigh og í söguþræðinum verður gefið í skyn að drottningin hafi verið ástfangin af ævintýramanninum. **Clive Owen** mun leika Raleigh í myndinni og henni verður leikstýrt af **Shekhar Kapur**, sem einnig leikstýrði Elizabeth.






## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„I want to jump in front of every cab I see, because maybe then I'll stop thinking about her."**

Svar: Albert úr kvikmyndinni Hitch frá árinu 2005.

# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ LILJA KATRÍN GUNNARSDÓTTIR ELSKAR DONALD TRUMP

## *Hár eins og á hænu á dánarbeðinu*

Ég fór svolítið efins inn í The Apprentice-þáttinn í gærkvöldi. Uppáhaldið mitt, hann Danny litli sprelligosi, var nefnilega rekinn í síðustu viku. Þá er bara leiðinlegt fólk eftir. Nema náttúrlega Donald Trump, sem er álíka mikil hetja í mínum augum og David Palmer í 24. Algjör snillingur og auðvitað meistari "come-back"-anna. Þó að hárið á honum sé eins og á hænu á dánarbeðinu. Ég myndi samt leyfa honum að reka mig hvenær sem er.

En eins og vanalega veit ég hver vinnur í The Apprentice. Enn sem komið er skil ég ekki valið á sigurvegaranum en það er aldrei að vita nema það skýrist í framtíðinni. Samt er ég spennt. Þetta er sniðugur þáttur.

Í gær þurftu hóparnir tveir að búa til sjónvarps-auglýsingu. Enga venjulega sjónvarpsauglýsingu heldur virkilega grípandi og flotta sjónvarpsauglýsingu. Kristen í Net Worth bauð sig fram til að vera hópstjóri – stór mistök! Hún er náttúrlega ófær um mannleg samskipti, er leiðinleg, lítur út eins og Chihuahua-hundur í framan og vissi ekkert hvað hún var að gera í þokkabót. Auðvitað var hún rekin! Bjóst hún við einhverju öðru?!



DONALD TRUMP Rektu mig Donald, rektu mig!

Á lokamínútunum með Trump sagði hún að hún hefði unnið sitt verk mjög vel en allir aðrir hefðu klúðrað því. Hmm... bíddu nú við. Það er eitthvað ekki rétt hér. Ertu ekki hópstjóri beyglan þín?! Átt þú ekki að stjórna?! Hefur þetta fólk ekki horft á fyrri seríur af The Apprentice? Aldrei kenna öllum hinum um þín mistök. Aldrei!

Ég er fegin að beyglan er farin. Það þýðir bara að hún vinnur ekki. En ég vissi það svo sem fyrir gærkvöldið. ■



▶ 21.50 BÍÓ

**THE HUNTED. Gamall FBI-maður er fenginn til að klófesta morðóðan mann í skógum í Oregon.**



▶ 20.30 SÖNGUR

**Það var lagið. Í kvöld keppa Maggi og Ómar í Breiðbandinu og Ylfa Lind og Davíð Smári úr Idolinu.**



▶ 22.00 SKEMMTUN

**KVÖLDÞÁTTUR. Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti.**



▶ 22.00 RAUNVERULEIKI

**DJÚPA LAUGIN 2. Í kvöld er lokaþáttur af stefnumótaþættinum þar sem Helgi og Gunnhildur para fólk saman.**



▶ 23.15 ÍÞRÓTTIR

**NBA. Úrslitaeinvígið er að baki þetta ári en í kvöld er farið yfir hvernig leikar fóru.**

### SJÓNVARPIÐ

**16.50** Fótboltakvöld **17.05** Leiðarljós **17.50** Táknmálsfréttir **18.00** Bitti nú! (12:26)

**18.30 Ungar ofurhetjur (6:26)**
**19.00 Fréttir, íþróttir og veður**
**19.35 Kastljósið**
**20.10 Töfralausnin** (The Magic Of Marciano) Bandarísk/frönsk bíómynd frá 2000. Tíu ára strákur sem á geðveika móður kynnist eldri manni sem tekur hann undir verndarvæng sinn. Leikstjóri er Tony Barbieri.
▶ **21.50 Hundeltur** (The Hunted) Bandarísk spennumynd frá 2003. Gamall FBI-maður er fenginn til að klófesta morðóðan mann í skógum Oregonfylkis. son. Kvikmyndaskoðun telur myndina ekki hæfa fólki yngra en 16 ára.

**23.25** Fastandi (B.i. 16 ára. Leikstjóri er Gary Oldman og aðalhlutverk leika Ray Winstone, Kathy Burke og Charlie Creed-Miles. e) **1.20** Útvarpsfréttir í dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** 60 Minutes II 2004 **13.45** Perfect Strangers **14.10** Bernie Mac 2 **14.35** The Guardian **15.15** Jag **16.00** Barnatími Stöðvar 2 (Skjaldbökurnar, Beyblade, He Man, Finnur og Fróði, Simpsons) **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Joey (18:24)** (Joey)
▶ **20.30 Það var lagið** Nýr íslenskur skemmtiþáttur fyrir alla fjölskylduna,
**21.25 Two and a Half Men (9:24)** (Tveir og hálfur maður)
**21.50 Osbournes 3(a) (8:10)** (Osbourne-fjölskyldan)
**22.15 Biker Boyz** (Riddarar götunnar) Hér segir frá köppum sem eru virðulegir skrifstofumenn á daginn en tæta og trylla á mótorfákum að vinnudegi loknum. Smoke er fremstur meðal jafninga en hann er enn ósigraður í keppni mótorhjólamanna. 2003.

**0.00** The Legend of Bagger Vance **2.00** Strike **3.35** Fréttir og Ísland í dag **4.55** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

▶ **22.00 Kvöldþáttur** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti. Stjörnur og afreksfólk af öllum sviðum samfélagsins koma í viðtöl og verða spurð spjörunum úr. Aðalþáttastjórnandi er Guðmundur Steingrímsson og honum til aðstoðar eru þær Halldóra Rut Bjarnadóttir og Sigríður Pétursdóttir.
**22.45 David Letterman** Það er bara einn David Letterman og hann er konungur spjallþáttanna. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

**23.30** Pink Live in Concert **0.25** American Dad (1:13)

### SKJÁREINN

**18.00** Cheers

**18.30 Worst Case Scenario (e)**
**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 Still Standing (e)**
**20.00 Ripley's Believe it or not!** Í „Ripleyís Believe it or Not!" er ferðast um víða veröld og fjallað um sérstaka og óvenjulega einstaklinga og aðstæður.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Pimp My Ride** Þættir um hvað hægt er að gera fyrir bíla sem allir hafa gefið upp á bátinn.
**21.30 MTV Cribs** Í þáttunum bjóða stjörnurnar fólki að skoða heimili sín hátt og lágt og upplýsa áhorfendur um hvað þær dunda sér við heimavið.
▶ **22.00 Djúpa laugin 2 – lokaþáttur**
**22.30 Sjáumst með Silvíu Nótt (e)**

**23.00** The Bachelor – lokaþáttur (e) **23.50** Dead Like Me (e) **0.35** Tvöfaldur Jay Leno (e) **2.10** Óstöðvandi tónlist

### SÝN besta sætið

**7.00** Olíssport

**16.05** Landsbankadeildin (FH – ÍA) **17.45** Olíssport **18.15** David Letterman

**19.00 Gillette-sportpakkinn**
**19.30 Motorworld** Kraftmikill þáttur um allt það nýjasta í heimi akstursíþrótta.
**20.00 World Supercross** (Angel Stadium of Anaheim) Nýjustu fréttir frá heimsmeistaramótinu í Supercrossi. Hér eru vélhjólakappar á öflugum tryllitækjum (250 rsm) í aðalhlutverkum.
**21.00 World Poker Tour 2** (HM í póker) Slyngustu fjárhættuspilarar veraldar mæta til leiks á HM í póker en hægt er að fylgjast með frammistöðu þeirra við spilaborðið í hverri viku á Sýn. Póker á sér merka sögu en til eru ýmis afbrigði spilsins.
**22.30 David Letterman**
▶ **23.15** NBA (Úrslitakeppni)

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Another Pretty Face **8.00** Gideon **10.00** Kangeroo Jack **12.00** Interstate 60 **14.00** Another Pretty Face **16.00** Gideon **18.00** Kangeroo Jack **20.00** Interstate 60 **22.00** Half Past Dead (Strangl. b. börnum) **0.00** Concpiracy (B. börnum) **2.00** The Vector File (Strangl. b. börnum) **4.00** Half Past Dead (Strangl. b. börnum)

### OMEGA

**8.00** Sherwood Craig **8.30** Um trúna **9.00** Maríusystur **9.30** Blandað efni **10.00** Joyce M. **10.30** T.D. Jakes **11.00** Robert Schuller **12.00** Samverustund (e) **13.00** Joyce M. **13.30** Blandað efni **14.30** Ron Phillips **15.00** Kvöldljós **16.00** Joyce M. **16.30** Blandað efni **17.00** Dr. David Cho **17.30** Freddie Filmore **18.00** Mack Lyon **18.30** Joyce M. **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Vatnaskil Hvítasunnukirkjan Fíladelfía **21.00** Mack Lyon **21.30** Gospel **22.00** Joyce M. **22.30** Blandað efni **23.00** CBN fréttastofan **0.00** Miðnæturhróp **0.30** Nætursjónvarp

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** E! Entertainment Specials **13.30** Life is Great with Brooke Burke **14.00** Style Star **14.30** Extreme Close-Up **15.00** The E! True Hollywood Story **16.00** 101 Most Shocking Moments in... **17.00** Life is Great with Brooke Burke **17.30** Fashion Police **18.00** E! News **18.30** Extreme Close-Up **19.00** The E! True Hollywood Story **20.00** High Price of Fame **21.00** The E! True Hollywood Story **23.00** E! News **23.30** Extreme Close-Up **0.00** The E! True Hollywood Story **1.00** 101 Most Shocking Moments in...

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

**19.00** Sjáðu (e) **21.00** Íslenski popplistinn


TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ TILBOÐ



Kawasaki Z750s
árg. 2005
Verð 980.000 kr.
15.252* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 245.000 kr. útborgun og SP bílalán.



Vulcan 800 classic
árg. 2005
Verð 968.000 kr.
15.067* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 242.000 kr. útborgun og SP bílalán.

Husaberg Force
450cc árg. 2004
Tilboðsverð 880.000 kr.
Verð áður 1.190.000 kr.
13.714* á mánuði
*Meðalgr. pr. mán í 60 mánuði miðað við 220.000 kr. útborgun og SP bílalán.



Aukahlutabúnaður á Force hjólum:
Demparar á rúmlega 300.000!
Triple clamps, Skid Plate, Chain guard, Aluminum fuel cap og svartar gjarðir!
Götuskráð hjól

NITRO
Nitró / Járnhálsi 2 / Sími: 557 4848 / www.nitro.is

# VIÐ MÆLUM MEÐ...

KVÖLDÞÁTTURINN **Sirkus 22.00**

***Nýr kvöldþáttur að erlendri fyrirmynd***

## *Snarpur húmor í fyrirrumi*

Kvöldþátturinn fer í loftið í fyrsta sinn í kvöld á nýju sjónvarpsstöðinni Sirkus. Þátturinn er í umsjón Guðmundar Steingrímssonar ásamt Halldóru Rut Bjarnadóttur og Sigríði Pétursdóttur og er beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti. Stjörnur og afreksfólk af öllum sviðum samfélagsins koma í viðtöl og verða spurð spjörunum úr. Þátturinn er í anda vinsælla erlendra kvöldþátta, eins og Dailyshow og The Late Show, snarpur húmor er alltaf í fyrirrúmi. Auk þess verður þátturinn kryddaður með innslögum úr öllum áttum, frá alls kyns grínistum þjóðkunnum sem og ókunnum sem vilja láta ljós sitt skína.



Guðmundur Steingrímsson hefur umsjón með Kvöldþættinum.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið – Umsjón: Gunnhildur Arna Gunnarsdóttir og Sigurjón M. Egilsson. **9.03** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. **10.03** Morgunstund með Sigurði G.

**12.15** Hádegisútvarpið – Umsjón: Sigmundur Ernir Rúnarsson. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Birta – Umsjón: Ritstjórn Birtu. **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum – Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e.

**23.00** Úrval úr Allt & sumt

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.30** Morgunvaktin **9.05** Óskastundin **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Frakkneskir fiskimenn á Íslandi **11.03** Samfélagið í nærmynd

**12.20** Hádegisfréttir **13.00** Sakamálaleikrit Útvarpsleikhússins, Lesið í snjóinn **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Bara stelpa **14.30** Miðdegistónar **15.03** Útrás **16.13** Lifandi blús **17.03** Víðsjá

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **19.00** Plötuskápurinn **19.40** Útrás **20.30** Kvöldtónar **21.00** Hljómsveit Reykjavíkur **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Pipar og salt

**23.00** Kvöldgestir

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Guðrúnu Gunnarsdóttur **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Ungmennafélagið **22.10** Næturvaktin

**2.03** Næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**9.03** ÓLAFUR HANNIBALSSON **10.03** RÓSA INGÓLFSDÓTTIR **11.03** ARNÞRÚÐUR KARLSDÓTTIR

**12.25** Meinhornið (endurfl. frá laug.) **12.40** MEINHORNIÐ **13.05** JÖRUNDUR GUÐMUNDSSON **14.03** KOLBRÚN BERGÞÓRSDÓTTIR

**15.03** ÓSKAR BERGSSON **16.03** VIÐSKIPTAÞÁTTURINN **17.05** GÚSTAF NÍELSSON **18.00** Meinhornið (endurfl) **19.40** Endurflutningur frá liðnum degi.

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm /** Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær /** Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin /** Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt /** Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun /** Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss /** Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó /** 12 spora efni
**FM 91,9 XFM /** Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.00** Motorcycling: Grand Prix Netherlands **14.00** Canoeing: European Championship Slovenia **15.00** Beach Volley: World Championship Berlin Germany **17.00** Volleyball: World Grand Prix Tokyo Japan **18.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **18.30** Strongest Man: Super Series Grand Prix Sweden **19.30** Strongest Man: Champions Trophy Finland **20.30** Rally: World Championship Acropolis Greece **21.00** Football: FIFA Confederations Cup Germany **21.30** Xtreme Sports: Yoz Xtreme **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Adventure: Last Frontiers explorer **22.45** Football: FIFA Confederations Cup Germany **23.15** News: Eurosportnews Report

**BBC PRIME**
**12.45** Teletubbies **13.10** Tweenies **13.30** Fimbles **13.50** Balamory **14.10** Yoho Ahoy **14.15** The Story Makers **14.35** Stitch Up **15.00** Cash in the Attic **15.30** Home Front in the Garden **16.00** Living the Dream **17.00** Rick Stein's Food Heroes **17.30** Mersey Beat **18.30** Mastermind **19.00** The Blackadder **19.30** 3 Non-Blondes **20.00** Alistair McGowan's Big Impression **20.30** Top of the Pops **21.00** Queen & Country **22.00** Tipping the Velvet **23.00** Battlefield Britain **0.00** Hollywood Inc **1.00** Suenos World Spanish

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Battlefront **20.00** The Truth About Killing **22.00** King Tut's Curse **0.00** Seconds from Disaster

**ANIMAL PLANET**
**12.00** Austin Stevens – Most Dangerous **13.00** Animal Precinct **14.00** Animal Cops Detroit **15.00** The Planet's Funniest Animals **15.30** Amazing Animal Videos **16.00** Young and Wild **17.00** Monkey Business **17.30** The Keepers **18.00** Austin Stevens – Most Dangerous **19.00** Killer Whales **20.00** Miami Animal Police **21.00** Venom ER **22.00** Hippo – Africa's King of the River **23.00** George and the Rhino **0.00** The Natural World **1.00** Greatest Wildlife Show on Earth

**DISCOVERY**
**12.00** Extreme Machines **13.00** Killer Tanks **14.00** Scrapheap Challenge **15.00** Rex Hunt Fishing Adventures **15.30** Hooked on Fishing **16.00** Stormproof **17.00** Planes That Never Flew **18.00** Mythbusters **19.00** American Casino **20.00** Scene of the Crime **21.00** Impossible Heists **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Spy Master

**MTV**
**12.00** Making the Video **13.00** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** Dance Floor Chart **18.00** Punk'd **18.30** Viva La Bam **19.00** Wild Boyz **19.30** Jackass **20.00** Top 10 at Ten **21.00** I Want a Famous Face **21.30** Wonder Showzen **22.00** Party Zone **23.00** Just See MTV

**VH1**
**15.00** So 80's **16.00** VH1 Viewer's Jukebox **17.00** Smells Like the 90s **18.00** VH1 Classic **18.30** MTV at the Movies **19.00** All Access **20.00** Fabulous Life Of... **20.30** Cribs **21.00** Friday Rock Videos **23.30** Flipside **0.00** Chill Out **0.30** VH1 Hits

**CLUB**
**12.10** Come! See! Buy! **12.40** Girls Behaving Badly **13.30** Hollywood One on One **14.00** The Review **14.25** Cheaters **15.10** Arresting Design **15.35** Staying in Style **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** Innertainment **17.15** Arresting Design **17.40** Famous Homes & Hideaways **18.05** Living Colour **18.30** Hollywood One on One **19.00** Girls Behaving Badly **19.25** The Villa **20.15** My Messy Bedroom **20.45** Sex and the Settee **21.10** Spicy Sex Files **22.00** Girls Behaving Badly **22.25** Crime Stories **23.10** Innertainment **23.40** Backyard Pleasures **0.05** Living Colour **0.30** Come! See! Buy! **1.00** Girls Behaving Badly

**CARTOON NETWORK**
**12.20** The Cramp Twins **12.45** Johnny Bravo **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** The Powerpuff Girls **14.00** Codename: Kids Next Door **14.25** Dexter's Laboratory **14.50** Samurai Jack **15.15** Megas XLR **15.40** The Grim Adventures of Billy & Mandy **16.05** Courage the Cowardly Dog **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Hamtaro **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** New Spider-man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.10** Ambush Bay **14.00** The Magic Sword **15.20** The Island of Dr. Moreau **17.00** Track of Thunder **18.25** The Satan Bug **20.20** The Yellow Tomahawk **21.40** The Killing Streets **23.25** Gaily, Gaily **1.10** Love Crimes **2.40** Sword of the Conqueror

**TCM**
**19.00** Ice Station Zebra **21.25** Whose Life is it Anyway? **23.20** A Patch of Blue **1.05** San Quentin **2.20** High Wall

**HALLMARK**
**13.15** Best of Friends **14.15** Frankie & Hazel **16.00** Touched by an Angel III **16.45** 10.5 **18.15** Summer's End **20.00** Just Cause **20.45** Scarlett **22.15** The Passion of Ayn Rand **0.00** Just Cause **0.45** Summer's End **2.30** Scarlett

**BBC FOOD**
**12.00** A Cook's Tour **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Ching's Kitchen **13.30** Paradise Kitchen **14.00** Can't Cook Won't Cook **14.30** Giorgio Locatelli – Pure Italian **15.30** Ready Steady Cook **16.00** The Rankin Challenge **16.30** Wild Harvest **17.00** Food Source New Zealand **17.30** The Tanner Brothers **18.30** Ready Steady Cook **19.00** Ching's Kitchen **19.30** Wild and Fresh **20.00** Can't Cook Won't Cook **20.30** Coconut Coast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.25** Vagn i Japan **12.55** Mik Schacks Hjemmeservice **13.25** Gr¢n glæde **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Hjerterum **14.30** Sporl¢s **15.00** Ronja R¢verdatter **16.00** Fredagsbio **16.10** Lauras stjerne **16.20** Mira og Marie **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** Disney Sjov **18.00** Endelig fredag **19.00** TV Avisen **19.25** SommerVejr **19.30** Patrioten **21.00** Med de bare næver **22.30** Koncert med Norah Jones

**SV1**
**12.00** Packat & klart – sommarspecial **12.30** Mat/Niklas **13.00** Sommardebatt **14.00** Så såg vi sommaren då **14.05** Fader Ted **14.30** Stenristarna **15.30** Där ingen skulle tro att någon kunde bo **16.00** Hästfolk **16.30** Emil i Lönneberga **16.55** Flickan med blom i håret **17.00** Laura **17.30** Rapport **17.50** Lindeman **18.00** Midsommar **19.00** Den engelske patienten **21.40** Rapport **21.45** Minnenas Television **22.50** En erotisk affär **0.10** Sändning från SVT24

SONY

# Sumartilboð í Sony Center

## LCD og Plasma sjónvörp vaxtalaust!




KLV-20SR3S
**20" LCD sjónvarp**
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• 2x scarttengi

**8.940 krónur á mánuði vaxtalaust***
**107.280 krónur staðgreitt.**




WhatPlasma EDITOR'S CHOICE

What Plasma & LCD Editors Choice
**"...An impressive and affordable offering from Sony"**

KLV-27HR3S
**27" LCD sjónvarp**
• XGA upplausn
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• 2x scarttengi

**14.940 krónur á mánuði vaxtalaust***
**179.280 krónur staðgreitt.**




KE-P42M1SI
**42" Plasma sjónvarp**
• 42" Alis Plasmaskjár
• Wega Engine
• 3D kamfilter fyrir PAL og NTSC
• Virtual Dolby SRS TruSurround
• 3x scarttengi/Component

**26.940 krónur á mánuði vaxtalaust***
**323.280 krónur staðgreitt.**

like.no.other™

Sony Center Kringlunni
588-7669 / 588-SONY
www.sonycenter.is

Sony Center

*Miðað við 12 vaxtalausar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



## HRÓSIÐ

*... fær Rúnar Rúnarsson fyrir að fá aðalverðlaunin á stærstu stuttmyndahátíð Spánar, Huesca International Film Festival.*

REYKJAVÍKURNÆTUR > **HÖRPU PÉTURSDÓTTUR** FINNST UPPLÝSINGAFLÆÐIÐ VERA AÐ EYÐILEGGJA SPENNUNA

# „Gúglöldin"



Ég komst að því um daginn að deit og fyrstu kynni eru að líða undir lok! Það er einfaldlega ekki lengur þörf fyrir þau! Með tilkomu leitarvéla á netinu eins og google.com og leit.is hefur skemmtilega ferlið þegar fólk er fyrst að kynnast og spyrja hvort annað spjörunum úr verið sett í mikla hættu. Það er engin þörf fyrir spjall til að komast að hlutum um fólk sem verða að teljast nauðsynlegir til þess að hægt sé að ákveða hvort aðilinn henti manni eða ekki. Það er alveg nóg að „gúgla" bara manneskjuna og taka ákvörðunina jafnvel áður en farið er á fyrsta deitið eða áður en fyrsta viðreynslan fær að eiga sér stað.

Vinkona mín hefði til dæmis betur gúglað manninn sem hún fór á stefnumót með og komst svo síðar að því að hann var bróðir eins sem hún hafði verið með nokkrum árum áður. Þannig hefði hún getað komist hjá ansi vandræðalegum aðstæðum og símtölum og sparað sér fullt af uuu-um og sko-um.

Svo frétti ég af einni vinkonu minni sem var að fara að hitta strák. Hún tók sig til og gúglaði hann í vinnunni daginn sem fyrsta deitið þeirra átti að fara fram. Þegar hún fór heim úr vinnunni að gera sig klára fyrir kvöldið var hún heldur betur margs vísari. Hún var búin að komast að því hvers son drengurinn var, hver voru systkini hans og foreldrar og við hvað hann starfaði. Þá fann hún ýmsar upplýsingar um hann á vefsíðu fyrirtækisins þar sem hann vann. Þar sá hún hvaða menntun hann hafði og hvenær hann hafði útskrifast. Síðan fann hún bloggsíðu hjá vini hans sem leiddi hana yfir á persónulegu myndasíðuna hans. Þar sá hún meðal annars myndir af fyrrverandi kærustunni hans, sem hún kannaðist við síðan úr grunnskóla, og af vinum hans. Svo fór hún út að borða með honum, þóttist ekkert um hann vita, svona eins og það hefði átt að vera, og lagði fyrir hann fullt af spurningum, vitandi svörin. Síðan í einni umræðunni missir hún út úr sér nafnið á fyrrverandi kærustunni sem hann hafði aldrei nefnt á nafn heldur haldið sig við „mín fyrrverandi" nefnið. Þá fór hún auðvitað alveg í kleinu og náði að bulla sig út úr því með því að segja að vinkona hennar hefði sagt henni það fyrr um daginn. Eldrauð í framan, með svitaperlur á enninu skipti hún um umræðuefni og tókst að halda andlitinu, eða svona hér um bil.

Ég verð eiginlega að viðurkenna að mér finnst þetta upplýsingaflóð vera að fara fram úr öllu valdi og eyðileggja fyrir okkur spennuna og óvissuna sem fylgir því að kynnast. Fólk á einfaldlega ekki séns á að gefa þá mynd af sér sem því sýnist. Sjarminn af þessum annars stórskemmtilegu stundum, þegar við erum að uppgötva hvort annað, er að verða að engu. Hins vegar getur þetta sparað manni leiðinleg kvöld á misheppnuðum og óþörfum stefnumótum sem eru reyndar yfirleitt efni í hláturskóst og sögustundir með vinkonunum. Þess vegna ætla ég blátt áfram að mæla með því að við gefum fólki sjéns og gleymum gúglinu!



**Lárétt:** **1** ljósa, **6** kyrra, **7** í röð, **8** bogi, **9** sofa laust, **10** land, **12** litdauf, **14** ánægð, **15** rykkorn, **16** til, **17** fugl, **18** skordýr.
**Lóðrétt:** **1** mannvirki í gatnagerð, **2** hestur, **3** samtök, **4** bindur, **5** hagnað, **9** venslamann, **11** ala, **13** óski, **14** . . frændi, **17** píla.

**LAUSN**

**Lárétt:** **1** bjarta, **6** róa, **7** jk, **8** ýr, **9** mók, **10** láð, **12** grá, **14** sæl, **15** ar, **16** að, **17** örn, **18** maur.
**Lóðrétt:** **1** brýr, **2** jór, **3** aa, **4** tjóðrar, **5** akk, **9** mág, **11** fæða, **13** árni, **14** sam, **17** ör.


Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefurðu sennilega fengið Fréttablaðið í morgun.

En til vonar og vara skaltu nú klippa út þetta símanúmer, ramma inn og hengja upp á vegg (t.d. hjá bréfalúgunni), þú getur þá **hringt í það ef Fréttablaðið kemur einhvern tímann ekki.**

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 500

FRÉTTABLAÐIÐ




**ALEXÍA BJÖRG JÓHANNESDÓTTIR** Alexía hefur lesið handrit Flags of Our Fathers og segir það alveg geggjað.

FLAGS OF OUR FATHERS: EASTWOOD KEMUR 10. ÁGÚST

# Yfirmenn óskast í herinn

Leit stendur yfir að 500 staðgenglum og 25 Japönum búsettum á Íslandi, sem eiga að fara með hlutverk í stórmynd Clints Eastwood, Flags of Our Fathers, sem verður tekin upp að hluta til hér á landi dagana 12. ágúst til 7. september.

Einnig hefjast í byrjun júlí prufur fyrir fimmtán textahlutverk í myndinni. Þar geta íslenskir leikarar meðal annars fengið að spreyta sig auk þess sem settar verðar í næstu viku upp prufur fyrir bandaríska hermenn sem starfa á herstöðinni í Keflavík.



**MEÐ ÓSKAR FRÆNDA** Óskarsverðlaunahafinn Clint Eastwood kemur hingað til lands 10. ágúst.

„Það er byrjaður að koma svolítill fjöldi af fólki. Þetta er allt að fara af stað," segir Alexía Björg Jóhannesdóttir hjá Casting, sem sér um að skrá fólk í myndina. „Við erum að leita að 500 karlmönnum á aldrinum 18-40 ára til þess að leika hermenn og yfirmenn í hernum. Menn þurfa að hafa ákveðið lúkk og líta út fyrir að vera amerískir hermenn. Það eru allir velkomnir samt sem áður. Við leitum að mönnum með góðan amerískan hreim fyrir textahlutverkin. Þau eru sum með eina eða tvær línur en ein lína er hellingur ef það er í Eastwood-bíómynd," segir Alexía, sem hefur þegar fengið að lesa handrit myndarinnar. „Þetta er æðislegt handrit, alveg geggjað. Auðvitað er Hollywood-bragð af þessu en handritið er mjög fallegt. Það er byggt á sögunni um það sem gerðist á eyjunni Iwo Jima í síðari heimsstyrjöldinni og er saga eins manns sem var í stríðinu."

Bandarískir búningahönnuðir sitja um þessar mundir sveittir við að sauma búninga fyrir myndina en þeir sem mæta í prufu verða allir mældir í bak og fyrir, auk þess sem teknar verða myndir af þeim. Í byrjun júlí mun kona sem hefur séð um að velja í hlutverk fyrir síðustu myndir Eastwoods, þar á meðal Óskarsverðlaunamyndina Million Dollar Baby, velja úr þá sem best henta fyrir myndina. Skömmu síðar fá menn að vita hvort og þá hvenær þeir eiga að mæta á tökustað. „Það er enginn á tökusetti allan tímann. Þetta er mjög misjafnt. Stundum þarf 500 staðgengla og stundum 200. Stundum eru menn bara í tvo daga og ekkert meira. Þetta er gríðarlegt púsluspil," segir Alexía.

Fyrstu starfsmenn kvikmyndatökuliðsins vegna myndarinnar eru nýkomnir til Reykjanesbæjar til að undirbúa upptökur í Stóru Sandvík í Reykjanesbæ og í Krýsuvík, sem er í landi Hafnarfjarðar. Sjálfur Clint Eastwood er síðan væntanlegur til landsins 10. ágúst en daginn eftir verður fyrsti æfingadagurinn haldinn vegna myndarinnar. **freyr@frettabladid.is**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Stór hópur reykvískra sjálfstæðismanna mun nú vera að þrýsta mjög á **Júlíus Vífil Ingvarsson** um að gefa kost á sér í prófkjöri sjálfstæðismanna í haust. Þeir telja að sjónarsviptir hafi orðið að Júlíusi Vífli þegar hann hvarf úr borgarmálunum fyrir það kjörtímabil sem nú er senn á enda. Hann kaus þá að einbeita sér að öðrum störfum fjarri hringiðu stjórnmálanna. Júlíus Vífill vakti athygli fyrir vaska framgöngu í ýmsum málum þegar hann starfaði sem borgarfulltrúi. Sjálfur mun Júlíus Vífill vera að íhuga það alvarlega að gefa kost á sér en mun ekki hafa gefið neitt uppi um hvort af verði en stuðningsmenn hans leggja mikla áherslu á að hann gefi kost á sér.



**Davíð Smári** vann hug og hjörtu Íslendinga þegar hann tók þátt í Idol stjörnuleit fyrr á árinu. Davíð Smári þótti harður í horn að taka en þegar líða fór á þáttaröðina kom ljúfur drengur í ljós bak við harða skelina. Davíð Smári er góðmennskan uppmáluð og ætlar að gefa fólkinu á sambýlinu Skagaseli eintak af nýjustu plötunni sinni, *You Do Something to Me*, sem kemur út í dag. Davíð vann á sambýlinu áður en hann sló í gegn í Idol og hefur greinilega ekki gleymt sínum gömlu félögum.

**Steingrímur Ólafsson**, hinn skeleggi upplýsingafulltrúi **Halldórs** Ásgrímssonar forsætisráðherra, blandar greinilega ekki geði við marga flokksbræður yfirmanns síns og kannast að því er virðist lítið við kollega sína í stétt skósveina Framsóknarflokksins. Þannig var mál með vexti að blaðamaður sem var að leita að **Pétri Gunnarssyni**, skrifstofustjóra flokksins og spunameistara, ákvað að freista gæfunnar og spyrja Steingrím hvort hann vissi hvar hægt væri að ná Pétur. Steingrímur varð hins vegar steinhlessa og skildi ekkert í að nokkrum skyldi detta í hug að spyrja sig út í einhvern Pétur hjá Framsóknarflokknum. Sjálfur ynni hann jú bara fyrir forsætisráðuneytið en væri annars í litlu samneyti við framsóknarmenn.




Stór Humar

Fiskbúðin Vör
– Fiskikóngurinn –
Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

Opið laugardaga
10.00 - 14.30


# Leaves hitar upp fyrir Duran

Hljómsveitin Leaves mun hita upp fyrir stórsveitina Duran Duran þegar hún heldur tónleika hér á landi þann 30. júní. Simon Le Bon og félagar völdu sjálfir hljómsveitina til þess að spila á undan sér. Leaves er nýkomin úr tónleikaferð þar sem hún hitaði upp fyrir hljómsveitirnar Supergrass og Thirteen Senses.

„Þetta er mjög gaman og kom reyndar frekar óvænt. Það var bara hringt skyndilega í okkur og spurt hvort við hefðum áhuga. Mér skilst að þeir hafi hafnað nokkrum hljómsveitum áður en þeir völdu okkur og þetta er auðvitað ekkert nema mikill heiður," segir Arnar Guðjónsson, söngvari hljómsveitarinnar.

Nýlega kom út smáskífan The Spell og gengur hún vonum framar, að sögn umboðsmanns sveitarinnar. „Ég held að ástæðan fyrir góðu gengi smáskífunnar sé að myndbandið er að gera góða hluti og menn eru voðalega ánægðir með þetta allt saman. Þetta er gæðasmáskífa sem fær góðar viðtökur. Platan, The Angela Test, kemur svo út í ágúst," segir Árni Ben, umboðsmaður Leaves.



**LEAVES** Hljómsveitin mun hita upp fyrir hina stórvinsælu sveit Duran Duran þegar hún heldur tónleika hérlendis í lok júní.

# Skógræktarfélag Íslands 75 ára

## Fegrum landið, fólki í hag

*Skógræktarfélag Íslands er 75 ára, en félagið var stofnað á Alþingishátíðinni 27. júní 1930.*

*Innan vébanda félagsins starfa 59 skógræktarfélög. Skógræktarfélögin eru fjölmenn frjáls félagasamtök og starfa í flestum byggðum landsins.*

*Skógræktarfélag Íslands færir íslensku þjóðinni og velunnurum félagsins alúðar þakkir fyrir stuðning í 75 ár og góðar viðtökur í félagasöfnuninni sem nú stendur yfir. Skógræktarfélögin munu halda áfram að stuðla að betra umhverfi, þjóðinni til handa.*

### Í tilefni afmælisins bjóða eftirtalin skógræktarfélög til skógardags:

**Fimmtudaginn 23. júní:**
Skógræktarfélag Eyfirðinga.
Jónsmessuhátíð í Kjarnaskógi kl 19.

**Laugardaginn 25. júní:**
Skógræktarfélag Reykjavíkur.
Skógarskemmtun í Heiðmörk,
Vígsluflöt við Borgarstjóraplan kl. 13.30-16.

Skógræktarfélag Skilmannahrepps.
Opið hús í Furuhlíð kl. 14-18.

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar.
Skógarganga um Skólalund kl. 18.

**Sunnudaginn 26. júní:**
Skógræktarfélag Rangæinga.
Aldamótaskógurinn á Gaddstöðum kl. 14-16.

**Mánudaginn 27. júní:**
Skógræktarfélag Akranes.
Skógarganga um Slöguskóg kl. 20.

**Þriðjudaginn 28. júní:**
Skógræktarfélag Vestmannaeyja.
Lautarferð um Hraunskóg kl. 20.

**Nánar á www.skog.is**

**Hin fjölmörgu skóglendi skógræktarfélaganna eru öllum opin. Þú ert ávallt velkominn í skóginn.**



## Ert þú á grænni grein með skógræktarfélögunum?

## Velkominn í hópinn!

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík, sími 551 8150, www.skog.is

HÚSASMIÐJAN www.husa.is · BRÆÐURNIR ORMSSON Lágmúla 8 • Sími 530 2800 · EIMSKIP · TOYOTA · olís OLÍUVERZLUN ÍSLANDS HF

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



MARKAÐURINN

Talstöðin FM 90,9
Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins.
Alla virka daga kl. 17:30

**Trúlofunar- og giftingarhringir**



20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040




**BAKÞANKAR**


**SÚSÖNNU SVAVARSDÓTTUR**


# *Mannkyn og maskínur*

Stundum verður maður klumsa yfir því að maðurinn skyldi gerður öðrum spendýrum æðri, finnst mannkynið vera bjálfakyn.

**MEÐ** vit sitt og greind í sífellu á vörunum réðist téð kyn í það snilldarverkefni að puðra sólarknúinni flaug út í geiminn. Flaug með hugvitssamlega smíðaða vél sem hópar manna í mörgum stofnunum fyrir fé alls staðar að úr heiminum hafa klastrað saman. Vél sem slökkti á sér 83 sekúndum eftir að fírað var upp í henni í Rússíá.

**OG** nú eru þeir búnir að týna gripnum; halda að hann sé einhvers staðar svífandi um geiminn, hrapaður í Barentshaf – eða bara eitthvað. Vísindamenn eystra og vestra reyna að klóra í bakkann og halda því fram að dýrið sé enn „lifandi“, sendandi merki. Hvað eiga þeir líka að segja? Það er ekki eins og þetta sé frumraun. Fyrri tilraunin fór líka fjandans til.

**Á** meðan menn ausa miljörðum í helvítismaskínur til að týna uppi í skýjum svelta hundrað milljónir manna í heiminum, milljónir barna eru heimilislausar, lifandi á götunni. Tölur um hversu mörg þeirra eru kynlífsþrælar eru óljósar – en það ku vera meirihluti þeirra sem náð hafa skólaaldri og ættu að vera að læra að draga til stafs. Ungbörnum er nauðgað til ólífis í Afríku þar sem fáfræðin er slík að menn trúa því að þeir læknist af eyðni ef þeir eiga samfarir við hvítvoðunga. Í Rúmeníu er vændi að verða ein arðbærasta atvinnugrein drengja frá átta ára aldri sem nærast á því að anda að sér límí úr poka til þess að finna ekki fyrir hungri.

**SVO** verða allir vitlausir ef hvalur drepst.

**ÓSONLAGIÐ** er stöðugt að þynnast, Kína að verða vatnslaust. Allir tiltækir dropar nýttir í verksmiðjur sem smíða bíla í akkorði, rétt eins og einhver skortur sé að verða á þeim. Varla hægt að rækta rófudruslu lengur á skika í sínum eigin garði þar. Velmegunin á fullu blússi upp á við.

**ÞAÐ** eina sem hægt er að gera er að vona að endurholdgunarkenningin sé röng. Það yrði bara svekkjandi að þurfa að mæta aftur, eins og að sitja eftir um bekk í barnaskóla fyrir hálfvita.


www.volkswagen.is




**Nýr og rúmgóður Golf Plus**

Við kynnum nýjan rúmgóðan Golf Plus. Í Golf Plus nýtur öll fjölskyldan hinna alkunnu kosta Volkswagen Golf. Frábærra aksturseiginleikanna, hönnunar á heimsmælikvarða og ríkulegs búnaðar. Það er nóg pláss fyrir athafnasama nútímafjölskyldu í Golf Plus og hann hentar henni við öll tækifæri. Öryggisbúnaðurinn er eins og hæfir þegar það dýrmætasta í lífinu er flutt milli staða.

**Fjölskylda þín á aðeins það besta skilið.**

**Verð 2.090.000 kr.**
**Trendline 1600 FSI® 115 hestöfl 6 gíra beinskiptur**

Aus Liebe zum Automobil

Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666
HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416

HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

**ÓKEYPIS ÍSETNING** Hljómtækjadeild ORMSSON er flutt í **Síðumúla 9**.



Pioneer DEH-1700R
• 4X45 W magnari • D4Q Digital RDS Móttakari • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangur • **Verð kr. 17.900.-**



Pioneer DEH-3700MP --- **MEÐ MP3 SPILARA**
• 4X45 W magnari • Spilar MP3 /WMA • Útvarp með RDS • FM / AM / LW • 18 stöðva minni • Laus framhlið • EEQ forstilltur tónjafnari • RCA útgangar • **Verð 23.900.-**

ALVÖRU GRÆJUR Í BÍLINN

ORMSSON
SMÁRALIND Sími 530-2900 | SÍÐUMÚLA 9 Sími 530-2800

Auglýsingastofa Guðrúnar Önnu